



Flugmálastjórn Íslands

# Flugslysaæfing



# Ísafjörður 2004





## Inngangur

Dagana 6. - 9. maí 2004 var haldin flugslysaæfingin ÍSAFJÖRÐUR-2004. Æfingin var liður í lotu flugslysaæfinga sem Flugmálastjórn Íslands hefur staðið fyrir í samstarfi við ráðgjafahóp viðbragðsaðila á sviði neyðarviðbúnaðar. Æfingarnar hafa verið haldnar á flestum áætlunarflugvöllum landsins við góðar undirtektir.

Markmið æfinganna kristallast í eftirfarandi atriðum:

- Sannreyna virkni flugslysaáætlunar
- tryggja fræðslu á sviði viðbúnaðar og viðbrögðum við hópslysum
- reyna á samstarf og samþættingu viðbragðsaðila
- draga fram lærdóm sem nýtast megi við frekari undirbúning vegna flugslysa eða annarra hópslysa.

Æfingar líkt og ÍSAFJÖRÐUR-2004 kalla á mikla vinnu fjölda aðila og hleypur beinn- og óbeinn kostnaður á milljónum króna. Hér er því um að ræða mikilsvert framlag fjölda aðila, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana sem miðar að því að tefla fram vel þjálfuðum og samhæfðum mannskap ef til stór áfalla kemur.

Skýrslu þessari er ætlað að draga saman helstu upplýsingar um undirbúning, framkvæmd og niðurstöður æfingarinnar. Rétt er að benda sérstaklega á kafla 4 þar sem teknar eru saman helstu tillögur til úrbóta.

Það er von þeirra sem unnu með heimamönnum að æfingunni að þessi lærdómur megi koma að gagni í áframhaldandi uppbyggingu viðbragðsmála í norðanverðum vestfjörðum.

Árni Birgisson  
æfingarstjóri



# KAFLI 1

## Undirbúningsvinna æfingarinnar

Undirbúningur æfingarinnar á Ísafirði var með þeim umfangsmeiri sem staðið hefur verið fyrir. Strax í febrúar var hafin vinna við endurskoðun flugslysaáætlunar flugvallarins. Óskað var eftir því að allir hluteigandi aðilar að áætluninni kæmu að endurskoðuninni. Áætlunin var sett upp samkvæmt verkþáttaskipulaginu SÁBF sem viðbragðsaðilar víða um land hafa tileinkað sér með góðum árangri, en skiplag þetta er hugsað til heildarskipulagningar neyðaraðgerða af hverjum toga. Flugslysaáætlunin hefur að geyma upplýsingar um heildarskipulag aðgerða vegna flugslysa, þar sem hlutverk þeirra sem hafa verkskyldum að gegna, eru skilgreind. Þá var við gerð áætlunarinnar gengið út frá því að hana mætti nota við önnur hópslys en bara flugslys.

Þriðjudaginn 10. febrúar var haldinn undirbúningsfundur þar sem óskað var eftir því að hver starfseining tilnefndi tengilið vegna undirbúnings æfingarinnar. Hlutverk þeirra var m.a. að miðla upplýsingum um gang undirbúningsins innan sinnar starfseiningar og stuðla að eigin undirbúningi starfseiningarinnar. Sigríður B. Guðjónsdóttir lögreglustjóri starfaði sem lykil tengiliður og hafði m.a. það hlutverk að stýra undirbúningsvinnunni fyrir vestan og annast tengsl við fulltrúa Flugmálastjórnar og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra sem sáum um heildar undirbúning æfingarinnar af hálfu svonefnds ráðgjafahóps vegna flugslysaæfinga. Þar er um að ræða hóp einstaklinga sem hefur unnið með heimamönnum að undirbúningi og framkvæmd þeirra flugslysaæfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár. Ráðgjafahópurinn skipa fulltrúar: Biskupsstofur, Flugmálastjórnar, Landlæknis, Landspítala háskóla sjúkrahús - Fossvogi, Lögreglunnar í Reykjavík, Neyðarlínu, Rannsóknanefndar flugslysa, Rauða kross Íslands, Ríkislögreglustjórans, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Slökkviliðs Akureyrar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Við undirbúning æfingarinnar var haldin ýmis fræðsla bæði af heimamönnum og utanaðkomandi. Dagana 26. - 30. apríl var haldið á Ísafirði vettvangsstjórnarnámskeið á vegum almannavarnadeildar Ríkislögreglustjórans. Slíkt námskeið mun bara einu sinni áður hafa verið haldið utan höfuðborgarsvæðisins.

Loka þáttur undirbúningsins fór svo fram dagana 6. - 9. maí, en þá mættu fulltrúar ráðgjafahópsins vestur til þess að vinna með heimamönnum að lokaundirbúning og samhæfingu. Dagskrá þessara daga byggðist upp á fræðsluerindum, störfum vinnuhópa, undirbúningi starfseininga og stöðufundum. Sjá nánar meðfylgjandi dagskrá.

Kl.	Fimmtudagur 6. maí	Föstudagur 7. maí	Laugardagur 8. maí	Sunnudagur 9. maí	
08:00 - 09:00	Undirbúningur fyrir Flugvallarslökkvilið og starfsm. Flugfélagsins, umsjá. SA	Undirbúningur starfseininga það hentar!!!	Vinna hópa og verkþátta	Vinnufundur hópa og verkþátta	
09:00 - 10:00					Matur
10:00 - 11:00		Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!	Æfing		
11:00 - 12:00					Vettvangurinn - samantekt - allir verkþættir Farið í gegnum heildarferli æfingarinnar og allt sett í samhengi (Verkþáttastjórnar og lykilmenn ásamt ráðgjöfum)
12:00 - 13:00		Matur	Frágangur		
13:00 - 14:00					Matur
14:00 - 15:00		Vinna hópa og verkþátta	Aðgerðarstjórn - samantekt Aðgerðarstjórn ásamt vettvangsstjóra fer yfir stöðu mála.	Sameiginlegur matur	
15:00 - 16:00					Stöðufundur
16:00 - 17:00		Setning	Fjarskipti - allir mæta	Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!	
17:00 - 18:00					Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!
18:00 - 19:00		Fjarskipti - allir mæta	Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!		
19:00 - 20:00				Stöðufundur	
20:00 - 21:00		Stöðufundur	Stöðufundur		
21:00 - 22:00				Stöðufundur	
22:00 - 23:00		Stöðufundur	Stöðufundur		

Myndaðir voru vinnuhópar til að vinna að undirbúningi ákv. verkefna og verkþátta. Umfang vinnuhópanna var mjög misjafnt, þannig gat einn og sami maðurinn verið í fleiri en einum vinnuhóp. Vinnuhóparnir reyndust mikilvægur vettvangur til að samhæfa störf, margra viðbragðsaðila, á ákveðnu

sviði. Vinnuhóparnir voru af tvennum toga, annars vegar vegna bakskipulags (það að búa til slysið) og hins vegar lausnar (undirbúningur viðbragðsaðila):

- |                                                       |   |                            |
|-------------------------------------------------------|---|----------------------------|
| 1. Skipulag og uppsetning vettvangs.                  | } | Bakskipulag                |
| 2. Leikarar (sjúklingar, aðstandendur og fjölmiðlar). |   |                            |
| 3. Keyrslustjórn (handrit af framkvæmd æfingarinnar). |   |                            |
| 4. Vettvangsstjórn.                                   | } | Lausnarmál, vettvangur     |
| 5. Leit og björgun.                                   |   |                            |
| 6. Sjúkra- og fjöldahjálp.                            |   |                            |
| 7. Gæslustörf.                                        |   |                            |
| 8. Flutningar.                                        |   |                            |
| 9. Aðgerðastjórn.                                     | } | Lausnarmál, aðgerðarumdæmi |
| 10. Heilbrigðisþjónusta.                              |   |                            |
| 11. Áfallahjálp / sál gæsla.                          |   |                            |
| 12. Fjöldahjálp.                                      |   |                            |
| 13. Rannsókn og skráning.                             |   |                            |
| 14. Fjölmiðlar.                                       |   |                            |
| 15. Fjarskipti.                                       |   |                            |
| 16. Flugvöllur.                                       |   |                            |
| 17. Samhæfing.                                        |   |                            |

# KAFLI 2

## Þátttaka í æfingunni

Undirbúningur og framkvæmd æfingar líkt og þeirrar sem hér um ræðir kallar á vinnu fjölda einstaklinga. Ekki nóg með að það þurfi mannskap til þess að "leysa vandamálið" (flugslysið), heldur þarf líka mannskap til þess að "búa til vandamálið". Þannig má í raun segja að þátttakendur í æfingunni hafi verið að tvennum toga: þeir sem settu upp og léku vandamálið og þeir sem að leystu vandamálið. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum var heildarþátttaka í æfingunni 315 einstaklingar, sem eru álíka margir og skráðir eru til heimilis á Þingeyri. Þar af voru um 277 heimamenn (vestfirðingar) og 38 aðkomumenn. Heildarfjöldi viðbragðsaðila sem vann að "lausn vandans" voru um 205.

*Sjá nánar lista yfir þátttakendur.*

### Þátttakendur í æfingunni í SAFJÖRÐUR-2004

#### Lausnaraðilar fyrir vestan

Lögreglan á Ísafirði	12
Lögreglan í Bolungarvík	1
Slökkvilið Ísafjarðar	35
Sjúkrahúsið á Ísafirði	65
Flugmálastjórn Ísafirði	3
Flugfélag Íslands	1
Björgunarsveitir	53
Rauða kross deildir	17
Kirkjan	3
Höfnin / Lóðs	3
Aðgerðastjórn	12
<b>Samtals</b>	<b>205</b>

<b>Samhæfingarstöð í RVK</b>	<b>14</b>
------------------------------	-----------

<b>Leikarar</b>	<b>72</b>
-----------------	-----------

<b>Ráðgjafahópurinn (SASON)</b>	<b>24</b>
---------------------------------	-----------

<b>Heildar þátttaka</b>	<b>315</b>
-------------------------	------------

# KAFLI 3

## Almennt um framgang æfingarinnar

Fyrirkomulag æfingarinnar var með þeim hætti að "allir máttu vita allt". Þannig var æfingin ekki hugsuð sem úttekt eða próf, þar sem búið væri til slys sem enginn fengi að vita neitt um þar til á hólminn væri komið. Æfingin var fremur hugsuð sem heildstætt þjálfunarferli þar sem viðbrögð starfseininga væru vandlega samhæfði og undirbúin, með hliðsjón af tilteknum aðstæðum. Ein af ástæðum þess að þetta var gert með þessum hætti er að auðveldara að kafa dýpra ofan í samvinnu og samhæfingarmál viðbragðsaðila, enda má með sanni segja að það sé þungamiðja velheppnaðra aðgerða ef það tekst að samhæfa störf fjölda ólíkra viðbragðseininga.

### Handrit – Ísafjörður 2004

Kl. 12:00 tikynnir flugturninn á Ísafjarðarflugvelli um flugslys. Cessna sem var í local flugi við Ísafjörð og Fokker 50 vél sem var að koma inn til landingar á braut 26, rákust saman með þeim afleiðingum að Cessnan hrapaði í sjóinn en fokkerinn náði inn á braut 26 og brotlenti þar. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta og dreifðist um brautarendann og nágrenni. Eldar loga. Cessnan hrapaði í sjóinn úti fyrir brautinni. Hluti farþeganna kemst í björgunarbát.

Staðsetning Fokker: Á brautarendanum 26, fjær flugstöð.  
Staðsetning Cessna: Í sjó í nágrenni flugvallar. Ekki verður gert ráð fyrir köfnum.

Um borð í Fokkernum voru 55 manns  
Um borð í Cessnuni voru 5 manns

Áverkarskipting sjúklinganna er ca: 10 látnir, 15 rauðir, 15 gulir og 15 grænir

Við undirbúning æfingarinnar var slysstaðurinn skipulagður skv. neðangreindri mynd.





Æfingin hófst svo með þeim hætti að þegar allt var tilbúið á vettvangi voru eldar kveiktir. Til þess að tryggja að nægilegur hiti næðist í eldverkefningunni var starfsmanni í flugturni gert að bíða með virkjun, þar til að "grænt ljós" var gefið frá æfingarstjórninni og frá þeim tíma hófst æfingin.

Boðun viðbragðsaðila var unnin skv. 4 kafla flugslysáætlunar Ísafjarðarflugvallar. Sumir viðbragðsaðilar voru heimavið eða fjarri sínum bækistöðvum og mættu líkt og um raunverulegt tilfelli væri að ræða. Aðrir viðbragðsaðilar kusu að vera í sínum bækistöðvum þegar að kallið kom, en var gert að bíða áætlaðan viðbragðstíma áður en haldið var á vettvang. Með þeim hætti ætti innkoma viðbragðsaðila að hafa verið með sem raunhæfustum hætti.

Æfingunni var slitið þegar að allir höfðu verið fluttir af vettvangi og störf í fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda var lokið og / eða vel á veg komin.

Það er óhætt að segja að á heildina litið hafi æfingin gengið mjög vel og ánægjulegt að sjá góða og áhugasama þátttöku frá hinum ýmsu viðbragðseiningum. Að öðru leiti er vísað í kafla 4 um niðurstöður æfingarinnar.

### Atburðaskráning

12:09:20		Boðun leyfð
12:09:34	00:00:14	Flugvallarslökkvilið úr húsi
12:11:19	00:01:59	Slökkvistörf hefjast
12:17:22	00:08:02	Fyrsti lögreglubíll á vettvang (vettvangsstjóri í bílnum)
12:18:00	00:08:40	Aðgerðarstjórn tekin til starfa
12:20:00	00:10:40	Neyðarnefnd RKÍ tekur til starfa
12:20:49	00:11:29	Tveir bæjarslökkvibílar og sjúkrabíll á vettvang
12:21:00	00:11	Gunnar Friðriksson tekur að sér vettvangsstjórn á sjó
12:26:00	00:16	Fyrsti björgunarsveitabíll á vettvang
12:31:00	00:21	Uppsetning á SSS hefst
12:35:00	00:25	Fjöldahjálpastöð opnuð
12:38:00	00:28	Fyrsti sjúklingur fluttur frá slysstað
12:43:00	00:33	Fyrsti sjúklingur kemur á SSS
12:50:00	00:40	Vettvangsstjóri tekur til starfa í turni
13:00:00	00:50	Söfnunarsvæði látinna tilbúið
13:47:00	01:37	Fyrsti sjúklingur í sjúkraflug
14:05:00	01:47	Síðasti sjúklingur fluttur frá slysstað
15:02:00	02:52	Fyrsta fórnarlamb kemur í fjöldahjálpastöð
15:08:00	02:58	Aðgerðum á sjó lokið
15:10:00	03:00	Öllum störfum (nema rannsókn og talning) lokið á vettvangi
15:30:00	03:20	Starfsemi hætt á sjúkrahúsi
15:54:00	03:44	Fjöldahjálparstöð líkur störfum
16:06:00	03:56	Rannsóknardeild lögreglu líkur störfum
17:00:00	04:50	Talning gengin upp, samhæfingarstöð í Rvk tekur að sér að finna hverjir voru komnir til Rvk

# KAFLI 4

## Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta.

Í kafla 5 er að finna skýrslur frá helstu starfshópum sem unnu að undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar. Skýrslurnar eru unnar af fulltrúum ráðgjafahópsins (SASON) og heimamönnum. Í viðauka skýrslunnar er að finna fundargerð rýnifundar sem haldinn var í kjölfar æfingarinnar.

Rétt er að menn hafi það í huga að þegar dregin er lærdómur af æfingum skiptir mjög miklu máli að menn geri sér grein fyrir því á hverju lærdómurinn (góður eða slæmur) byggist. Er það vegna æfingarlegs atriðis, sem ekki myndi gerast í raunveruleikanum dæmi: sjúklingur sýndi ekki rétt einkenni við tilteknum áverkka; eða eru þau framkvæmdarlegum / raunverulegum toga, sem allt eins gæti gerst í raunveruleikanum, dæmi: fjarskipti frá vettvangsstjóra til söfnunarsvæðis slasaðra voru ófullnægjandi. Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum atriðum þegar menn hyggjast nýta lærdóminn til frekari vinnslu, svo sem við gerð eða endurskoðun flugslysaáætlunar eða verkskipulags einstakra starfseininga.

### Helstu athugasemdir og/eða tillögur til úrbóta:

Þessar athugasemdir og/eða tillögur til úrbóta eru dregnar úr skýrslum ráðgjafa og lausnaraðila (sjá kafla 5).

Nafn/eining	Tillögur til úrbóta
Vigdís Agnarsdóttir Leikarar/Sjálfbodaðaliðar	Ekki er heppilegt að hafa sjúklingamiðstöð í sama húsnæði og neyðarnefnd Rauða krossins, eða yfir höfuð á sama stað og önnur vinna vegna æfingar fer fram. Þetta uppgötvaðist ekki fyrir en á síðustu stundu og ekki hægt að breyta því fyrir æfingu.
Víðir Reynisson Aðgerðarstjórn	Talsvert skvaldur var á meðan æfing stóð og er það atriði sem auðvelt á að vera að laga með inngrípum stjórnenda.
Víðir Reynisson Aðgerðarstjórn	Búnaður í stjórnstöðinni er góður en huga þarf t.d. að TETRA stöð vegna aðgerða í jarðgöngunum.
Víðir Reynisson Aðgerðarstjórn	Skjávarpur var notaður og kom að miklu gagni en varpinn er ekki fastur búnaður í stjórnstöðinni og því þarf að tryggja aðgang að honum á öllum tímum.
Víðir Reynisson Aðgerðarstjórn	Huga þarf að því að þeir sem skipi aðgerðastjórn geti tekið að sér hin ólíku verkefni sem þar eru unnin.
Sigríður B. Guðjónsdóttir Aðgerðarstjóri Lausnaraðili	<b>Undirbúningur og æfing flugslysaáætlunar</b> Aðgerðastjóri fylgdist ekki með undirbúningi flugslysaáætlunar hjá sjálfum starfseiningunum. Mikil stemning hefur greinilega myndast innan flugslysaáætlunar og fór töluvert þúður í innra starf og samskipti hópsins sjálfs – bæði á undirbúningsstigi og eftir æfinguna. Það hamlaði þó ekki samstarfinu, en aðgerðastjóri hefði viljað fá meiri gagnrýni og umræður frá hópnum upp á yfirborðið en ekki að mikilvæg atriði í undirbúningi og við æfinguna sjálfa væru einungis rædd innan flugslysaáætlunar. Þá virtist skipulag sálægslu og hlutverk prests ekki óumdeilt innan hópsins og hefði verið gott að fá skýrari línur um þann þátt.  Sá þáttur æfingar er laut að björgun að sjó reyndist of umfangsmikill og eftir á að tryggja hefði verið heppilegra að halda fast við upphaflegu áætlunina í stað þess að láta undan þrýstingi heimamanna um að auka þátt sjóbjörgunar til að tryggja þátttöku allra viðbragðsaðila.

Sigríður B. Guðjónsdóttir Aðgerðarstjóri Lausnaraðili	<b>Undirbúningur og æfing heimamanna</b> Of margir aðilar komu frá sams konar starfseiningum heimamanna, þ.e. of margar björgunarsveitir sérstaklega en einnig slökkvilið. Yfirstjórn björgunarsveita í héraði var ekki nægilega virk í undirbúningi og erfitt reyndist að fá upplýsingar um til dæmis fjölda þátttakenda frá björgunarsveitum og töluverð vinna fólgin í að kalla menn saman til funda og fræðslu. Þetta ætti í raun réttari að vera í höndum svæðisstjórnar en spenna á milli björgunarsveita hamlaði nokkuð undirbúningi æfingarinnar.
Sigríður B. Guðjónsdóttir Aðgerðarstjóri Lausnaraðili	<b>Framkvæmd/úrlausn starfsaðila</b> Þar sem vettvangur á sjó reyndist of umfangsmikill, vantaði sárlega 20-30 björgunarsveitamenn til að aðstoða aðhlyningarstjóra. Fjarskiptabáttur vettvangsstjóra var í ólagi, sem gerði það að verkum að upplýsingastreymi frá vettvangsstjóra var mjög ábótavant. Tölur um fjölda og staðsetningu fórnarlamba komu seint og illa. Þegar aðgerðastjóri fór á vettvang, kom í ljós að mikið misræmi var á milli aðstæðna á vettvangi – þar sem aðgerðum var í raun öllum lokið og þeirra upplýsinga sem aðgerðastjórn hafði fengið, en af þeim mátti skilja að starfsemi á vettvangi væri enn í fullum gangi.
Sigríður B. Guðjónsdóttir Aðgerðarstjóri Lausnaraðili	<b>Samstarf/samvinna starfseininga</b> Samvinna flutningastjóra við vettvangsstjóra og björgunarsveitarmenn hefði mátt vera betra þar sem einstök flutningstæki voru ekki nýtt þegar þeirra var þörf. Það hefði mátt virkja þessar starfseiningar betur.
Sigríður B. Guðjónsdóttir Aðgerðarstjóri Lausnaraðili	<b>Innra starf starfseiningar/verkbáttar</b> Í aðgerðastjórn hefði þurft að halda stöðufundi. Of mikill tími fór í gesti, en við aðgerðastjórn sjálfa er þar að sakast – það hefði mátt veita gestum minni athygli og tíma. Þá hefði þurft að endurmeta aðgerðir þegar búið var að ýta öllum ferlum af stað. Það hefði og átt að senda eina fréttatilkynningu í lok æfingarinnar.
Sigríður B. Guðjónsdóttir Aðgerðarstjóri Lausnaraðili	<b>Úrlausn tæknilegra/faglegra atriða</b> Í ljós kom að þrátt fyrir töluverða yfirlegu yfir fjarskiptamálum, reyndist vera of mikið álag á einstökum rásum í fjarskiptabúnaði. Þá var slæmt að reyna ekki Tetra-kerfið þrátt fyrir að einungis lögregla og slökkvilið séu með slíkan búnað á þessu stigi. Til þessa hafa fjarskipti ekki mikið farið fram á milli þessara aðila með nýja Tetra-búnaðinum. Í raunverulegu flugslysi þar sem menn hefðu lítinn tíma til tæknilegs undirbúnings, væri þáttur Tetra sennilega umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir í æfingunni og því hefði verið gott að láta reyna á kosti og galla þess við æfingu. Ef áform um vettvangsstjórabíl ganga eftir, gæti það auðveldað fjarskiptin og aukið öryggi.
Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Þegar lögreglan kemur á vettvang er nauðsynlegt að byrja á því að reyna að “loka” slysstað með því að afmarka hann með lokunarborðum ef hægt er. Þegar “lokun” er komin á er hægt að fara að sinna öðrum verkefnum. Það ríkir hvort eð er ringulreið og stjórnleysi á slysstað til að byrja með og því er vonlítið að reyna að eiga við óviðkomandi fólk fyrr en búið er að afmarka staðinn. Til að minnka líkurnar á því að óviðkomandi fólk komist inn á flugvöllinn þarf að reyna að loka honum betur af með traustari girðingum og hliðum auk þess sem flugvallarstarfsmenn þurfa að hindra fólk í því að fara út úr flugstöðvarbyggingunni með öllum tiltækum ráðum.
Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Lögreglan er of faliðuð til þess að geta séð alfarið um gæsluverkbáttinn í svona umfangsmiklum aðgerðum og því þarf að koma til viðbótarmannskapur frá björgunarsveitum ef vel á að vera.
Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Fjölga þarf talstöðvum (handstöðvum) svo að sem flestir og helst allir geti verið í fjarskiptasambandi sín á milli.

Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Sjá verður til þess að allur mannskapur sé nýttur og honum skipt milli verkþátta og starfssvæða eftir þörfum hverju sinni. Þegar menn hafa lokið björgunarstörfum á slysstað væri til dæmis hægt að nýta björgunarmenn til annarra starfa sem er ólokið, þar með talið gæslustarfa ef þörf er á
Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Það á ekki að hreyfa til lík eða flytja þau af slysstað fyrr en lögreglan gefur leyfi til þess auk þess sem flutningur á slösuðu fólki gengur að sjálfsögðu fyrir enda liggur ekkert á að flytja látna af staðnum. Þetta er mjög mikilvægt vegna rannsóknar málsins. Ef það reynist af einhverjum ástæðum bráðnauðsynlegt að hreyfa lík úr stað eða jafnvel af staðnum þá væri mjög gott ef hægt væri að reyna að merkja staðinn þar sem líkið lá með einhverjum hætti. Slíkt myndi vera mjög hjálplegt fyrir þá sem sjá um rannsókn slyssins.
Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Það þarf að sjá til þess að lögreglan verði látin vita ef einhverjir “deyja” á söfnunarsvæði slasaðra þannig að tryggt sé að líkin verði skoðuð, skráð og flutt á söfnunarsvæði látinna með viðeigandi hætti. Einnig þarf að láta brúður taka við hlutverki hinna slösuðu eftir að þeir “deyja” þannig að leikararnir þurfi ekki að liggja og bíða í geymslu fyrir látna lengi.
Stefán Alfreðsson Ráðgjafi Lögreglan - Gæsla	Tryggja þarf að sem mestar upplýsingar um látna fylgi þeim frá slysstað og að söfnunarsvæði látinna svo að skráning og rannsókn sé sem nákvæmust. Mikilvægt er að menn sýni látnum fulla virðingu og meðhöndli lík í samræmi við það jafnvel þó að um æfingu sé að ræða. Allir þurfa að taka hlutverk sitt alvarlega á æfingum sem þessum hvort sem menn eru að flytja “lík” eða annað því að það býr menn best undir það að þurfa að takast á við raunveruleikann.
Þorkell L. Þorkelsson, Lögreglumaður nr. 9610.	Talað var um það að björgunarlið og slökkvilið hefðu verið tilbúnar í bílunum á stöðinni þegar útkallið kemur. Því myndaðist strax “kraðak” á vettvangi og lögreglumenn náðu ekki tókum á því fyrr en töluvert seinna.
Þorkell L. Þorkelsson, Lögreglumaður nr. 9610.	Lögreglumenn voru mjög ósáttir við að aðstandendur komust út af flugstöðinni og inn á flugvöll. Starfsmenn flugvallarins höfðu ekki nein tók á fólkinu sem var þar inni og komst síðan út. Lögreglumenn töfðust síðan við það að eltast við þetta fólk.
Þorkell L. Þorkelsson, Lögreglumaður nr. 9610.	Óánægja var með það að þyrlan var að “rúnta” um vettvanginn, þarna voru menn og farartæki á sveimi, hættulegt. Tekið var á móti þyrlunni á ákveðnum stað, en samt fór hún af þeim stað og fór á “rúntinn” fyrir framan flugturninn. Flugmenn Landhelgisgæslunnar fylgja ströngu kerfi varðandi þyrluna en fóru ekki eftir neinu kerfi á vettvangi.
Þorkell L. Þorkelsson, Lögreglumaður nr. 9610.	Gríðarlegt álag var á verkþáttarstjórum.
Þorkell L. Þorkelsson, Lögreglumaður nr. 9610.	Fjarskipti voru ekki í góðu lagi á vettvangi, björgunarsveitarmenn voru ekki á réttum rásum. Vettvangsstjóri hefði átt að reka þá af rás vettvangsstjóra (5). T.d. Var þyrlan að nota þessa rás til að ná sambandi við björgunaraðila.
Þorkell L. Þorkelsson, Lögreglumaður nr. 9610.	Athugasvert að ekki var formleg afhending á vettvanginum til viðkomandi aðila, t.d. rannsóknarlögreglumanna.
Jón Friðrik Jóhannsson Ráðgjafi Slökkvilið	Hvað varðar athugasemdir vegna undirbúnings eða æfingarlegs eðlis þá er fátt sem kemur upp í hugann. Það er þá helst að Brunamálaskólinn var með námskeið fyrir slökkvilið Bolungarvíkur á sama tíma og æfingin og undirbúningur hennar var í gangi. Það sást meðal annars á því að kennarar skólans komu á æfinguna til að fylgjast með en voru ekki merktir sem slíkir og það truflaði.

<p>Jón Friðrik Jóhannsson Ráðgjafi Slökkvilið</p>	<p>Ef við förum síðan yfir nokkur atriði sem okkur fannst betur mætti fara þá er þar hellst að nefna talstöðvarsamskipti eins og venjulega, en eins og fram hefur komið var það leyst að nokkru leiti strax eftir fyrstu upphafsmínúturnar. Nánar hlýtur að vera fjallað um þau mál í skýrslu fjarskiptahóps. Þá er einnig hægt að tala um lokanir á svæðinu á fyrstu mínúturnum sem hefðu mátt koma fyrir, en var leyst mjög vel þegar líða tók á æfinguna. Þá hef ég áður minnst á flutningastjóra, sem hefði komið betur út ef um starfsmann frá slökkviliðinu hefði verið að ræða. Þannig ætti það að vera á öllum þeim stöðum þar sem slökkvilið sér um sjúkraflutninga einnig. Á fyrstu mínútum þurfa björgunarstjóri og flutningastjóri að vinna mjög náið saman og vera í góðu sambandi síðan eru það flutningar frá söfnunarsvæði slasaðra sem hefst fljótlega þar á eftir sem krefst jafnvel aðstoðarmanns flutningastjóra. Það kom líka í ljós að þrátt fyrir beðnir frá björgunarstjóra til vettvangsstjórnar um fleiri björgunarsveitarmenn á staðinn virtist það ekki hafa skilað sér fyrir en í annarri tilraun. Á hitt er að líta að sjaldan virtist vera almennur skortur á hjálparliði á slyssað sem orsakaði eflaust það að slökkvilið Súðavíkur gleymdist og sat alla æfinguna verkefnalaus á biðsvæði hjálparliðs og gafst á endanum upp á biðinni og hélt heim.</p>
<p>Jón Friðrik Jóhannsson Ráðgjafi Slökkvilið</p>	<p>Líkt og á fyrri æfingum komu upp vangaveltur hjá okkur þegar ljóst var að langan tíma tæki að klippa slasað fólk úr flakinu hvort Björgunarstjóri hefði ekki átt að kalla sérhæfða læknaaðstoð aftur á staðinn til aðhlyningar. Við heyrðum aldrei hvort þess var óskað. Það er þó ljóst að þarna voru mikið slasaðir einstaklingar og í svona stöðu getur verið erfitt að forgangsraða.</p>
<p>Heilsugæsla og Fjórðungs- sjúkrahúsið á Ísafirði Lausnaraðilar</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skráning bjarga inn á svæði ábótavant.</li> <li>• Æfa þarf betur notkun skráningarblaða.</li> <li>• Nýju greiningablöðin mjög óhandhæg, sér í lagi þar sem þau eru samanbrotin og þarf að troða þeim niður í plastöskju. Óþjál fyrir fólk á “gæslusvæði” þar sem þau sýna ekki á einum stað hvað að sé og “flæði” yfir það sem gert hefur verið.</li> <li>• Bæta þarf boðunarkerfi heilbrigðisstarfsfólks.</li> <li>• Yfirfara og endurbæta gátlista.</li> <li>• Uppfæra lyfjatösku.</li> <li>• Tryggja aðkomu hjálparveitamanna inn á SSS.</li> <li>• Sjá til þess að alltaf sé möguleiku á flutningi slasaðra frá SSS á sjúkrahús.</li> <li>• Gera birgðastjóra ábyrgan fyrir búnaði og lyfjum á SSS.</li> <li>• Æfa fjarskipti.</li> <li>• Upplýsa fólk á símvakt nánar um ferli og hvert beina eigi fyrirspurnum, sem koma utan úr bæ.</li> <li>• Auka samskipti og samstarf starfsmanna í heilbrigðisþjónustu annars vegar og hjálparveitarmanna hins vegar.</li> </ul>

Bára Benediktsdóttir Landspítali háskólasjúkrahús.	Vakthafandi læknir lét sjúkraflutningamenn um bráðaflokkun á vettvangi en var sjálfur á SSS, spurning um stjórnun á bráðaflokkun á vettvangi.
Bára Benediktsdóttir Landspítali háskólasjúkrahús.	FSÍ var undirmannað eftir að hafa sent starfsfólk sitt á slysstað og vegna anna þar var erfitt að losa það og senda til baka.
Bára Benediktsdóttir Landspítali háskólasjúkrahús.	Skráning gekk illa og þarf að finna skilvirkara kerfi sem tekur ekki eins langan tíma
Bára Benediktsdóttir Landspítali háskólasjúkrahús.	Fyrstu sjúklingar sem komu á spítalann voru ekki í fylgd heilbrigðisstarfsmanns.
Bára Benediktsdóttir Landspítali háskólasjúkrahús.	Það gleymdist að gera starfsfólki skiptiborða FSÍ grein fyrir þeirra hlutverki.
Bára Benediktsdóttir Landspítali háskólasjúkrahús.	Nauðsynlegt er að hafa birgðastjóra á SSS til þess að auðvelda öðrum vinnuna.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Margir heimamanna töluðu um að gott hefði verið að fá undirbúning og fræðslu fyrir en raun varð. Ráðgjafar buðu heilbrigðisstofnun og Rauða krossi upp á fræðslu um sálræna skyndihjálpar, áfallaviðbrögð og viðrun.mánuði fyrir æfingu en eingöngu Rauða kross deildin þáði boðið. Ljóst er að ráðgjafar áfallahjálpar/sálgæslu ættu að boða til fræðslufundar mánuði fyrir æfingu hvort sem einstakar stofnanir þiggja það eða ekki þar sem skortur á fræðslu á þessu sviði er til umræðu á hverri æfingu. Þó þarf að leysa þann þátt er varðar kostnað við fræðsluna. Tilboðið hefði einnig átt að ganga til fleiri t.d. presta löggæslu og björgunarsveitunum. Boðið var upp á fræðslu um áfallahjálpar daginn fyrir æfingu og var mæting mjög dræm. Skrifast það á ráðgjafa að koma betur til skila upplýsingum um fræðslu.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Prestar gerðu miklar athugasemdir við upplýsingagjöf til aðstandenda á æfingunni. Aðstandendum var vísað í síma á marga aðila og fengu fá svör. Miðlun réttra upplýsinga getur slegið á ótta aðstandenda og því kom sú hugmynd kom að birta upplýsingar svo fljótt sem kostur er á vefsíðu t.d. Rauða krossins svo aðstandendur séu ekki að fá upplýsingar beint frá fjölmiðlum þar sem þær oft birtast fyrst.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Húsnæðið sem notað var undir SSA var óhentugt. Það var loftlaust og það vantaði sárlega auka herbergi til að sinna einstaklingum sérstaklega. Líklega er betra að hafa SSA á sama stað og Fjöldahjálparstöðin. Afþreyingu vantaði s.s. pappír og liti, myndbönd og spil.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Líklega var ofmetið að í byrjun yrði álagið mikið á Fjöldahjálparstöðina því í byrjun var mikið álag á SSA á þeim fáu sem tóku á móti „aðstandendum“. Gera má ráð fyrir að mesta álagið verði á SSA í byrjun á meðan mesta óvissan ríkir með tilheyrandi álagi á aðstandendur. Þarf því að manna svæðið með þessa staðreynd í huga.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Fjöldahjálparstjórar voru ekki alveg vissir um hvert hlutverk prestanna átti að vera inn á SSA. Það olli engum vandræðum og nærvera prestanna var vel þegin.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Mistök voru gerð varðandi skipulag boðleiða frá prestum og skrifast það á ráðgjafa. Skrifast var í æfinguna, kvöldið fyrir, að prestur yrði í samræmingarstöð sem svaraði beiðnum beint frá prestum á Ísafirði. Prestar eru ekki hluti af áhöfn samræmingarstöðvar og var hlutverk presta leikið á Ísafirði af aðila æfingarinnar. Hér þarf að skoða tvö atriði: <b>1. Beiðnir heimamanna verða alltaf að fara í gegnum aðgerðarstjórn heimamanna og þaðan til samræmingarstöðvar í Skógarhlíð.</b> <b>2. Eftir að samræmingarstöð var flutt í Skógarhlíð hefur orðið breyting varðandi presta:</b>

Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Útkallskerfi presta er ekki eins og annarra starfseininga, þ.e. að þeir hafa hlutverk á mörgum stöðum s.s. á sjúkrahúsum, í fjöldahjálparstöðvum og í skipulagi lögreglu. Eina beina aðkoma presta að skipulagi almannavarna er í stórútköllum og æfingum þegar æfð eru viðbrögð í stjórnstöð landsskrifstofu RKÍ, en prestar eru hluti af stuðningsaðilum landsskrifstofunnar. Í þessum tilfellum eru héraðsprestar kallaðir til aðstoðar varðandi upplýsingagjöf til aðstandenda og samskipti við aðra presta.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Mikilvægt er að ljúka vinnu við skipulag vinnu presta á landsvísu og aðlaga því skipulagi sem fyrir er og tryggja með því auðveldari samskipti og samvinnu við aðrar starfseiningar í aðgerðum. Hópslysanefnd kirkjunnar vinnur nú að endurskipulagningu á viðbragðakerfi presta en það þarf síðan að skoða undir stjórn almannavarnardeildar ríkislögreglustjórans. Það breytir því ekki að prestar geta eftir sem áður leitað faglegra ráða hver hjá öðrum á æfingum og í útköllum án þess að það fari í gegnum aðgerðarstjórn eða samhæfingarstöð svo framalega sem það varðar ekki stjórnun aðgerða.
Margrét Blöndal Áfallahjálpar/sálgæsla	Mikilvægt er í framtíðinni að ráðgjafar ræði allt æfingaplán við æfingastjórn tímanlega fyrir æfingu svo þetta gerist ekki aftur.
Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálpar Rauða kross Íslands / aðstandendur	<b>Þátttaka deildarfólks</b> Æfing sem þessi leiðir til aukinnar vitundar allra viðbragðsaðila á hlutverki þeirra og mannaflapörf lykilstöður sem og verkefnum og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Það hefði mátt hefði mátt vera meiri þátttaka frá nágrannadeildum sem auk Ísafjarðardeildar hafa hlutverki að gegna í séráætluninni fyrir Ísafjarðarflugvöll og yrðu kallaðar til starfa í neyðaraðgerðum. ➤ <b>Deildarfólk hefði mátt hefja undirbúning sinn fyrr, þ.e. deildir að halda sameiginlegan fund vegna væntanlegrar æfingar.</b>
Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálpar Rauða kross Íslands / aðstandendur	<b>Söfnunarsvæði aðstandenda</b> Einnig er líklegt að þetta sé þjálfunarlegs eðlis. ➤ <b>Ijúka við verkþáttaskipurit SÁBF fyrir fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda).</b> ➤ <b>Bæta við fræðslu í starfsháttum á SSA á fjöldahjálparstjórnanámskeiðum</b>
Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálpar Rauða kross Íslands / aðstandendur	<b>Fjarskipti, talstöðvar</b> Svo virðist sem aðgerðastjórn hafi ekki haft vitneskju um að Ísafjarðardeild ætti talstöðvar og því var ekki gert ráð fyrir fjöldahjálparstöð á fjarskiptaplani aðgerðastjórnar og því reyndi ekkert á talstöðvasamskipti hjá neyðarnefnd í æfingunni. ➤ <b>Halda mætti talstöðvaæfingu allra viðbragðsaðila á Ísafirði</b>
Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálpar Rauða kross Íslands / aðstandendur	<b>Fjöldahjálparstjórn</b> (staðsett í fjöldahjálparstöð) Í upphafi var aðeins einn maður í stjórnstöð og þegar líða tók á aðgerð fékk hann sér aðstoðarmann til að snúast innan fjöldahjálparstöðvar og aðstoða í stjórnstöð. ➤ <b>Aldrei ættu að vera færri en tveir í stjórnstöð fjöldahjálparstjórnar</b>
Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálpar Rauða kross Íslands / aðstandendur	<b>Undirmönnun</b> Það var greinileg undirmönnun á öllum póstum á æfingunni. Skipulagið gerir ráð fyrir að fólk mæti í húsnæði deildar ( þar sem söfnunarsvæði aðstandenda var staðsett) og nái í lykili af fjöldahjálparstöð og fari síðan þangað. Því varð einn aðili eftir á SSA og opnaði upplýsingasíma, en aðrir fóru í fjöldahjálpastöð og á flugvöll. Ljóst er að mikið álag er strax í upphafi á SSA þar sem aðstandendur bæði mæta á staðinn og hringja í upplýsingasímanúmer sem er auglýst. ➤ <b>Strax í upphafi ætti að gera ráð fyrir fleirum í umönnun á SSA</b>

<p>Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálparauða kross Íslands / aðstandendur</p>	<p><b>Söfnunarsvæði aðstandenda</b> Skerpa hefði mátt á stjórnuninni og hlutverkum þeirra sem unnu inn á SSA. Að hluta til má skýra þá óreiðu sem var í byrjun með undirmönnun og gríðarlegu álagi. Einn aðili hefði mátt vera meira afgerandi stjórnandi sem hefði haft heildaryfirsýn yfir starfið og þær þarfir sem fram komu. Það þreytir þá sem eru í aðhlyningunni að þurfa að huga að öllu í senn og eins er gott að einhver einni geti skipt fólki út og yfir í önnur störf til að hvíla það. Stjórnandi var fastur í símsvörun og hefði þurft aðstoðarmann. Óhentugt var að hafa í gangi 2 síma á tveimur skrifstofum, þrátt fyrir að þær hafi legið saman. Mikið var rætt um loftleysi á söfnunarsvæði aðstandenda. ➤ <b>Endurskoða húnæði fyrir söfnunarsvæði aðstandenda</b></p>
<p>Herdís Sigurjónsdóttir Ráðgjafi Fjöldahjálparauða kross Íslands / aðstandendur</p>	<p><b>Skráningar/upplýsingagjöf</b> Upplýsingar um fórnarlömb bárust seint sem olli óróa í kerfinu. ➤ <b>Mikilvægt að hafa miðlæga úrvinnslu skráningar (helst utan héraðs) sem hægt er að leita til vegna aðstandenda sem eru að leita að upplýsingum um fórnarlömb bæði á söfnunarsvæði aðstandenda og í upplýsingasíma.</b></p>
<p>Magnús Erlendsson Lausnaraðili Sóknarprestur</p>	<p>Það kom fram á rýnifundinum í máli Víðis, sem var í yfirstjórn æfingarinnar, að það hefði tekið þá tæpar fimm klukkustundir að gera upp alla nafnalista og fá þetta til að stemma og sjá út hvert hver og einn var fluttur. Víðir upplýsti ennfremur að tala látinna hefði reynst 15 þegar upp var staðið.  Mín tillaga til úrbóta er einfaldlega þessi: Slösuðum er safnað saman á tilteknum stað nærri slyssaðnum og þeir merktir grænir, gulir eða rauðir eftir því hversu mikið slasað fólkið er. Síðan er þeir fluttir burt svo fljótt sem kostur er. Ég legg því til að þegar fólk er skráð út af græna, gula eða rauða svæðinu þá sé þeim upplýsingum komið áfram til Rauða krossins. Þá gæti Rauði krossinn sagt aðstandendum að þeirra ástvinur hefði verið fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði eða suður. Sérstaklega ætti þetta við um þá, sem eru á græna söfnunarsvæðinu.</p>
<p>Magnús Erlendsson Lausnaraðili Sóknarprestur</p>	<p>Ég er ennfremur á því að tölur um fjölda slasaðra á söfnunarsvæðunum ætti að birta svo fljótt sem kostur er á vefsíðu Rauða krossins eða öðrum stað. Þetta segi ég vengja þess að almenningur og fjölmiðlar byrja strax að flyta fréttir. Ekki er víst að þau boð séu mjög nákvæm, - gætu jafnvel verið misvísandi, sérstaklega þegar viðtöl við sjónarvotta verða send út.</p>
<p>Steinar Steinarsson Skráning</p>	<p>Skráning skjólstaðinga í hópslysi er stór þáttur í úrvinnslu og samræming milli viðbragðsaðila lykilatriði til þess að hún gangi upp. Prenta þarf leiðbeiningar aftan á skráningarblöðin til þess að auðvelda skráningarfólki störfin. Nýju áverkamatsspjöldin voru ekki komin í endanlega útgáfu en tryggja þarf að spjöldin verði númeruð við endanlegan frágang þar sem sama númer komi fram á lituðum hliðum spjaldsins til þess að auðvelda skráningarmanni starfið.</p>
<p>Steinar Steinarsson Skráning</p>	<p><b>Þáttur heimamanna.</b> Skyggðir reitir á skráningarblaðinu koma illa fram þegar sent er á faxtæki.</p>
<p>Steinar Steinarsson Skráning</p>	<p><b>Þáttur heimamanna.</b> Skráningarblöð bárust seint í fjöldahjálparstöð. Annað sem úrskaiðis fór í skráningu má segja að sé afleiðing af kerfi sem er ekki fullmótað.</p>



Hlynur Snorrason Lausnaraðili Stýrði rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði	<b>Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis. Tengt flugslysahópnum.</b> Það er mjög gott að hafa nokkra leikara sem ætlunin er að eigi að leika látna eða fólk sem deyr af völdum áverka í SSS, en þegar búið er að úrskurða viðkomandi látinn þá þurfa að vera dúkkur tilbúnar í staðinn, sem fluttar eru yfir í SSL. “Líkin lifandi” urðu leið á að bíða og urðu óróleg, þetta skapaði óþarfa truflun fyrir lögreglu og aðra. Líkin komu gangandi eftir langan tíma í SSL og báðu um að mega fara, í staðinn fyrir að liggja þar og bíða, eðlilega. Þetta þarf sannarlega að laga.
Hlynur Snorrason Lausnaraðili Stýrði rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði	<b>Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis. Tengt flugslysahópnum.</b> Þá fékk rannsóknarhópurinn, rannsóknard. Lögr. Og rannsóknarn. Flugslysaneftandur ekki nægan tíma til að ljúka ákveðnum grunnþáttum sem ætlunin var að sinna á vettvangi. Hreinsun var hafin snemma vegna komu áætlunarflugvélar á völinn. Þarna var ekki ætlunin að gera mjög mikið, en ljúka ákveðnum grunnþáttum, s.s. merkingu mikilvægra sönnunargagna á vettvangi, fara og fl.
Hlynur Snorrason Lausnaraðili Stýrði rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði	<b>Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis. Tengt heimamönnum.</b> Flöskuháls myndaðist í SSS gagnvart SSL. Þeir aðilar sem voru fluttir með áverka í SSS og voru síðan úrskurðaðir látnir þar voru færðir inn í rými inn af SSS. Þessi “lík” voru ekki færð í SSL heldur látin bíða í afrýminu. Á meðan beið lögreglumáður með eitt lík (dúkk) í SSL. Skilst að þarna hafi verið um að kenna mannaflaskorti til aðstoðar læknum og hjúkrunarliði í SSS.
Hlynur Snorrason Lausnaraðili Stýrði rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði	<b>Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.</b> Veit ekki hvort eftirfarandi athugasemd á við hér, en alvarleg mistök urðu hjá greiningarsveitinni á slysavettvangi, eða þeim sem sá um flutning fólks af vettvangi í SSS eða SSL. En þannig var að a.m.k. 2 látnir voru fluttir með sjúkrabifreiðum af svæðinu án vitundar lögreglu eða rannsóknarn. flugslysa og það áður en nokkir aðrir slasaðir höfðu verið fluttir af áfallasvæðinu.
Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili	<b>Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis.</b> Loftbrúin var leikin á skrifborði og hluti bakskipulags vegna þess var í höndum fulltrúa FMS í samhæfingarstöð. Þetta skapaði of mikið álag á þann aðila. Þegar æfa á loftbrú þarf að bæta bakskipulag vegna hennar, þ.e. að vélararnar séu leiknar, turn á brottfararstað og að upplýsingar sem þessir aðilar hafa séu raunhæfar hverju sinni.
Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili	Þörf er á að hafa bakskipulag varðandi sjúkraflutninga á þeim stað sem tekið er við sjúklingum, (Reykjavík í þessari æfingu) þegar æft er flutningur sjúklinga alla leið eins og gert var að þessu sinni.
Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili	Þörf er á fræðslu um SÁBF innan samhæfingarstöðvar m.t.t. sambandsleiðir / upplýsingastreymi.
Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili	Auka þarf þjálfun og upplýsingar fyrir byrjendur.

<p>Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili</p>	<p><b>Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.</b> Eins og áður sagði virkaði skipulag loftbrúar mjög vel en gera verður ráð fyrir að flytja bjargir með loftbrú til áfallasvæðis. Því verður að setja það í skipulag loftbrúar að velja þær flugvélar sem eiga ekki að taka sætin úr fyrir en komið er á áfallasvæði</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Í sumum vélum þarf mann með sérþekkingu til að taka sæti úr (flugvirki/hlaðmaður).</li> <li>b) Gera þarf ráð fyrir fylgdarmönnum með sjúklingum í flugi.</li> <li>c) Athuga þarf hvort heilbrigðisstarfsmaður þarf að fylgja með flugvél á slysstað. Kanna hvort bæta þurfi þessu atriði í áætlanir.</li> <li>d) Þarf að bæta bakskipulag vegna loftbrúar.</li> </ul>
<p>Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili</p>	<p>Mikil þörf á að hafa utanumhald um loftbrú, bjargir, stöðu slasaðra og flutningur slasaðra í “aðgerðastjóranum”. Hér kom berlega í ljós hversu mikil þörfin er á að hafa aðgerðastjóran og 112 kerfið samtengt eða að setja aðgerðastjóran inn í 112 kerfið.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Mikilvægt að fá skráningarupplýsingar með sjúklingum á áfangastað.</li> </ul>
<p>Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili</p>	<p>Nauðsynlegt er að hafa sjúkraflutningaskýrslur 112 er varða atburðinn aðgreindar frá þeim daglegu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) 112 getur stofnað flugflutning og skráð kennitölur allra sem eru um borð í flugvélinni.</li> </ul>
<p>Gyða Árný Helgadóttir Samhæfingarstöð Lausnaraðili</p>	<p>Þörf er á að skrifa fjarskipti milli umdæma inn í áætlanir.</p>

## **KAFLI 5**

# **Skýrslur**





## Flugslysaæfingin Ísafjörður 2004

<b>Leikarar/sjálfböðliðar</b>	<b>Vigdís Agnarsdóttir</b>
-------------------------------	----------------------------

### 1. Bakskipulag, Leikarar og förðun.

Með mér störfuðu Jóhann Thoroddsen sem sá um að koma aðstandendum í hlutverk, Heimir Már Pétursson tók að sér að fá leikara til að vera með fjölmiðlapressu á æfingunni. Önundur Jónsson lögreglunni á Ísafirði sá um að auglýsa eftir og afla leikara fyrir æfinguna, einnig að útvega húsnæði og ýmislegt annað vegna leikara. Haraldur Júlíusson Björgunarfélagi Ísafjarðar, leiðbeinandi í skyndihjálparveitti mér ómetanlega aðstoð við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar. Að öðrum ólöstuðum eiga þeir mikið hrós skilið fyrir þeirra þátt.

2. Á æfingunni var ég stödd á slysavettvangi ásamt Haraldi Júlíussyni þar sem við fylgumst með velferð leikaranna (sjúklinganna) Einnig þurfti að koma sjúklingunum fyrir á sínum stöðum og það var gert mjög skipulega í samráði við þá vettvangsmenn Jóhann Þór Jónsson og og Rolf. Ég fylgdi síðan síðustu sjúklingum af vettvangi á SSS.

### 3. Helstu tímasetningar voru eftirfarandi.

Kl. 07.00 Undirbúningur leikara og förðun hefst.

Kl. 10.30 Leikarar fengu að borða á vegum Ísafjarðarbæjar.

Kl. 11.30 Allir leikarar tilbúnir.

Kl. 11.40 Leikurum ekið á vettvang og þeim komið fyrir á réttum stöðum.

Kl. 12.00 Æfing hefst.

Kl. 17.30 Leikarar búnir að skila sér í sjúklingamiðstöð sem var í félagsmiðstöðinni í grunnskólanum. Þar fór fram viðrun fyrir alla leikara. Sérstök viðrun var fyrir þá leikara sem léku aðstandendur á SSA.

4. Förðunarnámskeið var haldið þann 26. apríl og þangað mættu 10 áhugasamir aðilar sem sáu svo um alla förðun á æfingunni og gerðu það mjög vel.

Leikarakynning var haldin 27. apríl af Haraldi Júlíussyni og Önundi Jónssyni. Þar var ekki mikil mæting þannig að töluvert var lagt í frekari öflun leikara fram að æfingu. Önnur kynning var svo haldin föstudagskvöldið 7. maí. Þar var heldur betri mæting og 72 tóku þátt sem leikarar. 48 leikarar voru í hlutverki farþega og 24 sem aðstandendur.

Farþegalisti **Cessnu** taldi 4 farþega og 1 flugmann. 3 farþegarnir voru leikarar sem voru í flotgöllum í sjónum sem bátar og þyrta sáu um að bjarga. 2 brúður voru notaðar í sjónum.

Farþegalisti **Fokker F – 50** taldi 56 manns, 53 farþega og 3 í áhöfn. Við vorum með 44 leikara og 12 brúður. Þar af voru þrjár brúður í barnastærð í hlutverki barna og voru þær látnar vera með lífsmörk og áverka. Einnig var ákveðið að láta sumar stóru brúðurnar vera með lífmörk svo að menn gangi ekki út frá því vísu að brúður séu fyrirfram ákveðin lík.

Veður var ágætt, var nokkuð kalt til að byrja með en svo hlýnaði og svo fór að enginn ofkældist á þessari æfingu, sem er mjög jákvætt. Leikarar kvörtuðu ekki yfir slæmri meðferð og sögðu alla aðila hafa verið nærgætta og umhyggjusama.

Sem öryggisatriði eru allir þeir sem leika sjúklinga látnir fylla út upplýsingablað þannig að hægt sé að ná í nánasta aðstandanda ef eitthvað fer úrskeiðis í raunveruleikanum. (Slys eða óvænt veikindi) Allir sjúklingar bera á sér númerað spjald sem gefur til kynna að þeir séu leikarar. (Role Player spjald) Hópstjóri er síðan með upplýsingablöðin þannig að fljótlegt er að fá upplýsingar um leikara ef á þarf að halda.

### 5. Það sem vel fór á æfingunni var:

- Undirbúningur heimanna og öflun leikara.

- Framkvæmd heimamanna vegna leikara í alla staði.
  - Förðun leikaranna á laugardeginum, Förðunarhópurinn stóð sig frábærlega og framkvæmdu sitt verk mjög vel og var hrósað fyrir fagmannlegt verk.
  - Leikarar stóðu sig margir mjög vel þrátt langan biðtíma.
  - Allir leikarar sem luku leik á sjúkrahúsinu fengu hressingu þar og góða aðhlyningu.
- Einnig hlutu þeir góðan viðgjörning sem luku leik í fjöldahjálparstöð Rauða krossins.

**6. Það sem betur má fara/ tillögur til úrbóta:**

- Ekki er heppilegt að hafa sjúklingamiðstöð í sama húsnæði og neyðarnefnd Rauða krossins, eða yfir höfuð á sama stað og önnur vinna vegna æfingar fer fram. Þetta uppgötvaðist ekki fyrr en á síðustu stundu og ekki hægt að breyta því fyrir æfingu.

**Niðurstaða:**

Frábær æfing þar sem góður undirbúningur og samstarf við heimamen var til fyrirmyndar.  
Takk fyrir gott samstarf.

Hópstjóri.

Vigdís Agnarsdóttir, verkefnisstjóri í skyndihjálpi.  
Rauða krossi Íslands.

## Flugslysaæfing Ísafirði 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Aðgerðastjórn	Víðir Reynisson

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla, slökkvilið, Rauði kross, Svæðisstjórn björgunarsveita, Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar, Almannavarnanefnd Ísafjarðar

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í aðgerðastjórnstöðinni, á slökkvistöðinni

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur aðgerðastjórnarinnar var góður og ekki mikið við hann að athuga.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Talsvert skvaldur var á meðan æfing stóð og er það atriði sem auðvelt á að vera að laga með inngrípum stjórnenda. Búnaður í stjórnstöðinni er góður en huga þarf t.d. að TETRA stöð vegna aðgerða í jarðgöngunum. Skjávarki var notaður og kom að miklu gagni en varpinn er ekki fastur búnaður í stjórnstöðinni og því þarf að tryggja aðgang að honum á öllum tímum. Verkaskipting var aðeins á reiki í upphafi en lagaðist þegar leið á æfinguna. Hugsa þarf að því að þeir sem skipi aðgerðastjórn geti tekið að sér hin ólíku verkefni sem þar eru unnin. Undirbúningur og vinna aðgerðastjórnar í æfingunni var í heild góður en ekki má láta gott heita heldur setja fram æfingaáætlun og fylgja henni eftir.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðgerðastjórnin gaf sér ágætán tíma fyrir undirbúning. Haldin var skrifborðsæfing með góðum fyrirvara þar sem styrkleikar og veikleikar voru metnir. Í tengslum við vettvangsstjórnarnámskeið sem haldið var tveim vikum fyrir æfinguna voru haldnir fyrirlestrar og einnig stór skrifborðsæfing þar sem leikið var á móti nemum af vettvangsstjórnarnámskeiðinu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Eins og áður hefur komið fram gekk æfingin vel í heildina, helst má nefna að notkun á töflum og skjávarpa var til fyrirmyndar og auðvelt að fá yfirsýn yfir ástandið á stuttum tíma. Notað var litakerfi á miðum með upplýsingum og virkaði það vel.

Ljóst var að þeir sem þarna störfuðu ætluðu sér að láta hlutina ganga vel. Mikilvægt er að nýta þann áhuga og halda áfram á sömu braut.

Almennt:

Huga þarf að fjarskiptabúnaði á svæðinu. Skynsamlegt væri að gera úttekt á hvað fjarskipti eru fyrir hendi, útbreiðslu ofl. Í framhaldinu væri hægt að gera tillögur um hvað leiðir væru færar til úrbóta.



# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Aðgerðarstjóri**

**Sigríður B. Guðjónsdóttir**  
**sýslumaður á Ísafirði**

## 1. Hlutverk og staðsetning aðgerðastjóra

Aðgerðastjóri var í stýrihóp æfingarinnar og kom að mörgum þáttum undirbúnings. Aðgerðastjóri eins og nafnið gefur til kynna, stýrði aðgerðarstjórn í æfingunni sjálfri.

Aðgerðastjóri var staddur í stjórnstöð almannavarnarnefndar Ísafjarðar á slökkvistöðinni, en fór einnig á vettvang á flugvöllinn í æfingunni sjálfri. Aðgerðastjóri fór með stjórn og samræmingu heildaraðgerða innan umdæmis, tengsl við samhæfingarstöð, tryggði samskipti og virkjaði starfseiningar.

## 2. Heildarmat í stuttu máli

Æfingin tókst í heild sinni vel þar sem öllum var bjargað og talning og afdrif fórnarlamba gekk upp. SÁBF-kerfið gekk vel og reynsla og þekking starfseininga á því kerfi tók stakkaskiptum við æfinguna að mati aðgerðastjóra. Samhæfing og samvinna gekk á heildina litið mjög vel. Fyllsta öryggis var gætt, allir þátttakendur stóðu sig vel og enginn verkþáttur brást. Björgun gekk hratt og vel og tókst að koma öllum fórnarlömbum á réttan stað. Tímasetningar stóðust. Boðun gekk mjög vel. Upplýsingaflæði frá vettvangsstjóra til aðgerðastjórnar var hins vegar slæmt, skráning aðhlyningarstjóra var ábótavant og mannskapur var ekki rétt staðsettur, þar sem sárlega vantaði björgunarsveitarmenn á vettvang á flugvelli. Þá var of mikið álag á einstakar rásir við fjarskipti.

## 3. Það sem vel tókst til í æfingunni

### 1) Undirbúningur - flugslysahópurinn

Undirbúningur var mjög góður. Sérstaklega ber að nefna í því sambandi Víði Reynisson, Árna Birgisson og Sigurð Ó. Sigurðsson, sem komu með mikla þekkingu í farteskinu sem þeir miðluðu ötullega á undirbúningstímanum. Þá ber að þakka það frábæra framtak að haldið skyldi námskeið fyrir vettvangsstjóra á Ísafirði, sem jók til muna möguleika heimamanna á þátttöku og skilur eftir þekkingu í heimabyggð sem er ómetanleg að mati aðgerðastjóra. Loks má nefna að upplýsingamiðlun var mjög góð allan undirbúningstímann.

### 2) Undirbúningur - heimamenn

Heimamenn stóðu sig vel í undirbúningi æfingarinnar. Undirbúningsfundir og fræðsla voru vel sótt og allar viðbragðseiningar komu vel fræddar og öflugar til leiks. Sérstaklega má nefna þátt flugmálastjórnar og slökkviliðsins í því sambandi, sem brugðust vel við öllum óskum um aðstöðu og tilheyrandi lagfæringar.

### 3) Æfingin sjálf – framkvæmd/úrlausn flugslysahópsins

Sason-hópurinn stóð sig mjög vel í allri framkvæmd. Fagleg ráðgjöf var látin í té, en heimamenn látnir bera hitann og þungann af allri framkvæmd og úrlausn. Sameiginlegir fundir gengu mjög vel og ekki bar á öðru en að allar starfseiningar hefðu verið ánægðar með undirbúninginn. Sérstaklega má nefna undirbúning vettvangs á flugvelli, sem var allflókinn og reyndi mjög á sérfræðikunnáttu. Þá fengu starfsmenn heilbrigðisstofnunar leiðsögn, auk þess sem fulltrúar flugmálastjórnar og almannavarnardeildar RLS

### 4) Æfingin sjálf – framkvæmd/úrlausn aðgerðastjórnar

Stjórnun aðgerðastjórnarinnar sjálfrar gekk áfallalaut. Tekið skal fram að mikill vinnusparnaður og öryggi er fólgið í því skipulagi að loftbrú fari strax af stað. Ró ríkti á starfsstöðinni og allir vissu hlutverk sín. Hvorki vantaði tæki né tól á vettvang. Samskipti við samhæfingarstöð voru góð og gengu

vel. Mannskapur var nægur en ekki of mikill. Björgunarstörf gengu greiðlega og örugglega og var fyllsta öryggis gætt.

#### **5) Samstarf og samvinna starfseininga**

Bæði samstarf og samvinna starfseininga gekk vel í æfingunni á heildina litið. Engir stórvægilegir hnökrar komu þar í ljós. Allir höfðu nóg að gera og meira en það en verkefnaleyfi einstakra starfseininga hafði verið áhyggjuefni heimamanna.

#### **6) Innra starf starfseiningar/verkpáttar**

Ró hvíldi yfir aðgerðastjórninni og menn voru öruggir með hlutverk sín. Það var jákvætt að aðgerðastjóri og yfirlögregluþjónn skyldu fara á vettvang, enda gerbreytti það sýn á stöðu mála. Þá var einnig jákvætt að fulltrúar úr aðgerðastjórn væru sendir á vettvang til að afla nánari upplýsinga um fórnarlömb, sem gerði það að verkum að hægt var að stemma talningu endanlega af.

#### **7) Úrlausn tæknilegra / faglegra atriða**

Boðun gekk afar vel. Tæki og tól voru næg og virkuðu ágætlega. Þá var undirbúningur og utnumhald á leikurum til fyrirmyndar.

### **4. Það sem ekki tókst vel í æfingunni**

#### **1) Undirbúningur og æfing flugslysaþópsins**

Aðgerðastjóri fylgdist ekki með undirbúningi flugslysaþópsins hjá sjálfum starfseiningunum. Mikil stemning hefur greinilega myndast innan flugslysaþópsins og fór töluvert þúður í innra starf og samskipti hópsins sjálfs – bæði á undirbúningsstigi og eftir æfinguna. Það hamlaði þó ekki samstarfinu, en aðgerðastjóri hefði viljað fá meiri gagnrýni og umræður frá hópnum upp á yfirborðið en ekki að mikilvæg atriði í undirbúningi og við æfinguna sjálfa væru einungis rædd innan flugslysaþópsins. Þá virtist skipulag sálgaesu og hlutverk prests ekki óumdeilt innan hópsins og hefði verið gott að fá skýrari línur um þann þátt.

Sá þáttur æfingar er laut að björgun að sjó reyndist of umfangsmikill og eftir á að hyggja hefði verið heppilegra að halda fast við upphaflegu áætlanina í stað þess að láta undan þrýstingi heimamanna um að auka þátt sjóbjörgunar til að tryggja þátttöku allra viðbragðsaðila.

#### **2) Undirbúningur og æfing heimamanna**

Of margir aðilar komu frá sams konar starfseiningum heimamanna, þ.e. of margar björgunarsveitir sérstaklega en einnig slökkvilið. Yfirstjórn björgunarsveita í héraði var ekki nægilega virk í undirbúningi og erfitt reyndist að fá upplýsingar um til dæmis fjölda þátttakenda frá björgunarsveitum og töluverð vinna fólgin í að kalla menn saman til funda og fræðslu. Þetta ætti í raun réttari að vera í höndum svæðisstjórnar en spennan á milli björgunarsveita hamlaði nokkuð undirbúningi æfingarinnar.

#### **3) Framkvæmd/úrlausn starfsaðila**

Þar sem vettvangur á sjó reyndist of umfangsmikill, vantaði sárlega 20-30 björgunarsveitamenn til að aðstoða aðhlynningsstjóra. Fjarskiptaþáttur vettvangsstjóra var í ólagi, sem gerði það að verkum að upplýsingastreymi frá vettvangsstjóra var mjög ábótavant. Tölur um fjölda og staðsetningu fórnarlamba komu seint og illa. Þegar aðgerðastjóri fór á vettvang, kom í ljós að mikið misræmi var á milli aðstæðna á vettvangi – þar sem aðgerðum var í raun öllum lokið og þeirra upplýsinga sem aðgerðastjórn hafði fengið, en af þeim mátti skilja að starfsemi á vettvangi væri enn í fullum gangi.

#### **4) Samstarf/samvinna starfseininga**

Samvinna flutningastjóra við vettvangsstjóra og björgunarsveitarmenn hefði mátt vera betra þar sem einstök flutningstæki voru ekki nýtt þegar þeirra var þörf. Það hefði mátt virkja þessar starfseiningar betur.

#### **5) Innra starf starfseiningar/verkpáttar**

Í aðgerðastjórn hefði þurft að halda stöðufundi. Of mikill tími fór í gesti, en við aðgerðastjórn sjálfa er þar að sakast – það hefði mátt veita gestum minni athygli og tíma. Þá hefði þurft að endurmeta aðgerðir þegar búið var að ýta öllum ferlum af stað. Það hefði og átt að senda eina fréttatilkynningu í lok æfingarinnar.

#### **6) Úrlausn tæknilegra/faglegra atriða**

Í ljós kom að þrátt fyrir töluverða yfirlegu yfir fjarskiptamálum, reyndist vera of mikið álag á einstökum rásum í fjarskiptabúnaði. Þá var slæmt að reyna ekki Tetra-kerfið þrátt fyrir að einungis lögregla og slökkvilið séu með slíkan búnað á þessu stigi. Til þessa hafa fjarskipti ekki mikið farið fram á milli þessara aðila með nýja Tetra-búnaðinum. Í raunverulegu flugslysi þar sem menn hefðu lítinn tíma til tæknilegs undirbúnings, væri þáttur Tetra sennilega umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir í æfingunni og því hefði verið gott að láta reyna á kosti og galla þess við æfingu. Ef áform um vettvangsstjórabíl ganga eftir, gæti það auðveldað fjarskiptin og aukið öryggi.

Ísafirði, júní 2004

---

Sigríður B. Guðjónsdóttir  
sýslumaður á Ísafirði

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Vettvangsstjóri**

**Rósamunda Jóna Baldursdóttir**

## Dagbók vettvangsstjórnar Tímaskráningar samkvæmt skráningu ritara og fjarskiptamanna.

<b>12:35</b>	Vettvangsstjórn komin á slyssað, Jón Ólafur Sigurðsson tilkynnir að búið sé að tryggja vettvang og klippivinna hafin.
<b>12:36</b>	Þá hittir vettvangsstjórn björgunarstjóra og segir hann, að búið sé að tryggja slyssað það hafi verið búið kl. 12:29, brak úr vélinni dreift á 300- 400 metra svæði á norður enda flugbrautarinnar og ofan við hana. Björgunarstörf hafin.
<b>12:45</b>	Vettvangsstjórn yfirgefur slyssað og fer í vettvangsstjórnstöð í turni flugbyggingar.
<b>12:45</b>	Þá hefur aðgerðarstjórn samband og henni kynnt staða mála. Óskað er eftir farþegalista og farmskrá frá aðgerðarstjórn.
<b>12:50</b>	Vettvangsstjórn komin í hús og tekur til starfa þar. Aðgerðarstjórn kynnt það að fjarskiptasamband sé komin við aðgerðarstjórn.
<b>12:50</b>	Tilkynnir björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson að fundnir séu 5 slasaðir. 1 rauður er um borð í Gísla Hjalta. Um borð í Gunnari er 1 rauður, 1 gulur og 2 svartir.
<b>12:51</b>	Flutningstjóri beðin um að sækja slasaðan í Gísla Hjalta á lendingarstað við flugvöll.
<b>12:54</b>	Aðgerðarstjórn tilkynnir að frá sjúkrahúsi, að þar sé hægt að taka á móti 6 rauðum, 11 gulum og flytja þurfi 44 með loftbrú í burtu.
<b>12:57</b>	Aðhlyningarstjóri biður um aukin mannskap í SSS. Þeirri beiðni komið áfram til flutningstjóra.
<b>12:58</b>	Aðgerðarstjórn tilkynnir að í Fokker hafi verið 53 farþegar og 3 manna áhöfn og í Cessnu hafi verið 5 farþegar og 1 í áhöfn. Leiðrétt var nokkuð síðar að það hafi verið 4 farþegar og 1 í áhöfn í Cessnu.
<b>12:58</b>	Tilkynnir aðgerðarstjórn að farmur í Fokker sé 430 kg. Blöð og matvara.
<b>12:59</b>	Farþegalisti og farmskrá kynnt björgunarstjóra.
<b>12:59</b>	Farþegalisti Cessnu kynntur björgunarbátum, Gunnari Friðrikssyni.
<b>13:03</b>	Aðhlyning gefur upp að það þurfi að flytja 30 manns í burtu frá Ísafirði. Biður um aukin mannskap.
<b>13:04</b>	Tilkynnir flugturn að á leiðinni séu 2 sjúkraflugvélar úr Reykjavík áætluð landing 13:40, 1 þyrla landing áætluð kl. 14:14. Þyrla getur tekið 7 sjúkl.
<b>13:05</b>	Tilkynnir Aðgerðarstjórn að 2 flugvélar fari úr Reykjavík 13:40, hver vél tekur 8 börur og með þeim komi greiningarsveit og blöð. Flugvél er farin frá Vestmannaeyjum og er væntanleg tekur 2 börur. Aðhlyningarstjóra kynnt þetta.
<b>13:07</b>	Staða fengin frá Björgunarstjóra 10 rauðir, 2 gulir og 7 grænir.
<b>13:10</b>	Tilkynnir björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson að 1 sjúklingur sé að koma í land með Gísla Hjalta. Þessu komið til flutningsstjóra.
<b>13:14</b>	Aðgerðarstjórn biður um upplýsingar um stöðu slasaða, flokkun þeirra og heildarstöðu mála.
<b>13:15</b>	Tilkynning frá flugturni að þyrlan lendi eftir tvær mínútur, gæslustjóra kynnt það og tekur á móti þyrlu.
<b>13:16</b>	Aðgerðarstjórn biður um upplýsingar um fjölda björgunarliða á vettvangi.
<b>13:16</b>	Aðgerðarstjórn kynnt að greindir séu 10 rauðir, 2 gulir og 7 grænir.
<b>13:16</b>	Aðhlyning óskar eftir meiri mannskap til starfa.
<b>13:17</b>	Báturinn Gísla Hjalta með 1 rauðan af sjó. Vantar flutning, óskað eftir flutningi við flutningsstjóra.
<b>13:17</b>	4 farþegar í Cessna + flugmaður.
<b>13:17</b>	Þyrla lent, TF-Sif.
<b>13:19</b>	Aðhlyning biður um fleiri björgunarmenn.

<b>13:20</b>	Tilkynning frá Gunnari Friðrikssyni með 1 alvarlega slasaðan um borð, þarfnast flutnings. Þessu komið til flutningsstjóra.
<b>13:23</b>	Aðhlyning biður um fleiri greiningarspjöld.
<b>13:24</b>	Tilkynning frá flugturni tvær flugvélar, lenda um kl 14:00 og 14:05. Hvor tekur 1 sjúkling.
<b>13:24</b>	Læknir úr þyrlu fer í Greiningarstöð.
<b>13:25</b>	Aðgerðarstjórn ítrekar að fá upplýsingar um stöðu mála.
<b>13:27</b>	Báturinn Gísli Hjartar með 2 svarta í land. Flutningur tekur á móti í fjöru framan við flugstöð.
<b>13:29</b>	Þyrla í loftið. Biður fyrir mæla fer til aðstoðar björgunarbátum Gunnar Friðrikssyni til leitar á sjó.
<b>13:30</b>	Björgunarstjóri tilkynnir að 3 sjúklingar af slysstað fluttir af þjóðvegi með björgunarsveitarbifreið.
<b>13:30</b>	Aðgerðarstjórn biður um upplýsingar um 3.
<b>13:30</b>	Björgunarstjóri tilkynnir að 16 rauðir, 7 gulir, 10 grænir og 1 svartur fundnir á slysstað.
<b>13:31</b>	Aðhlyningarstjóri tilkynnir um að 9 gulir og 8 rauðir á SSS
<b>13:32</b>	Aðgerðarstjórn tilkynnt um að 9 gulir, 8 rauðir séu á SSS.
<b>13:33</b>	1 sjúkraflugvél frá Vestmannaeyjum lent. Átti að lenda.
<b>13:35</b>	Að Slysstað frá flutningi. 16 rauðir, 7 gulir, 10 grænir og 1 svartur.
<b>13:37</b>	Aðhlyningarstjóri biður um mannskap til að flytja fólk í flugvélar og almennan burð. Flutningarstjóra kynnt þetta, hann segist geta sent 6 menn í SSS.
<b>13:40</b>	Aðgerðarstjórn með beiðni frá FSÍ um að beina aðstandendum í Suðurgötu 12 SSA.
<b>13:40</b>	Þyrla með 1 slasaðan úr björgunarbátum Gunnari Friðrikssyni.
<b>13:42</b>	Þyrla lent.
<b>13:42</b>	Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson búinn að flytja síðasta sjúkling af sjó, í þyrlu.
<b>13:43</b>	Kallað til gæslustjóra að huga að þeim slasaða sem hafi gengið frá þyrlunni án fylgdarmanns en það sást frá vettvangsstjórn.
<b>13:44</b>	Gæslustjóri beðin um að senda 3 slökkviliðsmenn sem stóðu verkefnalausir á SSS.
<b>13:44</b>	Tilkynnt frá aðgerðarstjórn að 25 björgunarsveitarmenn leggi af stað frá Reykjavík kl. 14:00 með flugi.
<b>13:45</b>	Aðgerðastjórn verið að ítreka boðun og útköll á heimasvæði.
<b>13:45</b>	Tilkynnir flugturn að sjúkraflugvél með 19 sætum og er áætluð landing 14:20, hún kemur með blóð og greiningarsveit. Tekur 8 börur.
<b>13:46</b>	Tilkynnir björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson að búíð sé að leita töluvert af braki og að farið verði fljótlega í höfn.
<b>13:50</b>	Aðgerðarst. Tilk. Búíð að setja tilk í RÚV og Stöð 2 um sjálfboðaliða til aðstoðar.
<b>13:51</b>	Byrjað að losna um björgunarsveitarmenn. Verða sendir í greiningarstöð.
<b>13:52</b>	Guðrún Sigurðardóttir fréttarmaður frá Rúv kemur inn í vettvangsstjórn, henni vísað út fyrir. Vettvangsstjóri ræðir við hana fyrir utan.
<b>13:53</b>	Flugturn tilkynnir að flugvél með björgunarsveitarmenn lenti um 14:30. Tekur 8 börur.
<b>13:53</b>	Aðgerðarstjórn biður um stöðu mála á sjó. Henni kynnt staðan. Leit lokið og allir séu fundnir.
<b>13:55</b>	Tilkynnir aðgerðarstjórn að 25 björgunarsveitarmenn komi með flugi til Ísafjarðar.
<b>13:55</b>	Tilkynnt um að flugstjóri Fokkers flugvélarinnar sé fundinn og að hann sé látinn. Svarti kassinn fundinn.
<b>13:58</b>	Tilkynnir flugturn að sjúkraflugvél með 2 sjúklingum sé að fara í loftið.
<b>14:00</b>	Tilkynnir flugturn að vélin sé farin.
<b>14:02</b>	Tilkynnir flutningsstjóri að 10 menn séu lausir þeir sendir í greiningarstöð.
<b>14:02</b>	Biður björgunarstjóri um staðfestingu á farþegalista, honum kynnt að 53 farþegar og 3 manna áhöfn hafi verið í Fokker. Það staðfest.
<b>14:03</b>	Aðhlyningarstjóri tilkynnir að 7 slasaðir séu fluttir í þyrlu og 1 sjúkraflutningsmaður.
<b>14:04</b>	Tilkynnir aðgerðarstjórn um að bátar á sjó verði kynnt að Reykjarfoss sé á leið í höfn og að koma því til björgunarbáta og lóðsbáts. Aðgerðarstjórn beðin um að koma þeim upplýsingum til lóðsbáts.

14:05	Björgunarbátum kynnt að flutningaskip sé á leið í höfn. Tilkynning verður komið til lóðsbáts um að láta flutningaskipið vita um björgunarbátana.
14:06	Gæslustjóri beðin um að loka braut vegna þess að 2 flugvélar eru að fara að lenda.
14:06	Kemur upp að misvísandi upplýsingar hafi verið gefnar upp um hversu marga þyrlan getur tekið. Hún getur aðeins tekið 2 í börur. (Minni þyrla)
14:08	Biður flugturn um að svæðið fyrir framan flugstöð verði rýmt vegna flugvéla sem þurfa að koma að byggingunni. Gæslustjóri beðin um að rýma svæðið.
14:08	Flugturn tilkynnir að 2 sjúkraflugvélar séu lentar. Taka 1 rauðan hvor.
14:09	Björgunarstjóri tilkynnir að búið sé að flytja alla af slysstað nema þá látnu. 17 rauðir, 10 gulir, 15 grænir, 6 svartir fundnir og 2 svartir höfðu verið fluttir af slysstað í SSS en þeir látnu voru fluttir án heimildar rannsakanda.
14:10	Aðhlyningarstjóri tilkynnir að 48 slasaðir hafi verið fluttir greiningarstöð. SSS 14 grænir, 9 gulir, 19 rauðir, 1 svartur og 5 ógreindir. = 48
14:10	Tilkynnir aðhlyningarstjóri að búið sé að flytja af SSS 12 rauða, 1 gulan, 8 græna. = 21
14:11	Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson tilkynnir að leit á sjó sé lokið.
14:11	Gæslustjóri tilkynnir að búið sé að rýma svæðið framan við flugstöð.
14:14	Aðgerðarstjórn innt eftir því hvort að kallað hafi verið á rannsóknarnefnd flugslysa.
14:15	Aðgerðastjórn tilkynnir að búið sé að kalla út rannsóknarnefnd flugslysa.
14:18	Flugturn tilkynnir að flugvél sé lent tekur 8 börur.
14:18	Upplýsingar um fjölda innskráða á SSS faxes til aðgerðarstjórnar.
14:18	Björgunarstjóri tilkynnir að aðgerðum þeirra sé lokið á slysstað, allir fundnir.
14:18	Aðgerðarstjórn spyr hvort að vanti flutningstæki frá biðsvæði ?
14:19	Starfsmenn Flugfélags Íslands, óska eftir að farþegar áætunarflugs fái að fara í flugstöð til innritunar. Það heimilað með því að maður verði í gæslu við flugstöð <b>14:23</b> Aðgerðarstjórn biður um upplýsingar um sjóbjörgun. Aðgerðarstjórn kynnt staðan, að leit á sjó væri lokið.
14:23	2 Tilkynnir flugturn að flugvél sé farin í loftið með 1 slasaðan í hvora. 2 sjúkraflutningsmenn vantar með.
	.
14:26	Aðgerðarstjórn tilkynnir að þeim vanti greiningu á 5 farþegum og vanti upplýsingar um 10 farþega.
	<b>Alvara alvara alvara.</b>
14:28	Flugturn tilkynnir að Fokker lendi kl. 14:55 <b>Alvara alvara alvara</b>
14:29	Biður Aðgerðarstjórn um 4-6 menn verði sendir til aðstoðar á sjúkrahús, því komið til flutningastjóra.
14:30	Vettvangsstjórn áréttar við flutningsstjóra að gæsla verði sett við útgönguleiðir.
14:32	Þeir 3 sem komu með bíl björgunarsveitarinnar Tinda frá þjóðvegi og fluttir í SSS. Voru 2 rauðir 1 grænn.
14:35	10 látnir, 14 óslasaðir, 9 lítið slasaðir og 19 mikið slasaðir. (5 ógreindir í SSS) = 57.
14:38	Aðhlyningarstjóri tilkynnir að 2 úr greiningarsveit hafi farið með fyrri 8 manna flugvélinni og 3 í þá seinni.
14:39	Vettvangsstjórn áréttar við gæslustjóra um að hleypa flugfarþegum að flugstöð til innritunar. <b>Alvara alvara alvara.</b>
14:44	Aðhlyning spyr hvort að lítið barn komist með sjúkraflugvél. Spurning var hvort það kæmist með.
14:45	Aðgerðarstjórn biður um stöðulista.
14:45	Aðgerðarstjórn tilkynnir að þeim vanti enn 3 slasaða til að talning gangi upp.
14:46	Flugturn beðinn um að kanna hvort að möguleiki sé að senda 1 slasaðann með Fokker.
14:48	Sjúkraflugvél farin með 9 manns.
14:53	Flugturn tilkynnir að 1 slasaður komist með Fokker áætluarvélinni.
14:57	Fokker lent. <b>Alvara alvara alvara.</b>

14:57	Aðhlyningarstjóri tilkynnir að allir séu farnir af SSS, nema látnir. Þeim kynnt að það eigi að flytja þá í SSL.
14:59	Aðhlyningarstjóri tilkynnir að allir slasaðir og óslasaðir farnir af SSS.
15:07	Björgunarbatúrin Gunnar Friðriksson tilkynnir að aðgerðum á sjó sé lokið og þeir komnir í höfn.
15:10	Verkþáttastjórar kallaðir til stöðufundar hjá Vettvangsstjórn.
15:13	Flugvél væntanleg kl. 15:45 með kennslanefnd.
15:19	Aðgerðarstjórn spyr um 4 á SSL.
15:21	Aðgerðarstjórn látin vita að 10 séu á SSL og 3 á leið þangað.
15:42	Vettvangsstjóri fer og ræðir við fjölmiðla sem eru á vettvangi.
15:43	Flugturn tilkynnir að flugvél með kennslanefnd sé lent.
15:48	Tilkynnir gæslustjóri að 15 látnir séu á SSL.
15:50	Aðgerðarstjórn kynnt að 15 látnir séu á SSL.
15:50	Gæslustjóri beðin af vettvangsstjórn um að fara á SSL og kanna með nöfn látinna.
16:02	Listi með nöfnum látinna berst vettvangsstjórn.
16:08	Gæslustjóri tilkynnir að aðgerðum sé lokið.
16:25	Aðgerðarstjórn tilkynnir að öll fórnarlömb slyssins séu fundinn.
16:50	Störfum vettvangstjórnar lokið á vettvangi, vettvangsstjóri fer til fundar við aðgerðarstjórn.
17:00	Aðgerðarstjórn tilkynnir að enn vanti nöfn látinna. Samband haft við gæslustjóra og hann beðin um að kanna með nöfn þeirra.
17:30	tilkynnir gæsla að ekki finnist nöfn þeirra sem eru látnir.
18:20	Fundi hjá aðgerðarstjórn lokið, vettvangstjóri yfirgefur aðgerðarstjórn og hættir störfum.

### Skýrsla vettvangsstjóra.

Í vettvangsstjórn voru Rósamunda Baldursdóttir, vettvangsstjóri, (áætlanir) Jón Ólafur Sigurðsson, slökkvilið Ísafjarðar (Bjargir), Halldór Óli Hjálmarsson, björgunarfélaginu Tindar (Upplýsingar) Eggert Stefánsson, björgunarfélagi Ísafjarðar (fjarskipti) Ingvar Jakobsson, lögreglunni (ritari) Flugslysaæfing á Ísafjarðarflugvelli var sett fimmtudaginn 6. maí. 2004 klukkan 20:00 í Guðmundarbúð á Ísafirði eftir töluverðan undirbúning.

Vikuna 26. til 30. apríl hafði verið haldið vettvangsstjóranámskeið, þar sem vel var farið yfir SÁBF kerfið og þeir sem voru verkþáttastjórar á æfingunni höfðu verið á þessu námskeiði og því leit vel út að allir vissu hvert sitt hlutverk væri og hvernig bæri að leysa hlutina.

Þann 8. maí klukkan 12:00 hófst æfingin sjálf. Neyðarlínan 112 kallaði út alla viðbragðsaðila. Fyrir utan nokkra sem ekki hafði tekist að setja inn á útkallslista hjá þeim og því kallaði lögregla þá út. Klukkan 12:11 fór ég af lögreglustöð þegar ég hafði verið leyst af, en ég var með vaktina á lögreglustöð á þeim tíma. Ég fór beint á slökkviliðsstöð og sótti þar bifreið sem vettvangsstjórn hafði til umráða til að fara á milli og í henni var taska vettvangsstjórnar. Klukkan 12:35 var vettvangsstjórn komin á slysstað og hitti fyrir björgunarstjóra og fékk stöðu mála. Vettvangsstjórn fór síðan í aðstöðu vettvangsstjórnar sem var í flugturni sem nýlega var byggður en ekki er búið að taka í notkun enn. Þangað var komið klukkan 12:50 og þá fyrst komst á fjarskiptasamband við aðgerðarstjórn en fjarskipti höfðu áður farið fram í gsm síma.

Útkall frá Neyðarlínu tókst vel og er mikil breyting á síðan frá æfingunni 1999 þegar lögregla kallaði út alla viðbragðsaðila símleiðis og slökkvilið og sjúkraflutningsmenn með VHF.

**Fjarskipti :**

Notað var VHF kerfið og Tetra, lögregla var með tetra stöðvar, slökkviliðið og aðrir aðilar voru með VHF. Ég tel að ef fjarskipti hefðu verið sett upp þannig að vettvangsstjórn og verkþáttastjórar hefðu verið með Tetra að þá hefðu öll fjarskipti milli þeirra orðið miklu betri og gengið betur. Allt of mikið álag var á rás vettvangsstjórnar og verkþáttastjóra á VHF og allof margir sem ekki áttu að vera á þeirri rás voru þar. Vettvangsstjórn hefði átt að taka á því í upphafi að hreinsa út af þeirri rás. Flugturn gat ekki haft samband við vettvangsstjórn nema símleiðis í gegnum gsm síma.

Ég tel að gott væri ef það lægi betur fyrir hvaða viðbragðsaðila aðgerðarstjórn kalli til, gott væri að hafa gátlista þar sem fram komi skýrt og greinilega hvaða aðilar yrðu settir viðbragðsstöðu. Til dæmis 1. Rannsóknarnefnd flugslysa, 2. ID nefnd, 3. presta, 4. rauða krossinn og 5. farþegalista og farmskrá. Aðgerðarstjórn fór reyndar strax í að kalla þá aðila til, en gott væri að það yrði þá sett fram sem hennar verkefni þegar hún kemur í stjórnstöð, þannig að vettvangsstjórn þyrfti ekki að hugsa um hvort að búið væri að sjá um það.

**Skráning og greining:**

Skráning og greining gekk þokkalega en skortur var á björgunarfólki í aðhlyningarstöð og vantaði mannskap þar á álagstíma til aðstoðar og þá sérstaklega til að aðstoða við að færa slasaða til, þannig að greiningarsveitin, hjúkrunarfræðingar og læknaþurfi ekki að standa í því þegar tíma þeirra er betur varið í öðru. Vel gekk að nota þessu nýju greiningarspjöld, sem notuð voru í fyrsta sinn af björgunarliði hér og voru greiningarsveitir mjög ánægðar með þau. Rannsóknaraðilar og lögregla höfðu þó orð að því, hvort að möguleiki væri að útbúa spjöldin þannig að hægt væri að skilja eftir bút af þeim á slysstað þar sem sá slasaði finnst, til að auðvelda og tryggja betri rannsóknarvinnu.

**Biðsvæði flutningstækja og bjarga:**

Erfiðlega gekk að ná sambandi við flutningsstjóra og tel ég að hann hafi ekki verið staðsettur á réttum stað. Hann hefði átt að vera nær biðsvæði bjarga til að hafa betri yfirsýn um þann mannskap og tæki sem hann hafði til umráða og hvað honum vantaði, langur tími leið oft eftir svörum frá honum og eins eftir þeim björgum sem beðið var um. Hann hefði síðan átt að hafa sinn tengilið á slysstað. Flutningsstjóri var á slysstað nánast allan tímann og hafði að mínu áliti ekki nógu góða yfirsýn yfir stöðu á björgum.



**Slyssvæði og björgunaraðgerðir:**

Slyssvæðið var stækkað og ákveðið var rétt fyrir æfinguna að leit og björgun færi einnig fram á sjó. Talað var um að sá þáttur ætti að vera aðskilin leit, björgun og aðgerðum á landi. Raunin varð svo sú að vettvangsstjórn varð svo að sinna þessu einnig að eitthverju leyti. Má þar nefna þyrluna sem kom vestur og átti að fara svo og aðstoða við leit á sjó en svo kom það í hlut vettvangsstjórnar að vera tengiliður þar á milli. Hægt hefði verið að kalla björgunaraðila af sjó og til aðstoðar á landi en vegna þess að talað var um að þetta ætti að vera aðskilið þá fór vettvangsstjórn ekki í að kalla þá í land.

**Vettvangsstjórn:**

Upplýsingamiðlun til aðgerðarstjórnar frá vettvangsstjórn var mjög ábótavant og eitthvað sem á alls ekki að geta orðið. Upplýsingar og staða mála var að berast vettvangsstjórn, sem sinni því svo alls ekki að koma þeim upplýsingum áfram til aðgerðarstjórnar. Það sem vantar í búnað vettvangsstjóra er klukka sem hægt yrði að stilla upp í stjórnstöð vettvangsstjóra þannig að þeir sem eru að skrá séu allir að nota sömu klukkuna við það. Eitthvað bar á að tímasetningar stemmdu ekki og var þá mismunun á klukkum manna um að kenna.

**Heildarniðurstaða:**

Klukkan 14:18 var búið að finna öll fórnarlömb, rúmum 2 klst. eftir að tilkynnt var um slysið, það má teljast nokkuð gott. Kl. 14:48 var búið að flytja öll lifandi fórnarlömb slyssins af vettvangi. Að mínu mati gekk æfingin mjög vel fyrir sig að flestu leyti, alltaf er hægt að finna atriði sem betur mátti fara. Kosturinn er þó að ekki er eins mikið í húfi þegar um æfingu er að ræða eins og væri ef þetta gerðist í raunveruleikanum. Ég tel að þeir aðilar sem sóttu námskeið og fyrirlestra fyrir æfinguna hafi ekki verið nógu duglegir við að miðla þeirri þekkingu áfram til sinna starfseininga. Það virðist vera að nokkuð margir viti í raun ekki enn þá hvernig SÁBF virkar. Það er mjög slæmt ef að þeir aðilar sem hafa þekkinguna hér á svæðinu sjái ekki um að miðla henni áfram því við vitum öll að ef það er ekki gert að þá verður stöðnun hjá okkur í þessum málum. En það er von mín að þau atriði sem hefðu betur mátt fara verði skoðuð með opnum huga til að hægt verði að læra af þeim, þannig að ekki verði endurtekning á.

Ísafirði 31. maí. 2004

---

Rósamunda Jóna Baldursdóttir  
Vettvangsstjóri.

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Lögreglan**

**Stefán Alfreðsson**

## 1. Hópur

Undirritaður starfaði aðallega með lögreglunni á Ísafirði við undirbúning æfingarinnar og hafði það hlutverk að fygjast með verkþættinum gæslustörf. Gæslustjóri var Þorkell L. Þorkelsson varðstjóri hjá Lögreglunni á Ísafirði en auk hans tóku þátt í æfingunni 9 lögreglumenn (8 frá Ísafirði og 1 frá Bolungarvík).

## 2. Verkþáttur – svæði

Undirritaður fylgdist aðallega með gæslustörfum og einnig lítillega með vettvangsstjórn. Fylgdist undirritaður með slysstað, vettvangsstjórn, flugbrautinni, flughlaðinu, lendingarsvæði þyrlu og söfnunarsvæði látinna.

## 3. Æfingin – yfirlit

Almennt tel ég að æfingin hafi tekist vel og gefi þokkalega mynd af því sem myndi gerast í raunveruleikanum ef flugslys yrði á Ísafjarðarflugvelli. Þeir sem þátt tóku virtust hafa undirbúið æfinguna vel og allir gerðu sitt besta miðað við aðstæður. Í fyrstu ríkti mikil ringulreið og algert stjórnsleysi á slysstað eins og í raunveruleikanum en fljótlega fóru menn að ná tókum á ástandinu og gátu farið að vinna skipulega að björgunaraðgerðum. Eins og við mátti búast komu fram ýmsir hnókrar en í heildina gekk dæmið nokkuð vel upp.

## 4. Atriði sem tókust vel varðandi gæslustörf

### a. Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis

- Tengt flugslysahópnum:

Undirbúningur gekk vel og voru síðustu dagarnir fyrir æfinguna nýttir til hins ýtrasta. Samstarfið við aðra vinnuhópa gekk vel.

- Tengt heimamönnum:

Allir heimamenn sem komu að undirbúningi gæslustarfa unnu vel og voru ávallt boðnir og búnir að bjarga málum ef eitthvað bjátaði á.

### b. Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis

- Hlutverk starfsaðila:

Hlutverk gæslustjóra og þeirra sem störfuðu við gæslustörf var að sjá um umferðarstjórn, lokun svæða (innri og ytri lokun og annarra svæða eftir atvikum), verndun svæða (slysstaðar, söfnunarsvæðis látinna, lendingarsvæðis þyrlu og annarra starfssvæða eftir atvikum) og umsjón með lendingarsvæði þyrlu og söfnunarsvæði látinna. Þessi hlutverk voru almennt vel leyst af hendi.

- Stjórnun (innan viðkomandi starfseiningar og sem hluti af heildarstjórn):

Gæslustjóri vann skipulega og var í góðu sambandi við vettvangsstjóra og aðra verkþáttastjórnendur. Stjórnun innan starfseiningarinnar var góð.

- Samstarf / samvinna starfseininga:

Samvinna milli gæslustjóra og lögreglumanna sem sinntu gæslustörfum við aðrar starfseiningar var almennt góð.

- Innra starf starfseiningar / verkþáttar:

Innra starf þeirra sem störfuðu við gæslustörf gekk vel að mestu leyti.

- Úrlausn tæknilegra / faglegra atriða:  
Umferðarstjórn gekk almennt vel fyrir sig, bæði hvað almenna umferð varðar og umferð björgunartækja. Ytri lokun, innri lokun og lokun ákveðinna svæða tókst nokkuð vel. Verndun slysstaðar, lendingarsvæðis þyrilu og söfnunarsvæðis látinna tókst almennt vel. Umsjón með lendingarsvæði þyrilu og móttaka þyrilu LHG tókst mjög vel. Umsjón og skráning á söfnunarsvæði látinna var vel leyst af hendi.

## 5. Atriði sem tókust ekki vel varðandi gæslustörf

### a. Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis

- Tengt flugslysahópnum:  
Undirritaður kom mjög seint að undirbúningi æfingarinnar og hefði helst kosið að fá lengri undirbúningstíma.

- Tengt heimamönnum:  
Engar athugasemdir.

### b. Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis

- Hlutverk starfsaðila:  
Engar athugasemdir.

- Stjórnun (innan viðkomandi starfseiningar og sem hluti af heildarstjórn):  
Stjórnun hefði mátt vera skipulegri á slysstað í upphafi.

- Samstarf / samvinna starfseininga:  
Samstarf gæslustjóra og björgunarstjóra hefði mátt vera meira í upphafi. Vegna álags á sameiginlegri rás (rás 05 á VHF (rás björgunarsveita)) vettvangsstjórnar og verkþáttastjóra náðist ekki alltaf samband þegar á þurfti að halda. Einnig kom fyrir að upplýsingar skiluðu sér ekki þegar gæslustjóri þurfti bæði að tala á Tetra (innan gæslustarfa) og á Rás 5 á VHF (við vettvangsstjóra eða aðra verkþáttastjóra).

- Innra starf starfseiningar / verkþáttar:  
Stundum reyndist erfitt að koma skilaboðum til manna sem voru ekki með talstöðvar og því ekki í fjarskiptasambandi við aðra innan starfseiningarinnar.

- Úrlausn tæknilegra / faglegra atriða:  
Gæslustjóri hefði mátt vera hreyfanlegri og fara meira um svæðið og þá sérstaklega að slysstað á meðan björgunaraðgerðir stóðu sem hæst.

Innri lokun (afmörkun við slysstað) hefði þurft að setja upp fyrir en gert var. Voru fyrstu lögreglumenn uppteknir af því að halda “óviðkomandi” fólki (aðstandendum og fréttamönnum) frá slysstað. Ein ástæða þess að allt þetta fólk komst á slysstað var að það slapp óhindrað út úr flugstöðvarbyggingunni.

Lögreglumenn voru of fáir miðað við umfang aðgerðarinnar með allt of fáar talstöðvar þannig að sumir þeirra voru fjarskiptalausir. Það hefði þurft meiri mannskap fyrir þennan verkþátt en gæslustjóri fékk ekki fleiri menn til gæslustarfa þrátt fyrir beiðni þar um. Á meðan lögreglumenn höfðu varla undan sökum álags stóðu til dæmis 3 slökkviliðsmenn á flughlaðinu verkefnalausir allan tímann meðan á björgunaraðgerðum stóð.

Varðandi meðferð látinna gerðist það að einhver lík voru flutt af slysstað áður en búið var að flytja alla slasaða af staðnum og án samráðs lögreglu eða leyfis frá henni. Það leiddi af sér að engar upplýsingar voru til fyrir rannsóknarlögreglumenn um það hvar þessi lík fundust.

Nokkrir slasaðir sem höfðu verið fluttir af slysstað “létust” á söfnunarsvæði slasaðra og voru settir í geymsluherbergi en gleymdust svo þar og lögreglan fékk engar upplýsingar um þessi lík fyrir en löngu seinna þegar þeir sem léku líkin voru orðnir leiðir á því að bíða þar og fengu þá

leyfi lögreglu til þess að fara. Einhver misskilningur kom svo upp um að söfnunarsvæði látinna væri í þessari geymslu við söfnunarsvæði slasaðra auk þess sem a.m.k. 1 lík var flutt á söfnunarsvæði slasaðra vegna þess að flutningsmenn héldu að söfnunarsvæði látinna væri í tækjageymslunni.

Upplýsingar skorti um flest líkin sem flutt voru á söfnunarsvæði látinna og virtust flutningsmenn þeirra ekki geta svarað um það hvar þau hefðu fundist. Auk þess mun sumum líkanna nánast hafa verið fleygt inn í flugskýlið þar sem söfnunarsvæði látinna var staðsett og er slíkt engan veginn viðeigandi meðferð á látnum. Sumir flutningsmenn virtust greinilega ekki taka hlutverk sitt nógu alvarlega við þessa líkflutninga.

- Tillögur til úrbóta

Þegar lögreglan kemur á vettvang er nauðsynlegt að byrja á því að reyna að “loka” slysstað með því að afmarka hann með lokunarborðum ef hægt er. Þegar “lokun” er komin á er hægt að fara að sinna öðrum verkefnum. Það ríkir hvort eð er ringulreið og stjórnleysi á slysstað til að byrja með og því er vonlítið að reyna að eiga við óviðkomandi fólk fyrir en búið er að afmarka staðinn. Til að minnka líkurnar á því að óviðkomandi fólk komist inn á flugvöllinn þarf að reyna að loka honum betur af með traustari girðingum og hliðum auk þess sem flugvallarstarfsmenn þurfa að hindra fólk í því að fara út úr flugstöðvarbyggingunni með öllum tiltækum ráðum.

Lögreglan er of faliðuð til þess að geta séð alfarið um gæsluverkþáttinn í svona umfangsmiklum aðgerðum og því þarf að koma til viðbótarmannskapur frá björgunarsveitum ef vel á að vera.

Fjölga þarf talstöðvum (handstöðvum) svo að sem flestir og helst allir geti verið í fjarskiptasambandi sín á milli.

Sjá verður til þess að allur mannskapur sé nýttur og honum skipt milli verkþátta og starfssvæða eftir þörfum hverju sinni. Þegar menn hafa lokið björgunarstörfum á slysstað væri til dæmis hægt að nýta björgunarmenn til annarra starfa sem er ólokið, þar með talið gæslustarfa ef þörf er á.

Það á ekki að hreyfa til lík eða flytja þau af slysstað fyrr en lögreglan gefur leyfi til þess auk þess sem flutningur á slösuðu fólki gengur að sjálfsögðu fyrir enda liggur ekkert á að flytja látna af staðnum. Þetta er mjög mikilvægt vegna rannsóknar málsins. Ef það reynist af einhverjum ástæðum bráðnauðsynlegt að hreyfa lík úr stað eða jafnvel af staðnum þá væri mjög gott ef hægt væri að reyna að merkja staðinn þar sem líkið lá með einhverjum hætti. Slíkt myndi vera mjög hjálplegt fyrir þá sem sjá um rannsókn slyssins.

Það þarf að sjá til þess að lögreglan verði látin vita ef einhverjir “deyja” á söfnunarsvæði slasaðra þannig að tryggt sé að líkin verði skoðuð, skráð og flutt á söfnunarsvæði látinna með viðeigandi hætti. Einnig þarf að láta brúður taka við hlutverki hinna slösuðu eftir að þeir “deyja” þannig að leikararnir þurfi ekki að liggja og bíða í geymslu fyrir látna lengi.

Tryggja þarf að sem mestar upplýsingar um látna fylgi þeim frá slysstað og að söfnunarsvæði látinna svo að skráning og rannsókn sé sem nákvæmest. Mikilvægt er að menn sýni látnum fulla virðingu og meðhöndli lík í samræmi við það jafnvel þó að um æfingu sé að ræða. Allir þurfa að taka hlutverk sitt alvarlega á æfingum sem þessum hvort sem menn eru að flytja “lík” eða annað því að það býr menn best undir það að þurfa að takast á við raunveruleikann.

Virðingarfyllt,  
Stefán Alfreðsson

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Gæslustjóri**

**Porkell L. Porkelsson,  
Lögreglumaður nr. 9610.**

Undirritaður starfaði á æfingunni sem Gæslustjóri og stjórnaði þeim lögreglumönnum sem voru við störf á vettvangi.

Ég var mættur á lögreglustöð töluvert fyrir útkallið til að fylgjast með viðbragði lögreglumanna þegar útkallið kæmi síðan. Þegar kallið kom voru þeir lögreglumenn sem voru á vakt, sendir á vettvang og haft var samband við Neyðarlínuna og óskað eftir að kallað væri út allt lögreglulið á Ísafirði. U.þ.b. 15 mín. Eftir að útkallið barst þá voru komnir fjórir lögreglumenn á lögreglustöðina þ.m.t. ég og var þá haldið á vettvang.

Þegar á vettvang var komið þá setti ég lögreglumenn á póst við gatnamótin Djúpvegur (Þjóðvegurinn) og aðkeyrslan að flugvelli. Eins setti ég einn lögreglumann strax við eina inngang að flugvellingum, við rauða flugskýlið. Á slysavettvangi voru fyrir tveir lögreglumenn og fór ég þangað ásamt einum lögreglumanni til viðbótar. Jafnframt hafði ég samband við lögreglustöð og óskaði eftir því að haft yrði samband við lögregluna í Bolungarvík og óskað eftir aðstoð þáðan.

Á slysavettvangi voru slökkviliðsmenn að sinna sinni vinnu og eins voru björgunarmenn að sinna slösuðu fólki og eins þá streymdi að annað björgunarfólk. Á vettvangi mátti sjá töluvert af fólki sem ráfaði um en sýndist ekki slasað. Bað ég lögreglumenn að kanna með þetta fólk og ef það væri ekki slasað þá átti að vísa því af vettvangi. (Kom seinna í ljós að starfsfólkið á flugvellingum hafði misst stjórn á því fólki sem lék aðstandendur og missti það út af flugstöðinni). Þeir lögreglumenn sem áttu að sjá um umferðarstjórn við slysstað urðu að eltast við þetta fólk.

Ég fór síðan aftur að flugstöðinni og tók mér stöðu um 2-300 metra framan við flugstöðina og fylgdist þáðan með vettvanginum. Var ég þáðan með góða yfirsýn yfir aðkomur að flugvellingum og eins yfir aðkomu að SSS, SSL og lendingarsvæði þyrlunnar. Eins gat ég, þáðan sem ég stóð, fylgst vel með umferð björgunartækja til og frá slysavettvangi. Á slysavettvangi var ég með tvo til þrjá lögreglumenn sem fengu það hlutverk að passa vettvanginn. Þannig að mínu mati var ég vel staðsettur og hafði góða yfirsýn yfir vettvanginn.

U.þ.b. 20 til 30 mín. eftir útkallið var ég kominn með full mannað lögreglulið á vettvang og eins tvo rannsóknarlögreglumenn og tel að fljótlega hafi náðst sæmileg stjórn á vettvangi, varðandi gæsluna, þó mættu lögreglumennirnir ekki hafa verið færri. Reyndar var kominn blaðamaður inn á vettvanginn, þegar við komum fyrst á vettvang en honum var fljótt vísað burt. Síðan bættust nokkrir blaðamenn í hópinn en þeim var ekki hleypt inn á vettvanginn. Reyndar komst einn inn á vettvanginn, inn um hlið sem okkur hafði verið tjáð að væri læst og þáðan inn til vettvangsstjóra. Lögreglumaður var síðan settur í að vakta það hlið. Lögreglumaður var settur í það að taka á móti þyrlunni og vakta það svæði. Reyndar kom upp einkennilegt atvik varðandi þyrluna en flugmaðurinn tók upp á því að “rúnta” með þyrluna inn á svæðið, framan við flugturninn. Skapaðist af þessu töluverð hætta þar sem þetta var akstursleið sjúkra- og björgunarbifreiða.

Strax eftir æfinguna var fundur lögreglumanna á lögreglustöð. Fengu allir lögreglumenn að tjá sig um

æfinguna og tjá sig um það sem var gott og eins tjá sig um það sem fór miður. Komu þar fram margir

áhugaverðir punktar.

## **Hlynur Snorrason.**

Var á lögreglustöð eftir að lögreglumenn fóru á vettvang, mikið hringt og töluvert álag þar. Farartæki vantaði fyrir lögreglumenn.

Óánægður með það hvernig björgunarlið ók að slysavettvangi. Óku eftir malaröxl, við hlið flugvallar, ekki eftir flugvellinum sjálfum. Hætta á að spilla rannsóknargögnum.

Upplýsingum ábótavant frá gæslustjóra.

Endirinn snubbóttur á æfingunni, ekki formlega kallað út að æfingunni var lokið.

Kom með þá hugmynd að þegar aðili, slasaður eða látinn, ert fjarlægður af vettvangi þá væri hægt að merkja staðinn sem hann lá á. Þetta væri t.d. gert með því að brjóta af greiningarspjöldum aðilans og láta liggja eftir á staðnum. Á þessum miða væri skráð númer og ástand aðilans.

### **Leifur Halldórsson.**

Tók undir með HS.

Óánægður með flutninginn þ.e. taka svarta af vettvangi en slasaðir enn á vettvangi.

### **Gylf P. Gíslason, lögr. Bolungarvík.**

Vandamál hvað lögreglan var falið.

Töluvert vandamál skapaðist af fjölmiðlafólki á vettvangi. Var alveg upptekinn við að passa það fólk.

### **Skúli Berg.**

Tók eftir því að það vantaði lokanir við vettvang. Hann ætlaði að taka myndir í upphafi en fór í það að vísa fólki burt.

Var ekki sáttur við það þegar þurfti að stoppa æfinguna vegna flugs. Þá raskaðist vettvangurinn.

Kom með þá hugmynd að í framtíðinni yrði aðeins einn bíll með eina og sömu áhöfnina notuð í flutningum á látnum.

### **Einar Ómarsson.**

Var í hliði við rauða flugskýlið. Ekkert óvænt gerðist, sáttur við gang mála þar.

### **Þorgeir A. Elíesersson.**

Kom, ásamt HÁH, fyrstur á vettvang. Mikil skelfing á vettvangi, erfitt að fara í einhvað eitt verkefni, aðeins tveir á vettvangi. Reyndu að ná til fólks á vettvangi og kölluðu reglulega inn upplýsingar til lögreglustöðvarinnar.

Vantaði samband við þá björgunaraðila sem voru fyrir á vettvangi (slökkviliðið á flugvellinum). Hann var síðan færður í gæslu við gatnamótin, við þjóðveginn og lenti þar í ströggli við fólk. Sérstaklega lenti hann í að rífast við fólk sem var að koma á flugvöllinn vegna raunverulegs flugs.

### **Anna Lára Guðmundsdóttir.**

Tók greinilega eftir því að þeir björgunarmenn sem fengu það hlutverk að koma með látið fólk á söfnunarsvæði látinna, það var áhugalaust. Tóku brúðurnar og hentu þeim inn. Þegar hún ætlaði síðan að fá upplýsingar um hinn látna, hvar hann fannst o.þ.h. þá var fátt um svör. Greinilega ekki skilningur á því hvað fara þarf varlega með látið fólk og að allar upplýsingar verða að vera á hreinu.

Sagði hún að það hefði komið svo greinilega í ljós að björgunarlið hefði ekki nennt þessum leik með brúðurnar.

Einhver mistök í söfnunarsvæði slasaðra, þar létust aðilar en ekki skráður dánartími.

Fannst einkennilegt hvað björgunarfólk sýndi þessum hlut æfingarinnar lítinn áhuga, fannst þetta koma frekar illa út gagnvart björgunarfólkinu.

### **Jón H. J.**

Fannst einkennilegt að þegar hann er að fá tilkynninguna um slysið þá tók hann eftir því að slökkvilið og sjúkralið var að koma á vettvang. Greinilegt að þeir höfðu verið í bílunum þegar kallið kom og farið strax af stað.

Fjarskiptamál í lélegu ástandi, vantaði stöðvar hjá lögreglu.

### **Valtýr Gíslason.**

Fjarskiptamál í lélegu ástandi, vantaði stöðvar. Virtist vanta upplýsingar um opnun á flugvelli eftir að honum hafði verið lokað eða að ökumenn sjúkrabifreiða virtu ekki lokanir. Of mikið af sjúkrabílum á vettvanginum fyrir ofan flugvöllinn, á þjóðveginum. Greinilegt að þangað komu björgunarbílar sem síðan snéru við án þess að gera neitt á vettvangi. Vantaði betri stjórnun á því.

### **Ingvar Jakobsson.**

Fannst það einkennilegt að lögreglu maður var í því hlutverki að rita niður upplýsingar fyrir vettvangsstjóra. Greinilega vantaði lögreglumenn á tímabili á vettvang, fannst því ekki nauðsynlegt að fórna lögreglumanni í þetta hlutverk.

Greinilega misræmi í talningu, látnir voru settir í land af bátum og það virtist hafa farið framhjá björgunarstjóra.

Björgunarsveitir sem lentu í því að vinna með látna, dúkkur, fóru ekki vel með dúkkurnar/látnu og töluðu um að hafa fengið léleg hlutverk.

Það voru 3-4 talstöðvar inni hjá vettvangsstjóra, varð oft mikill hávaði og læti af þessu.

Fjarskiptum ábótavant á meðal björnumanna.

### **Ottó Þórðarson.**

Rólegt á stöðinni, var í því að bera boð á milli ÖJ og Gæslustjóra.

### **Porkell L. Þorkelsson.**

Fjarskiptamál eru ekki góð, vantar meira af handstöðvum.

Lögreglumenn máttu ekki vera færri, þá væri vikilega erfitt að ná utan um vettvanginn og ná stjórn á honum.

Reyndi tvisvar sinnum að fá mannskap frá flutningsstjóra en hann átti ekki til neina menn.

Mér fannst ég hafa gott vald á vettvanginum, gríðarlegt álag og áreiti um tíma. Vill til að lögreglumenn eru oft að vinna við erfiðar aðstæður og þekkja því svona vinnu.

Fjarskiptamálum björgunarliðs ábótavant. Greinilegt að menn voru að hraða sér í verkefni og var kappið oft full mikið. T.d. var gæslustjóri búinn að tilkynna lokun á flugvelli, vegna komu flugvélar. Varð ég síðan að rjúka á eftir sjúkrabifreið og stöðva hana vegna þess að þeir voru á leið að slysavettvangi. Í þessum bíl voru þrír sjúkraflutningamenn en þeir voru ekki að hlusta á fjarskiptin

Get ekki séð afhverju lögreglu maður var settur inn til Vettvangsstjóra í starf ritara þegar úti á vettvangi var næg vinna fyrir lögreglumenn.

**Fram komu síðan eftirfarandi atriði í almennum umræðum.**

Lögglumenn sem komu fyrst á vettvang höfðu ekki tíma til að sinna lokunum eða stjórnun á vettvangi vegna slasaðra og fólks sem ráfaði um.

Talað var um það að björgunarlið og slökkvilið hefðu verið tilbúnar í bílunum á stöðinni þegar útkallið kemur. Því myndaðist strax “kraðak” á vettvangi og lögreglumenn náðu ekki tökum á því fyrr en töluvert seinna.

Lögglumenn voru mjög ósáttir við að aðstandendur komust út af flugstöðinni og inn á flugvöll. Starfsmenn flugvallarins höfðu ekki nein tök á fólkinu sem var þar inni og komst síðan út. Lögreglumenn töfðust síðan við það að eltast við þetta fólk.

Óánægja var með það að þyrlan var að “rúnta” um vettvanginn, þarna voru menn og farartæki á sveimi, hættulegt.

Tekið var á móti þyrlunni á ákveðnum stað, en samt fór hún af þeim stað og fór á “rúntinn” fyrir framan flugturninn. Flugmenn Landhelgisgæslunnar fylgja ströngu kerfi varðandi þyrluna en fóru ekki eftir neinu kerfi á vettvangi.

Gríðarlegt álag hefði verið á verkþáttarstjórum.

Fjarskipti voru ekki í góðu lagi á vettvangi, björgunarsveitarmenn voru ekki á réttum rásum. Vettvangsstjóri hefði átt að reka þá af rás vettvangsstjóra (5). T.d. Var þyrlan að nota þessa rás til að ná sambandi við björgunaraðila.

Athugavert að ekki var formleg afhending á vettvanginum til viðkomandi aðila, t.d. rannsóknarlögglumanna.

Virðingarfyllst,

Þorkell L. Þorkelsson,  
Lögglumaður nr. 9610.



# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

<b>Aðhlyningarstjóri</b>	<b>Rannveig Björnsdóttir</b>
--------------------------	------------------------------

Punktur frá aðhlyningarstjóra.

KL 12:31 mætir aðhlyningarstjóri á svæðið og undirbýr það með aðstoð heilbr.starfsfólks sem kom með honum 10 heilbr.starfsmenn komu á fyrstu 5 mínútunum. Þetta gekk vel, SSS komið upp kl 12:37.

Purftum ekki að hita svæðið þar sem hitinn var fínn inni.

Aðrir 10 heilbr.starfsmenn koma á næstu 10 mínútunum.

Fyrsti sjúklingurinn kemur kl 12.43.

Skipar fyrsta starfsfólki í sveitir.

Skipar ritara á móttökusvæði og grænt svæði, þar sem þörfin er fyrst þar.

Skráningu inn og út af svæðinu þurfti heilbr.starfsfólkið að sjá um allan tímann ásamt því að sinna veiku fólki og var það vegna þess að hjálp frá björgunarsveitarmönnum kom ekki eins og fram kemur síðar.

Kallar fljótlega eftir aðstoð til að fá björgunarmann með fjarskipti og fæ Hörð Harðarson.

Aðstoðarmaðurinn var frábær. Ég hefði aldrei komist yfir samskiptin í gegnum talstöð án hans hjálpar. Hörður stóð sig mjög vel. Hann kom upplýsingum skilmerkilega frá sér og til mín jafnóðum og sýndi einnig frumkvæði ef ég gat ekki svarað honum strax.

Ég hafði samskipti við aðgerðarstjórn (Svönu frá Heilbr.stofnuninni) og hópslysastjóra F.SÍ í gegnum GSM og var nauðsynlegt að geta verið í beinu sambandi við þau. En ef GSM símkerfið myndi bregðast þá væri spurning hvort við gætum verið með okkar samskipti á okkar rás (FSÍ) rásinni.

Báðum fljótlega eftir aðstoð björgunarsveitarmanna við að flytja slasaða innan svæðisins og hjálparliða til að aðstoða okkur við að hlúa að slösuðum, en sú hjálp kom í **raun aldrei** og skapaði það smá erfiðleika heilbr.starfsmanna með að komast yfir að sinna sjúkum þar sem tími fór í flutning innan svæðisins.

Slökkvilið Bolungavíkur bauð fram aðstoð sína þegar þeirra starfi var lokið á vettvangi og voru þeir nýttir til að bera slasaða.

Birgðastjóri mætti vera yfir birgðum og hefði þá kontrol á aðgöngum líka. Þetta er ósk sem kom frá heilbr.starfsfólkinu. Við munum skipa í það í næstu æfingu eða slysi.

Mikið kallað á mið og beðið um eitt og annað, virkja fólk í að skrá á mða og koma öllum skilaboðum þannig til mín. Fékk í raun mjög fá skilaboð á miðum. Ég var búin að dreifa miðum og pennum á greiningarborð og birgðasvæðið.

Setti of seint starfsmenn inn í að skrá út af gula og rauða svæðinu. Hefði fyrr átt að gera einhvern ábyrgan fyrir því, því tími fór í að setja einhvern inn í það og einnig að gera einhvern ábyrgan fyrir að skrá þá sem létust. Það var gert í lokin. Það versta við þetta var að ég þurfti að virkja hjúkrunarfræðing og rendan sjúkraliða í þetta því engir hjálparliðar voru á svæðinu. Svo ef einhverju er ábótavant við skráninguna þá er það mannfæð á SSS um að kenna.

## **Gekk að mestu vel að flytja slasaða af svæðinu.**

Flug: (skv. Minni skráningu hef ekki haft tækifæri til að bera mitt bókhald saman við bókhald Harðar)

2 rauðir með sjúkkravél og engin fer með þar sem í vélinni var starfsm. (?) sem gat séð um þá.

3 rauðir fara með Björgunarþyrlunni SIF og 1 hjúkka með af SSS + þyrlulæknir sem hafði aðstoðað okkur inn á rauða svæði á meðan þyrla var í björgun á sjó.

8 með sjúkrahúsi (með vélinni komu 5 úr greiningarsveitarteymi). 2 úr greiningarsveitarteymi fara með vélinni en hinir 3 gera sig klára til að fara með næstu vél sem kom stuttu síðar.

8 fullorðnir og 1 barn fara með næstu vél og hinir 3 úr greiningarsv. teyminu. Með þessari vél komu 2 skurðstofuteymi sem fóru út á sjúkrahús til að aðstoða þar við aðgerðir. Einnig hafði verið beðið um O mínus blóð, ketalar og morfín með vélinni. Þetta vað beðið um í gegnum aðgerðarstjórn fljótlega eftir að slasaðir fóru að streyma inn á SSS.

1 rauður fer með áætunarvél sem var hér kl 15:00 og 1 hj.fr. fer með.

## Grænir

Eftir að 7 grænir voru komnir á svæðið var beðið fljótlega um flutning fyrir þá út á sjúkrahús en það tók allt of langan tíma að fá þann flutning.

Að minnsta kosti hálf tími leið frá því að ósk kom um flutning þar til að flutningur varð.

Inn á græna svæðinu var í byrjun 1 sjúkraliði sem fékk ekki aðstoð fyrir en ég hafði beðið um auka aðstoð frá sjúkrahúsinu, þá bættust tveir sjúkraliðar við og voru þá grænir inn á svæðinu orðnir 16. 1 manneskja í raunveruleikanum hefði aldrei náð að sinna þessu fólki. Ég bað um aðstoð frá björgunarsv. mönnum með skyndihjálpargetu í byrjun en sú aðstoð kom aldrei eins og komið hefur fram. Flutningur kom allt of seint, bílstjóri sjúkrahússins kom til mín og sagðist vera laus og bauðst til að flytja út á sjúkrahús og gat tekið 8 í fyrstu ferð. 8 grænir fara með bíl út á F.S.Í hringt á undan þeim. Stuttu síðar fer restin 8 með björgunarsv. bíl út á sjúkrahús og 1 sj.liði með þeim en ég vissi ekki þegar þau fóru og hringdi því ekki út á sjúkrahús og því miður kom þá ekki boðum um þá þangað.

## Sjúkrahús aðrir. 4 gulir 1 rauður og 1 grænn

Sjúkrabílar og björgunarsv. bíll flytja restina út á sjúkrahús.

Með fyrsta sjúkrabíl fer læknir og hj.fr. með 2. bíl fer skurðstofuteymið.

Hjúkrunarfr. og læknar og annað heilbr. starfsfólk kemur sér í framh. út á sjúkrahús.

Út á sjúkrahúsi var fáir hjúkrunarfræðingar og læknar til að taka á móti 2 hópnum grænna því stór hluti þeirra var kominn inn á SSS og með fyrsta bíl af grænum hefði þurft að fara 1 hjúkrunarfræðingur.

Í heild sinni er ég ánægð með daginn en:

Hjálp frá björgunarsv. fólki kom ekki inn á SSS

Flutningur með græna kom seint

Birgðastjóra vantaði (ósk heilbr. starfsfólks)

Betri stjórnun á hvar heilbr. starfsfólkið átti að vinna komi frá aðhlyningastjóra eða öðrum heilbr. starfsmanni ???

Skilaboð til aðhl. stjóra berist á miðum.

Skráning inn og út af svæðinu gæti verið á ábyrgð annarra en heilbr. starfsfólks sem er kannski fálíðað.

Virkja þarf björgunarsveitarfólk.

Rannveig Björnsdóttir

Aðhlyningarstjóri

Flugslysæfingu

Ísafjarðaflugvelli 2004.

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Slökkvilið**

**Jón Friðrik Jóhannsson**

## Skýrsla hópstjóra slökkviliðs.

1. Undirritaður var skipaður í fjóra vinnuhópa: Skipulag vettvangs, vettvangsstjórn, slökkvilið og fjarskipti þar af var ég hópstjóri í Slökkviliðshópnum.
2. Á æfingunni var ég eingöngu staddur á vettvangi og mitt helsta hlutverk að fylgjast með slökkvistarfi flugvallarvarða og bæjarlökkviliðs ekki síður klippuvinnu og stjórnun á vettvangi, mér til aðstoðar var Árni Ó. Árnason. Einnig voru þeir Jóhann og Rolf frá slökkviliði Akureyrar sem sáu um uppsetningu vettvangs á staðnum og fylgdust með framvindu mála.

Helstu tímasetningar: Samkvæmt minni klukku kveiktum við í ríflega 12:03 og leyfðum eldinum aðeins að ná sér upp áður en útkall hófst eða um kl. 12:08. Flugvallarverðir komu fyrstir á staðinn innan eðlilegra tímamarka ca.30 sec, bæjarlökkviliðið var komið á staðinn kl. 12:20. Björgunarstjóri telur svæðið öruggt til að hefja aðhlyningu og frumgreiningu kl. 12:28. Klukkan 12:34 kemur slökkvilið Súðavíkur á biðsvæði og á mjög svipuðum tíma komu Bolvíkingar. Síðasti sjúklingur í bíl kl. 13:56.

3. Hvernig til tókst almennt:

Hægt er að segja að æfingin hafi tekist vel hvað varðar slökkvihópinn. Slökkvilið Ísafjarðar er vel tækjum búið og í góðri æfingu, það má einnig segja um flugvallarverði og þeirra búnað (nýr slökkvigallar og allt). Samvinna liðanna (bæjar og flugvallar) góð og samæfingar hafa verið haldnar. Það er að sjálfsögðu töluverður munur á að halda svona æfingar þar sem atvinnuslökkvilið eru til staðar og ég tala nú ekki um þar sem sjúkraflutningarnir eru á þeirra hendi einnig eins og háttar til á Ísafirði. Á æfingunni kom það berlega í ljós að heppilegast hefði verið að menn frá slökkviliðinu sinntu starfi flutningastjóra einnig. Slökkviliðin frá Bolungavík og Súðavík tóku einnig þátt í æfingunni voru kölluð út til aðstoðar, leiðinlegt þó að Súðvíkingar gleymdust á biðsvæði. Nánar er um það fjallað hér að neðan hvað vel fór og hvað má bæta. Að öðru leiti held ég að menn og konur hafi verið almennt ánægð með æfinguna, kosti hennar og galla, því eins og einn góður maður sagði, þá verður seint hægt að halda æfingu þar sem allt gengur upp og allir verði ánægðir.

4. Nokkur atriði sem vel fóru:

a. Undirbúningur flugslysaþópsins gagnvart slökkviþættinum var nægur að okkar mati. Fræðsla var haldin fyrir starfsmenn slökkviliðsins og flugvallarverði um helstu hættur við aðkomu að flugslysi. Einnig fengu þeir fræðslu hvað varðar greiningarspjöldin nýju, og meðferð sjúklunga. Heimamenn stóðu sig mjög vel í undirbúningi að æfingunni og voru allir vel upplýstir og þekktu sín hlutverk vel.

b. Eins og áður hefur komið fram var gaman að sjá að menn vissu sín hlutverk og til hvers var ætlast af þeim. Flugvallarstarfsmenn voru snöggir á staðinn og hófu slökkvistarf eins og til var ætlast. Það var vitað að vettvangurinn yrði erfiður og dreifður yfir stórt svæði þannig að það var úr vöndu að ráða hvernig best væri að haga fyrstu lokunum og hefja björgunarstörf. Björgunarstjóri fékk góða yfirsýn yfir staðinn frá flugbrautinni og fór þó einnig í ökuferð til að ná betri yfirsýn. Björgunarstjórinn fékk haldgóðar upplýsingar hjá flugvallarstarfsmönnum strax í upphafi. Hann reyndi einnig að ná sambandi við flugturn til að fá frekari upplýsingar um farþegafjölda og annað þar sem hann náði ekki sambandi við vettvangsstjóra í upphafi aðgerða. Þeir leistu þó úr því fljótlega sem var gott. Samskipti við sína eigin menn gekk vel bæði munnlega og með talstöðvum. Björgunarstjórnann var alltaf að finna á sínum stað þannig að þeir sem ekki náðu talstöðvarsambandi gátu alltaf gengið að honum vísu. Þrátt fyrir

mikið áreiti og talstöðvarerfiðleika tókst björgunarstjóra að vinna vel úr þeim vandamálum sem upp komu. Þetta er eitthvað sem alltaf má búast við að komi upp í stórslysum sem þessum. Það er mikil reynsla sem fæst með því að taka þátt í svona æfingum sem stjórnandi, og þó svo að allt gangi ekki upp eftir skipulagi en gengur samt upp á endanum með góðum úrræðum er vel. Slökkvistörf gengu vel yfir höfuð og björgun úr flökum með klippum gekk að mörgu leiti vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Samvinna slökkviliða og annarra starfseininga virtist ganga vel að mestu leiti. Þó er ekki hægt að neyta því að samband flutningastjóra og björgunarstjóra hefði þurft að vera betra og má þar eflaust mörgu um kenna. Í því sambandi er ég búinn að nefna áður að hlutverk flutningastjóra hefði verið betur komið undir stjórn manns úr slökkviliðinu, þar sem þeir eru með nær alla flutningsgetuna á sínum snærum og þekkjá betur getu og þörf á flutningum.

5. Nokkur atriði sem betur máttu fara:

a. Hvað varðar athugasemdir vegna undirbúnings eða æfingarlegs eðlis þá er fátt sem kemur upp í hugann. Það er þá helst að Brunamálaskólinn var með námskeið fyrir slökkvilið Bolungarvíkur á sama tíma og æfingin og undirbúningur hennar var í gangi. Það sást meðal annars á því að kennarar skólans komu á æfinguna til að fylgjast með en voru ekki merktir sem slíkir og það truflaði.

b. Ef við förum síðan yfir nokkur atriði sem okkur fannst betur mætti fara þá er þar hellst að nefna talstöðvarsamskipti eins og venjulega, en eins og fram hefur komið var það leyst að nokkru leiti strax eftir fyrstu upphafsminúturnar. Nánar hlýtur að vera fjallað um þau mál í skýrslu fjarskiptahóps. Þá er einnig hægt að tala um lokanir á svæðinu á fyrstu mínútunum sem hefðu mátt koma fyrr, en var leyst mjög vel þegar líða tók á æfinguna. Þá hef ég áður minnst á flutningastjóra, sem hefði komið betur út ef um starfsmann frá slökkviliðinu hefði verið að ræða. Þannig ætti það að vera á öllum þeim stöðum þar sem slökkvilið sér um sjúkraflutninga einnig. Á fyrstu mínútum þurfa björgunarstjóri og flutningastjóri að vinna mjög náið saman og vera í góðu sambandi síðan eru það flutningar frá söfnunarsvæði slasaðra sem hefst fljótlega þar á eftir sem krefst jafnvel aðstoðarmanns flutningastjóra. Það kom líka í ljós að þrátt fyrir beðni frá björgunarstjóra til vettvangsstjórnar um fleiri björgunarsveitarmenn á staðinn virtist það ekki hafa skilað sér fyrr en í annarri tilraun. Á hitt er að líta að sjaldan virtist vera almennur skortur á hjálparliði á slysstað sem orsakaði eflaust það að slökkvilið Súðavíkur gleymdist og sat alla æfinguna verkefnalaus á biðsvæði hjálparliðs og gafst á endanum upp á biðinni og hélt heim.

Líkt og á fyrri æfingum komu upp vangaveltur hjá okkur þegar ljóst var að langan tíma tæki að klippa slasað fólk úr flakinu hvort Björgunarstjóri hefði ekki átt að kalla sérhæfða lækniástoð aftur á staðinn til aðhlynningar. Við heyrðum aldrei hvort þess var óskað. Það er þó ljóst að þarna voru mikið slasaðir einstaklingar og í svona stöðu getur verið erfitt að forgangsraða.

Jón Friðrik Jóhannsson  
Sviðsstjóri slökkvisviðs

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

<b>Björgunarsveitir</b>	<b>Atli Már Markússon</b>
-------------------------	---------------------------

Undirritaður starfaði með björgunarsveitum á svæði 7 en alls eru 7 björgunarsveitir skrifðar inn í flugslysa áætlunina fyrir Ísafjörð, en 5 tóku þátt í æfingunni 27 björgunarmenn á landi 26 á sjó ásamt 3 í áhöfn lóðsbátsins.

Undirritaður var staddur á skaðasvæði við innri lokun og fylgdist aðallega með flutningum en einnig með vinnu við slasaða á slysstaðnum.

Æfingin tókst heilt yfir vel flutningastjóri var nokkuð fljótur að koma upp ákveðinni rútinu á flutningstæki þannig að auðveldara var að skrá fórnarlömb útaf skaðasvæðinu og flutningar gengu fljótt fyrir sig og sjaldan var nokkur bið eftir flutning. Þegar björgunarsveitir mættu á vettvang vantaði ákveðið “frumkvæði” til þess að demba sé á næsta sjúkling og byrja að vinna því nóg var af sjúklingum sem ekki var verið að sinna einnig vegna þess hversu dreyfður slysavettvangurinn var var aðeins verið að sinna sjúklingum sem voru sunnar á brautinni þeir sem voru nær enda brautarinnar til norðurs fengu ekki aðhlyningu nógu fljótt. Ljóst er að sjóbjörgunarpáttur æfingarinnar dró töluvert úr viðbragði á landi en þegar bjargir komu á vettvang hefði sá aðili sem var í (MÓT) átt að geta beint björgum t.d beint inn á skaðasvæði eða inn á (SSS) eftir því hvað við á, einn björgunarsveitarbíl lenti í því að reyna að kalla á vettvangsstjórn við komu inn á svæðið og fékk þar fyrirskipun um að bíða svo hann beið og beið í einhverjar 20 mín en líklega hefði hann ekki beið með að fara að innri lokun í raunveruleikanum einnig vantaði fólk úr björgunarsveitunum inn á (SSS) á fyrstu stigum aðgerðarinnar en skrifast það líklega á sjóþáttinn að ekki komu neindir björgunarsveitamenn á (SSS) fyrr en vinnu var að mestu lokið á skaðasvæðinu. Einnig þótti flutningastjóra eftir á að nauðsinlegt hefði verið að koma upp biðsvæði hjálparliðs fyrir allt það lið sem dregst frá skaðasvæðinu því þegar að vinnu þar líkur virðist hjálparlið alltaf safnast saman fyrir framan (SSS) og vera jafnvel fyrir þetta má hafa í huga á komandi æfingum.

Atli Már Markússon

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Fjarskipti**

**Jónína Sigurðardóttir**

## Lögreglan

Lögreglan hefur yfir að ráða tvenns konar fjarskiptabúnaði. Annars vegar er það VHF fjarskiptakerfi sem hefur þjónað þeim lengi. Er það nánast komið úr notkun enda er það úr sér gengið og að verða ónothæft. Það sem eftir er að því eru sex handstöðvar sem eru orðnar mjög lélegar. Stöðvarnar eru forritaðar auk lögreglurása, björgunarsveitarás og almannavarnarás.

Hins vegar hefur lögreglan tekið í notkun Tetra fjarskiptakerfið. Erú aðeins tveir sendar sem þeir hafa aðgang auk magnara í göngunum til Flateyrar. Hefur kerfið reynst þeim vel á Ísafirði og og í næsta nágrenni við bæinn eins og kerfið nær.

## Slökkviliðið

Einnig hafa þeir tekið í notkun Tetrakerfið en nota það nánast ekkert nema þegar þeir þurfi að fara í útköll í göngunum og í samvinnu sinni við lögregluna. Að öðrum kosti nota þeir VHF fjarskiptakerfi sem þeir telja að þjóni þeim vel

## Björgunarsveitir

Þeirra fjarskipti eru alfarið á VHF og telja að þeir geti ekki skipt yfir í Tetrakerfið þar sem það er of mikil fjárfesting fyrir þá .

## Æfingin

Ákveðið var að nota VHF fjarskipti sem aðalfjarskipti á æfingunni. Rás 5 almannavarnarrás á milli aðgerðarstjórnar og vettvangsstjóra en á milli vettvangsstjóra og verkþáttarstjóra var rás 5, björgunarsveitarás notuð. Allir aðrir sem komu að æfingunni notuðu VHF fjarskipti nema lögreglan notaði Tetra fjarskipti innbyrðis við vinnu sína.

Þar sem fjarskipti björgunarbátsins Gunnars Friðrikssonar komu inn á samskiptarás vettvangsstjóra og verkþáttastjóra þá var allt of mikil umferð á rásinni og kom það niður á samskiptum þeirra á rásinni. Einnig var of mikil umferð þeirra sem áttu ekki erindi inn á rásin á tímabili og átti því vettvangsstjórn að grípa þar inn í og stjórna samskiptunum betur. Samskipti við Gunnar Friðriksson áttu að fara í gegnum björgunarstjóra og síðan átti björgunarstjóri að hafa samband við vettvangsstjóra. Ljóst er að betra hefði verið að lögreglan og slökkviliðið hefðu notað sín Tetra fjarskipti því sá búnaður er nýrri og betra að teysta á hann heldur en gamlar og þreyttar stöðvar sem lögreglan notaði í VHF kerfinu. Flugturninn hafði ekki talstöðvarsamband við vettvangsstjórn og þurftu þau samskipti að fara í gegnum GSM síma. Er það bæði seinlegt og ekki hægt að treysta á þau samskipti ef um raunverulegt slys er að ræða og þarf að koma á varanlegu talstöðvarsambandi í flugturninum.

Tækjabúnaðurinn var misjafnlega góður og þarf bæði að fjölga stöðvum og endurnýja hjá flestum viðbragðsaðilum svo hægt sé að samhæfa aðgerðir betur.

Í heild sinni gekk fjarskiptabáttur æfingarinnar nokkuð vel upp en geta má þess að það sem fór úrskaiðis er hægt að bæta auðveldlega og þá þarf að huga að fræðslu og þjálfun í notkun fjarskipta auk endurnýjunar búnaðar.

Reykjavík 14.júní 2004

Virðingarfyllst

Jónína Sigurðardóttir

# Flugslysaæfingin Ísafjörður 2004

## Heilsugæsla og Fjórðungs- sjúkrahúsið á Ísafirði

Ólafur Sigmundsson, Læknir  
Rannveig Björnsdóttir, Hjúkrunarfræðingur  
Þorsteinn Jóhannesson, Læknir  
Pröstur Óskarsson, Framkvæmdastjóri

Undirbúningur, æfingar og öll forvinna flugslysaæfingarinnar var góð. Upprifjun og þjálfun sem heilbrigðisstarfsfólk fékk frá hjúkrunarfræðingum og læknum Lsp. Háskólasjúkrahúss, Bráðamóttöku í Fossvogi var góð og til mikilla bóta en greinilegt að betur þyrfti að æfa alla skráningu. Gleymst hafði að upplýsa símavaktarfolk um boðleiðir og ferli. Við boðun starfsfólks Heilsugæslu og Sjúkrahúss komu fram nokkrir ágallar sem verður reynt að bæta úr og sá möguleiki verður skoðaður hvort rétt sé og mögulegt að boða starfsfólk með hópútbóði rétt eins og gert er hjá slökkviliði og öðrum sveitum, væntanlega getur það þó aldrei orðið öðruvísi en bundið við þá sem eru á bakvakt hverju sinni. Boðunarkerfi okkar virkaði þó það vel að það tókst að kalla út 53 starfsmenn auk þeirra 12 sem voru á vakt í húsinu þannig að alls virkjuðust um 65 starfsmenn Fjórðungssjúkrahúss og Heilsugæslu við þessa æfingu.

Starfsmenn Fjórðungssjúkrahúss og Heilsugæslu sáu um flutning sinn á slysstað á eigin farartækjum, sem gekk snuðrulaust fyrir sig. Skráningu á æfingarsvæði var ábótavant. Þannig sýnist að einungis hafi verið skráðir þeir sem fóru inn fyrir innri lokun en t.d. starfsfólk í heilbrigðisþjónustu fór beint að söfnunarsvæði slasaðra og hafði aðgengi að því án þess að fara í gegnum innri lokun. Þetta þyrfti að lagfæra þannig að það liggi alveg ljós fyrir hvaða bjargir þ.e.s.a. mannskapur, tæki og búnaður sé kominn á staðinn. Einhverjar smávægilega tafir hvort heldur vegna misskilnings eða annars urðu á að tæma vélageymslur á flugvelli en það kom ekki verulega að sök því að búíð var að koma upp greiningaraðstöðu á söfnunarsvæði slasaðra svo og gæsluáðstöðu á sama svæði áður en fyrstu sjúklingar komu utan af slysstað.

Aðstaða á greiningarsvæði og gæslusvæði verður að teljast mjög góð og ábendingum sem heilbrigðisstarfsfólk kom með fyrir æfingu hafði verið fylgt og endurbætur gerðar af starfsmönnum Flugmálastjórnar.

Móttökuritarar voru ekki alveg klárir á útfyllingu blaða og því nauðsynlegt að leggja áherslu á það í framtíðinni að fólk verði æft virkilega til skráningar. Það voru talsverð vanhöld á að sjúklingar kæmu með greiningarkort og þar með númer utan af slyasvæði og er það mjög bagalegt fyrir starfsfólk á söfnunarsvæði slasaðra sérstaklega þar sem að við höfðum ekki nein númeruð greiningarspjöld.

Nokkur ringulreið skapaðist á söfnunarsvæði slasaðra eins og við er að búast en helstu vankantar á því svæði voru þeir að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að fá til starfa í upphafi hjálparsvartarmenn eða sjúkraliða frá hjálparsvartum til aðstoðar t.d. við burð og eftirlits sjúklinga. Aðhlyningarstjóri marg ítrekaði beiðni um hjálparliða hvað ekki gekk þannig að tekið var til þess ráðs að senda eftir

starfsfólki af Fjórðungssjúkrahússins til starfa á gæslusvæði. Þannig að þegar best lét þá voru 26 -27 starfsmenn Fjórðungssjúkrahúss og Heilsugæslu við störf á SSS.

Birgðastöð sem átti að vera vel aðgengileg bæði fyrir greiningarsveit og gæslusveit þar sem Sorapokarnir og önnur áhöld er við höfðum tekið með og voru staðsett. Í ljós kom að þar skapaðist mikil óreiða fljótlega og mun í framtíðinni verða skipaður svo kallaður birgðastjóri á SSS, sem ber ábyrgð á birgðum og útteilingu þeirra.

Það vantaði tilfinnanlega starfsfólk eða hjálparliða á gæslusvæði því að í flestum tilvikum þarf a.m.k. 1 starfsmann til eftirlits á hvern sjúkling og allt upp í 3-4 ef eitthvað þarf að sinna þeim meir.

Það var mjög fljótlega farið að leita eftir flutningi lítt slasaðra af svæði inn á sjúkrahúss til lokaskoðunar og frekari meðhöndlunar en vel hafði gengið að virkja sjúkrahúsið þannig að móttökusveit þar beið til kl. 14:15 eftir fyrsta sjúklingi.

Á söfunarsvæði fyrir Græna þ.e.a.s lítt slasaða og fólk sem var göngufært safnaðist fljótlega 7 einstaklingar sem lent höfðu í slysinu, allir kvíðnir og áhyggjufullir og vert að hafa í huga að bið þessara einstaklinga í nánd við slyssvæði er ef til vill ekki alltaf til bóta. Þar sem hægt er að flytja þessa einstaklinga í burtu á mjög einföldum faratækjum svo sem venjulegum fólksbílum er það íhugunarvert hvort ekki eigi að senda þetta fólk sem fyrst burt af vettvangi þótt ekki sé réttlæt看legt annað en að senda einn hjálparliða með þeim í “farartækinu” til eftirlits.

Þetta er hér sagt þar sem móttökusveit sjúkrahússins beið nánast í 1½ klukkustund tilbúin eftir fyrsta sjúklingi. Aðhlyningarstjóri leitaði eftir flutningi þessa fólks þ.e.a.s. Grænna en það gekk ekki eftir. Bjargir sem beið var um frá Reykjavík virtust skila sér, bjargir sem beið var um af Fjórðungssjúkrahúsinu skiluðu sér.

Móttökusveitir á Fjórðungssjúkrahúsinu sem samanstóðu af lækni, hjúkrunarfæðingum og sjúkraliðum tóku á móti sjúklingum hér á sjúkrahúsinu og var um að ræða 3 teymi þó í fyrstu hafi einungis verið 1 lækni með til staðar. Móttakan gekk snuðrulaust fyrir sig og fólk fékk hér lokaskoðun, var sent upp á deild til frekari aðhlyningar og eftirlits eða á kaffistofu og beið þá flutnings niður á fjöldahjálparstöð Rauða Krossins.

Meinataeknar æfðu viðbrögð blóðgjafa í útkalli hringdu út og hefðu náð í 18 blóðgjafa sem tilbúnir voru til að gefa blóð ef við hefðum þurft á að halda.

Fjarskipti hefðu mátt vera betri og má þar að hluta til kenna um reynsluleysi, hópslystjóri náði góðu sambandi við aðalstjórnstöð en skilaboð á stundum misvísandi. Aðhlyningarstjóri fékk hjálparveitarmann sem að er alvanur fjarskiptum sér til halds og trausts og var það til mikilla bóta og nauðsynlegt að sá háttur verði á í framtíðinni.



Eftir æfinguna kom starfsfólk Heilsugæslu og Sjúkrahússins saman á Sjúkrahúsinu og sögðu flestir frá upplifun sinni af æfingunni. Og eru þessi drög að hluta til samin m.t.t. þess sem að á þeim fundi kom fram svo og minnisblöðum hinna ýmsu stjórnenda.

Það sem “uppúr” stendur;

- Undirbúningur og verklegar æfingar fyrir flugslysæfingu var góður.
- Skráning bjarga inn á svæði ábótavant.
- Æfa þarf betur notkun skráningarblaða.
- Nýju greiningablöðin mjög óhandhæg, sér í lagi þar sem þau eru samanbrotin og þarf að troða þeim niður í plastöskju. Óþjál fyrir fólk á “gæslusvæði” þar sem þau sýna ekki á einum stað hvað að sé og “flæði” yfir það sem gert hefur verið.
- Bæta þarf boðunarkerfi heilbrigðisstarfsfólks.
- Yfirfara og endurbæta gátlista.
- Uppfæra lyfjatösku.
- Tryggja aðkomu hjálparveitamanna inn á SSS.
- Sjá til þess að alltaf sé möguleiku á flutningi slasaðra frá SSS á sjúkrahús.
- Gera birgðastjóra ábyrgan fyrir búnaði og lyfjum á SSS.
- Æfa fjarskipti.
- Upplýsa fólk á sínavakt nánar um ferli og hvert beina eigi fyrirspurnum, sem koma utan úr bæ.
- Auka samskipti og samstarf starfsmanna í heilbrigðisþjónustu annars vegar og hjálparveitarmanna hins vegar.

Virðingarfyllst

Hópslysastjórn;

Ólafur Sigmundsson, Læknir  
Rannveig Björnsdóttir, Hjúkrunarfræðingur  
Þorsteinn Jóhannesson, Læknir  
Þröstur Óskarsson, Framkvæmdastjóri

## Flugslysaæfing Ísafjörður 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði - Vettvangur - Aðhlyningarstjóri	<b>Bára Benediktsdóttir</b> hjúkrunarfræðingur LSH <b>Guðbjörg Pálsdóttir</b> hjúkrunarfræðingur LSH <b>Mikael Smári Mikaelsson</b> læknir LSH

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

**Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði – Slökkvilið Ísafjarðar – Sjúkraflutningar - Björgunarsveitir**

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Mikael Smári Mikaelsson → Vettvangur  
Bára Benediktsdóttir → SSS  
Guðbjörg Pálsdóttir → FSÍ

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Æfing sem þessi leiðir til aukinnar vitundar allra viðbragðsaðila á hlutverki þeirra. En því miður höfðu björgunarsveitir í nágrenninu ekki séð sér fært að taka þátt í æfingunni og kom í ljós að það var mikil þörf fyrir þær. Aðhlyningarstjóri fékk aðstoðarmann við fjarskipti en hefði þurft annan í önnur mál.

Vakthafandi læknir lét sjúkraflutningamenn um bráðaflokkun á vettvangi en var sjálfur á SSS, spurning um stjórnun á bráðaflokkun á vettvangi.

FSÍ var undirmanað eftir að hafa sent starfsfólk sitt á slysstað og vegna anna þar var erfitt að losa það og senda til baka.

Skráning gekk illa og þarf að finna skilvirkara kerfi sem tekur ekki eins langan tíma

Fyrstu sjúklingar sem komu á spítalann voru ekki í fylgd heilbrigðisstarfsmanns.

Það gleymdist að gera starfsfólki skiptiborða FSÍ grein fyrir þeirra hlutverki.

Nauðsynlegt er að hafa birgðastjóra á SSS til þess að auðvelda öðrum vinnuna.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúningur heilbrigðisgeirans var góður.

Bráðaflokkun gekk vel á vettvangi og fyrstu sjúklingar komu inn á SSS kl.12:50 og síðasti sjúklingur fór af SSS kl. 14:59

Gott var að hafa vanan fjarskiptamann á fjarskiptum.

Fjarskipti gengu ágætlega.

Samskipti við aðgerðarstjórn um GSM kerfið gengu mjög vel.

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

Áfallahjálpar/sálgæsla

Margrét Blöndal

## 1. Ráðgjafar, þátttakendur og staðsetning á æfingu:

Margrét Blöndal hjúkrunarfræðingur áfallahjálpar við Slys- og bráðadeild LSH Fossvogi, Jóhann Thoroddsen verkefnistjóri hjá Rauða krossi Íslands og sr. Carlos Ferrer prestur f.h. biskupsstofu tóku þátt í undirbúningi æfingar sem ráðgjafar heimamanna. Sr. Hans Markús Hafsteinnsson fylgdist með æfingunni sem gestur.

Fyrir hönd heimamanna komu að undirbúningi og þátttöku í æfingu, sr. Stína Gísladóttir, sr. Agnes Sigurðardóttir prófastur og sr. Magnús Erlingsson, Hörður Högnason f.h. Rauða kross deildar Ísafjarðar.

Margrét og Hans Markús fylgdist með æfingunni í höfuðstöðvum fjöldahjálpar Rauða krossins og söfnunarsvæði aðstandenda. Jóhann fylgdist fyrst með æfingunni í flugstöðvarbyggingunni en síðan á SSA. Carlos var fyrst í fjöldahjálparstöð en fór til SSA þegar þar fór að fjölga.

## 2. Æfingin í heild tókst vel.

Ekki reyndi á virkjun áfallateymis enda ekki til teymi á Ísafirði sem tengir saman lykil stofnanir og aðila í samfélaginu. Rétt er að benda á að slíkt teymi gæti verið ómetanlegur stuðningur inn á flestar starfstöðvar sem settar eru upp í tengslum við slys af þessu tagi. Teymið gæti komið með faglegar ábendingar er varða sálrænan stuðning slasaðra og óslasaðra, bent á hverju er ábatavant og hvernig best er að nálgast fólk sem orðið hefur fyrir áfalli. Þá er ónefndur hinn mikilvægi þáttur eftirfylgdar. Þá gæti teymið tekið að sér að sitja viðrunarfundi starfsfólk áður en það lýkur störfum. Allur undirbúningur var með ágætum.

Flugslysahópurinn er orðinn vel þjálfður og þegar undirbúningur heimamanna er eins og hann var á Ísafirði, ganga hlutirnir upp. Rauði krossinn hafði undirbúið sitt fólk með ágætum og virtust allir vera meðvitaðir um verkefnið og sínar skyldur.

## 3. Það sem gekk vel.

Jóhann sá um fræðslu fyrir Rauða kross fólk, flugvallarstarfsmenn og almenning fyrir æfinguna. Margrét og Carlos hittu Agnesi og Stínu í Reykjavík, fyrir æfingu þar sem rætt var um gang æfingar og prestar hvattir til að taka þátt. Jóhann, Margrét og Carlos sátu fund, með aðilum frá Heilsustofnun Ísafjarðar, RKÍ og sóknarprestum þar sem fjallað var um þátt þessara aðila í æfingunni og hugmyndir að stofnun áfallateymis. Eftir æfingu sáu ráðgjafar og prestar um viðrun leikara og var full þörf á því.

Þáttur „aðstandenda“ gekk afar vel. Fjöldahjálparstjórnarnir (RKÍ) fengu verðugt verkefni að glíma við. Mismunandi útgáfur af viðbrögðum fólks vegna áfallastreitu birtust þeim og sumir voru allt annað en auðveldir. „Aðstandendurnir“ léku af mikilli innlifun og eiga miklar þakkir skildar. Fjöldahjálparstjórnunum tókst að greiða úr flóknum og erfiðum aðstæðum þrátt fyrir undirmönnun.

Greiðlega gekk að koma „aðstandendum“ frá flugstöð og inn á SSA þar sem vel var hlúð að þeim. Fjöldahjálpastjórnar virtust meðvitaðir um hvernig bæri að bregðast við hinum mismunandi áfallaviðbrögðum „aðstandenda“. Samskipti Heilsustofnunar og fjöldahjálparstöðva voru ekki mikil en gengu vel fyrir sig. Prestar voru kallaðir út og voru staðsettir á SSA og fjöldahjálparstöð.

## 4. Atriði sem fóru ekki vel.

Margir heimamanna töluðu um að gott hefði verið að fá undirbúning og fræðslu fyrir en raun varð. Ráðgjafar buðu heilbrigðisstofnun og Rauða krossi upp á fræðslu um sálræna skyndihjálpar, áfallaviðbrögð og viðrun. mánuði fyrir æfingu en eingöngu Rauða kross deildin þáði boðið. Ljóst er að ráðgjafar áfallahjálpar/sálgæslu ættu að boða til fræðslufundar mánuði fyrir æfingu hvort sem einstakar stofnanir þiggja það eða ekki þar sem skortur á fræðslu á þessu sviði er til umræðu á hverri æfingu. Þó þarf að leysa þann þátt er varðar kostnað við fræðsluna. Tilboðið hefði einnig átt að ganga til fleiri t.d. presta löggæslu og björgunarsveitunum. Boðið var upp á fræðslu um áfallahjálpar daginn fyrir æfingu og var mæting mjög dræm. Skrifast það á ráðgjafa að koma betur til skila upplýsingum um fræðslu.

Prestar gerðu miklar athugasemdir við upplýsingagjöf til aðstandenda á æfingunni. Aðstandendum var vísað í síma á marga aðila og fengu fá svör. Miðlun réttra upplýsinga getur slegið á

óttu aðstandenda og því kom sú hugmynd kom að birta upplýsingar svo fljótt sem kostur er á vefsíðu t.d. Rauða krossins svo aðstandendur séu ekki að fá upplýsingar beint frá fjölmiðlum þar sem þær oft birtast fyrst.

Húsnæðið sem notað var undir SSA var óhentugt. Það var loflaust og það vantaði sárlega auka herbergi til að sinna einstaklingum sérstaklega. Líklega er betra að hafa SSA á sama stað og Fjöldahjálpastöðin. Afþreyingu vantaði s.s. pappír og liti, myndbönd og spil.

Líklega var ofmetið að í byrjun yrði álagið mikið á Fjöldahjálparstöðina því í byrjun var mikið álag á SSA á þeim fáu sem tóku á móti „aðstandendum“.

Gera má ráð fyrir að mesta álagið verði á SSA í byrjun á meðan mesta óvissan ríkir með tilheyrandi álagi á aðstandendur. Þarf því að manna svæðið með þessa staðreynd í huga.

Fjöldahjálparstjórar voru ekki alveg vissir um hvert hlutverk prestanna átti að vera inn á SSA. Það olli engum vandræðum og nærvera prestanna var vel þegin.

Mistök voru gerð varðandi skipulag boðleiða frá prestum og skrifast það á ráðgjafa. Skrifað var í æfinguna, kvöldið fyrir, að prestur yrði í samræmingarstöð sem svaraði beiðnum beint frá prestum á Ísafirði. Prestar eru ekki hluti af áhöfn samræmingarstöðvar og var hlutverk presta leikið á Ísafirði af aðila æfingarinnar. Hér þarf að skoða tvö atriði:

**1. Beiðnir heimamanna verða alltaf að fara í gegnum aðgerðarstjórn heimamanna og þaðan til samræmingarstöðvar í Skógarhlíð.**

**2. Eftir að samræmingarstöð var flutt í Skógarhlíð hefur orðið breyting varðandi presta:**

Útkallskerfi presta er ekki eins og annarra starfseininga, þ.e. að þeir hafa hlutverk á mörgum stöðum s.s. á sjúkrahúsum, í fjöldahjálparstöðvum og í skipulagi lögreglu. Eina beina aðkoma presta að skipulagi almannavarna er í stóruþköllum og æfingum þegar æfð eru viðbrögð í stjórnstöð landsskrifstofu RKÍ, en prestar eru hluti af stuðningsaðilum landsskrifstofunnar. Í þessum tilfellum eru héraðsprestar kallaðir til aðstoðar varðandi upplýsingagjöf til aðstandenda og samskipi við aðra presta.

Mikilvægt er að ljúka vinnu við skipulag vinnu presta á landsvísu og aðlaga því skipulagi sem fyrir er og tryggja með því auðveldari samskipti og samvinnu við aðrar starfseiningar í aðgerðum. Hópslysanevnd kirkjunnar vinnur nú að endurskipulagningu á viðbragðakerfi presta en það þarf síðan að skoða undir stjórn almannavarnardeildar ríkislögreglustjórans. Það breytir því ekki að prestar geta eftir sem áður leitað faglegra ráða hver hjá öðrum á æfingum og í útköllum án þess að það fari í gegnum aðgerðarstjórn eða samræmingarstöð svo framalega sem það varðar ekki stjórnun aðgerða.

Mikilvægt er í framtíðinni að ráðgjafar ræði allt æfingaplan við æfingastjórn tímanlega fyrir æfingu svo þetta gerist ekki aftur.

F.h. ráðgjafahóps áfallahjálp/sálgæsla, Margrét Blöndal

## Flugslysaæfing Ísafjörður 2004 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp Rauða kross Íslands/aðstandendur	Herdís Sigurjónsdóttir, fjöldahjálp Jóhann Thoroddsen, sálræn skyndihjálp/aðstandendur

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

**14 frá Ísafjarðardeild, 1 frá Súgandafjarðardeild, 2 frá Bolungarvíkurdeild og svæðisfulltrúi á vestfjörðum**

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Herdís Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri Rauða kross Íslands-neyðarvarnir, neyðaraðstoð, fylgdist með í fjöldahjálparstöð.  
Jóhann Thoroddsen, vann með hópnum áfallahjálp/sálgæsla, fylgdist með í flugstöð og á söfnunarsvæði aðstandenda

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

##### **Þátttaka deildarfólks**

Æfing sem þessi leiðir til aukinnar vitundar allra viðbragðsaðila á hlutverki þeirra og mannaflapörf lykilstöður sem og verkefnum og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Það hefði mátt hefði mátt vera meiri þátttaka frá nágrennadeildum sem auk Ísafjarðardeildar hafa hlutverki að gegna í séráætluninni fyrir Ísafjarðarflugvöll og yrðu kallaðar til starfa í neyðaraðgerðum.

- *Deildarfólk hefði mátt hefja undirbúning sinn fyrir, þ.e. deildir að halda sameiginlegan fund vegna væntanlegrar æfingar.*

##### **Söfnunarsvæði aðstandenda**

Einnig er líklegt að þetta sé þjálfunarlegs eðlis.

- Ijúka við verkþáttaskipurit SÁBF fyrir fjöldahjálp, (fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda).
- Bæta við fræðslu í starfsháttum á SSA á fjöldahjálparstjórnanámskeiðum

##### **Fjarskipti, talstöðvar**

Svo virðist sem aðgerðastjórn hafi ekki haft vitneskju um að Ísafjarðardeild ætti talstöðvar og því var ekki gert ráð fyrir fjöldahjálparstö á fjarskiptaplani aðgerðastjórnar og því reyndi ekkert á talstöðvasamskipti hjá neyðarnefnd í æfingunni.

- Halda mætti talstöðvaæfingu allra viðbragðsaðila á Ísafirði

### **Fjöldahjálparstjórn** (staðsett í fjöldahjálparstöð)

Í upphafi var aðeins einn maður í stjórnstöð og þegar líða tók á aðgerð fékk hann sér aðstoðarmann til að snúast innan fjöldahjálparstöðvar og aðstoða í stjórnstöð.

- **Aldrei ættu að vera færri en tveir í stjórnstöð fjöldahjálparstjórnar**

### Undirmönnun

Það var greinileg undirmönnun á öllum póstum á æfingunni.

Skipulagið gerir ráð fyrir að fólk mæti í húsnæði deildar ( þar sem söfnunarsvæði aðstandenda var staðsett) og nái í lykil af fjöldahjálparstöð og fari síðan þangað.

Því varð einn aðili eftir á SSA og opnaði upplýsingasíma, en aðrir fóru í fjöldahjálpastöð og á flugvöll. Ljóst er að mikið álag er strax í upphafi á SSA þar sem aðstandendur bæði mæta á staðinn og hringja í upplýsingasímanúmer sem er auglýst.

- Strax í upphafi ætti að gera ráð fyrir fleirum í umönnun á SSA

### Söfnunarsvæði aðstandenda

Skerpa hefði mátt á stjórnuninni og hlutverkum þeirra sem unnu inn á SSA. Að hluta til má skýra þá óreiðu sem var í byrjun með undirmönnun og gríðarlegu álagi. Einn aðili hefði mátt vera meira afgerandi stjórnandi sem hefði haft heildaryfirsýn yfir starfið og þær þarfir sem fram komu. Það þreytir þá sem eru í aðhlyningunni að þurfa að huga að öllu í senn og eins er gott að einhver einn geti skipt fólki út og yfir í önnur störf til að hvíla það.

Stjórnandi var fastur í símsvörun og hefði þurft aðstoðarmann. Óhentugt var að hafa í gangi 2 síma á tveimur skrifstofum, þrátt fyrir að þær hafi legið saman. Mikið var rætt um loftleysi á söfnunarsvæði aðstandenda.

- **Endurskoða húnæði fyrir söfnunarsvæði aðstandenda**

### Skráningar/upplýsingagjöf

Upplýsingar um fórnarlömb bárust seint sem olli óróa í kerfinu.

- Mikilvægt að hafa miðlæga úrvinnslu skráningar (helst utan héraðs) sem hægt er að leita til vegna aðstandenda sem eru að leita að upplýsingum um fórnarlömb bæði á söfnunarsvæði aðstandenda og í upplýsingasíma.

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

##### Fjöldahjálparstjórnarnámskeið

Haldið var fjöldahjálparstjórnarnámskeið á Ísafirði í mars og var einnig haldið námskeið í sálrænni og almennri skyndihjálpar fyrir sjálfboðaliðana. Þetta kom vel í ljós á æfingunni og var fólk meðvitað um verkefni sín og skyldur

##### Sálræn skyndihjálpar

Haldið var námskeið í sálrænni skyndihjálpar fyrir æfinguna og bauð Ísafjarðardeildin öllum sem vildu að mæta á námskeiðið, sem fjölmargir nýttu sér.

Síðustu dagana fyrir æfinguna sá Jóhann Thoroddsen um fræðslu fyrir Rauða kross fólk, flugvallarstarfsmenn og almenning.

##### Neyðarvarnaáætlun

Búið var að ljúka við endurskoðun neyðarvarnaáætlunar nokkru fyrir æfingu. eins bauð Ísafjarðardeild RKÍ sjálfboðaliðum á námskeið í sálrænni og almennri skyndihjálpar sem fjölmargir nýttu sér.

##### Landsskrifstofa Rauða krossins

- Neyðarvarnafulltrúi setti ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir þátttakendur í æfingunni á [www.redcross.is/neydarvarnir](http://www.redcross.is/neydarvarnir) netsíðuna. Þetta voru upplýsingar eins og flugslysaáætlunin fyrir Ísafjarðarflugvöll, fræðsludagskrá Rauða kross fólks, dagskrá æfingar. Þetta nýttist vel og verður þetta gert á næstu æfingum.

##### Bréf vegna æfingar

- Neyðarvarnafulltrúi og svæðisfulltrúi sendu öllum fjöldahjálparstjórum á svæðinu með gild skirteini bréf tveimur mánuðum fyrir æfinguna. Í bréfinu var æfingin kynnt og fólk hvatt til þátttöku og að hafa samband við deildina sína. Auk þess var bent á netsíðu RKÍ þar sem hægt væri að nálgast upplýsingar um æfinguna.

##### Þýðingar á merkingum í fjöldahjálparstöð

Óskað var eftir þýðingum á merkingum starfssvæða og var það unnið og setta á [www.redcross.is/neydarvarnir](http://www.redcross.is/neydarvarnir) þar sem það mun nýtast deildum í framtíðinni.

##### Aðstandendur

Á þessari æfingu gekk vel að fá fólk til að leika aðstandendur og biðfarpega og fjölmargir tóku þátt með því að hringja inn og fá upplýsingar.



### **Samvinna innan fjöldahjálpar**

Fjöldahjálparstjórn gekk vel að fylgjast með flæði síns fólks og því hver var hvar og var góð samvinna innan fjöldahjálpar.

Samvinna við aðgerðastjórn og samhæfingarstöð almannavarna  
Neyðarnefnd var strax frá upphafi aðgerðar í góðu sambandi við sinn fulltrúa í  
aðgerðastjórn og eins við fulltrúa Rauða krossins í samhæfingarstöð.

Aðstoð frá sjúkrahúsi

Í neyðarvarnaáætlun er búið að gera ráð fyrir tengslum milli neyðarnefndar  
og sjúkrahúss sem reyndi á í æfingunni. Óskað var eftir aðstoð við umönnun  
aðstandanda á söfnunarsvæði aðstandenda og var brugðist skjótt við þeirri  
beiðni og aðilar sendir umsvifalaust frá sjúkrahúsi.

#### **Leikur aðstandenda**

Jóhann Thoroddsen hélt utan um undirbúning aðstandendanna sem er lykillinn að góðri æfingu og má segja að á þessari æfingu  
hafi allt gengið upp. J TH. sá um að skrifa hlutverk fyrir aðstandendur og leikstýrði. Aðstandendurnir léku af mikilli innlifun og  
eiga miklar þakkir skildar. Mikið var um ungt fólk sem tók hlutverk sitt alvarlega og var leikurinn raunverulegur og góður.

#### **Umönnun aðstandenda**

**Fjöldahjálparstjórar og stuðningsaðilar fengu mismunandi útgáfur af viðbrögðum fólks  
vegna áfallastreitu til að glíma við og voru sumir allt annað en auðveldir. Rauða kross  
fólki í umönnun tókst að greiða úr flóknum og erfiðum aðstæðum þrátt fyrir  
undirmönnun.**

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

Sóknarprestur	Magnús Erlingsson
---------------	-------------------

## Yfirlit

Klukkutíma eftir flugslysið, rúmlega eitt var hringt í mig og ég beðinn um að mæta í fjöldahálparsstöð Rauða krossins fyrir aðstandendur. Þar voru samankomnir nokkrir aðstandendur; sumir órólegir, síspyrjandi og gangandi um gólf, aðrir í losti o.s.frv. Verkefni mitt var þar að spjalla við fólkið, reyna að róa það og vera starfsfólki Rauða krossins innan handar.

Nokkuð fljótlega barst mér í hendur farþegalisti en ekki var heimilt að sýna hann neinum. Laust fyrir kl. þrjú bárust þær upplýsingar að einungis tveir væru látnir, 25 mikið slasaðir og 12-13 lítið sem ekkert slasaðir og yrðu þeir útskrifaðir af sjúkrahúsinu á næsta hálf tímanum. Enginn nöfn fylgdu þessum upplýsingum og var skýrt tekið fram að þær væru trúnaðarmál.

Ég fór svo upp í hina fjöldahálparsstöðina í grunnskólanum til að taka á móti tólf-menningunum, sem komu þangað rúmlega hálf fjögur. Þá var hægt að taka niður nöfn þeirra og fara að vinna að því að koma boðum til fjölskyldna þeirra að þessir tólf væru heilir á húfi.

## Miðlun upplýsinga

Eins og sést á yfirlitinu þá reyndi aldrei á það að Rauði krossinn eða prestar miðluðu einhverjum upplýsingum til aðstandenda um afdrif ástvina þeirra. Slíkt verklag stenst engan veginn.

Miðlun upplýsinga hefst nefnilega strax og flugslysið verður. Mínútu eftir slysið hafa þeir, sem mættir eru á flugvöllinn, tekið upp gsm-símann sinn og hringt í allar áttir. Hávaðinn frá slysinu, eldur og reykur fara heldur ekki framhjá íbúum bæjains þar sem flugvöllurinn blasir við úr mörgum gluggum. Allt þetta fólk fer líka í símann og hringir út og suður.

Hálftíma eftir slys og jafnvel fyrr verða allir fréttamiðlar landsins farnir að flytja fréttir af slysinu. Dagskrár ljósvakamiðla verða rofnar og sagt frá slysinu. Klukkustund eftir slysið munu fyrstu myndirnar af eldinum, brakinu og björgunarsveitum að störfum birtast á skjánum; myndir teknar ofan úr Kirkjubólshlíð eða af eyrinni gegnt flugvöllinum eða á slysstaðnum sjálfum.

Það kom fram í máli Önundar yfirlögregluþjóns á rýnifundinum þann 9. maí að þrátt fyrir að allt lögregluliðið hefði mætt þá hefðu þeir ekki getað haldið fólki frá slysstaðnum (við raunuverulegt slys mætti jafnvel búast við að enn fleira fólk flyktist á slysstað). Önundur viðurkenndi að fréttamenn hefðu fengið "frítt spil í fyrstu" eins og hann orðaði það, enda fóru fréttamann inn á söfnunarsvæði slasaðra og tóku þar viðtöl við hina slösuðu. Þetta sýnir okkur að rúmum tveimur klukkustundum eftir flugslysið þá væri það raunhæfur möguleiki að fjölmiðlar væru farnir að birta á netinu og öldum ljósvakans viðtöl við þá, sem lifðu slysið af eða voru á staðnum og voru sjónarvottar að atburðinum.

Af framsögðu má ljóst vera hversu fráleitt það er að Rauði krossinn megi ekki og geti ekki miðlað upplýsingum af slysinu og afdrifum aðstandenda fyrr en í fyrsta lagi þremur og hálfri klukkustundu eftir slysið. Það þýðir í raun að almenningur og fjölmiðlar eiga og munu sjá um miðlun upplýsinga fyrstu þrjár til fjórar klukkustundirnar. Þetta eykur enn frekar líkurnar á að íbúar Ísafjarðarbæjar séu ekki að eyða tíma sínum til einskis við að hringja í eða heimsækja fjöldahálpastöðvar Rauða krossins heldur fari frekar beina leið á slysstaðinn til að leita sinna nánustu.

Þá má ennfremur geta þess að aðstandendur, sem hringdu til að leita upplýsinga um ástvini sína var vísað hingað og þangað: Hringdu á lögreglustöðina, hringdu í slökkvilið, hringdu á sjúkrahúsið, hringdu í stjórnstöðina í stjórnsýsluhúsinu, hringdu í flugfélagið, hringdu í Rauða krossinn. Á öllum þessum stöðum var hins vegar engar upplýsingar að fá.

### Tillögur til úrbóta

Það kom fram á rýnifundinum í máli Víðis, sem var í yfirstjórn æfingarinnar, að það hefði tekið þá tæpar fimm klukkustundir að gera upp alla nafnalista og fá þetta til að stemma og sjá út hvert hver og einn var fluttur. Víðir upplýsti ennfremur að tala látinna hefði reynst 15 þegar upp var staðið.

Mín tillaga til úrbóta er einfaldlega þessi: Slösuðum er safnað saman á tilteknum stað nærri slysstaðnum og þeir merktir grænir, gulir eða rauðir eftir því hversu mikið slasað fólk er. Síðan er þeir fluttir burt svo fljótt sem kostur er. Ég legg því til að þegar fólk er skráð út af græna, gula eða rauða svæðinu þá sé þeim upplýsingum komið áfram til Rauða krossins. Þá gæti Rauði krossinn sagt aðstandendum að þeirra ástvinur hefði verið fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði eða suður. Sérstaklega ætti þetta við um þá, sem eru á græna söfnunarsvæðinu.

Ég er enn fremur á því að tölur um fjölda slasaðra á söfnunarsvæðunum ætti að birta svo fljótt sem kostur er á vefsíðu Rauða krossins eða öðrum stað. Þetta segi ég vanga þess að almenningur og fjölmiðlar byrja strax að flyta fréttir. Ekki er víst að þau boð séu mjög nákvæm, - gætu jafnvel verið misvísandi, sérstaklega þegar viðtöl við sjónarvotta verða send út.

Niðurstaða:

Miðlun rétttra upplýsinga getur slegið á ótta aðstandenda.

Skortur á upplýsingum í margar klukkustundir eykur hins vegar á angist aðstandenda og það, sem verra er, ýtir undir þá tilfinningu að björgunaraðilar hafi litla yfirsýn eða stjórn á því, sem er að gerast. Hins vegar er ekki æskilegt að upplýsa um fjölda látinna eða nöfn þeirra fyrr en haft hefur verið samband við aðstandendur og þeir látnir vita.

Ritað af sr. Magnúsi Erlingssyni.

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

## Rannsókn og skráning

Steinar Steinarsson

Rannsóknarþættinum var gert skil á æfingunni að nokkru leiti. Áhersla var lögð á meðhöndlun og skráningu látna og líkamsparta á vettvangi og sáu Lúðvík Eiðsson og Svanur Elísson hjá kennslanefnd RLS um þann kennsluþátt.

Skoðuð voru þrjú sýnishorn af gerð uppdratta af vettvangi flugslysa úr handbók rannsakanda flugslysa sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) gefur út. Gátlisti fyrir lögregluna v/rannsókn flugslyss á léttu loftfari var kynntur.

Áhersla var lögð á verndun vettvangs með tilliti til rannsókna og í því samhengi haldið erindi um umgengni um flugslysavettvang með tilliti til rannsókna.

Boðun rannsakanda gegnum Neyðarlínu var hluti af æfingunni og var SMS sent klukkan 12:13 og síðan hringt klukkan 12:15 í bakvaktarsíma RNF og tilkynnt um að æfingin væri hafin. Nefndarmaður á bakvakt náði í framhaldi af því sambandi við alla nefndarmenn.

Starfsmenn rannsóknardeildar lögreglunnar komu á vettvang klukkan 12:35

### 1. Í skráningarhópi voru:

- Starfsmenn Sjúkrahúss og Heilsugæslu Ísafjarðar, Björgunarfélags Ísafjarðar, Rauðakrossdeildar Ísafjarðar og frá Rannsóknardeild lögreglunnar.
- Með heimamönnum starfaði Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur, á vegum Slysa- og bráðadeildar LSH, Herdís Sigurjónsdóttir RKÍ, Lúðvík Eiðsson og Svanur Elísson frá RLS og undirritaður.
- Við skráningu á söfnunarsvæðum störfuðu: (SSS-inn) Halldóra Karlsdóttir, Kristín Gísladóttir og Hjörtur Arnþórsson, (SSS-út) Guðrún Jónína Guðjónsdóttir, (SSÓ) Emma Rafnsdóttir og Sjöfn Kristinsdóttir.  
Í fjöldahjálparstöð sáu Þórunn Anna Elíasdóttir og Albertína Elíasdóttir um skráningu.

### 2a. Eftirlit með rannsóknarþætti:

- Steinar Steinarsson
- Lúðvík Eiðsson
- Svanur Elísson

### 2b. Eftirlit með skráningu á æfingunni:

- Steinar Steinarsson

### 3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

Kl.

12:09	Æfing hafin
12:11	Slökkvibíll FMS á vettvang (skaðasvæði)
12:12	Flugvallarbíll með kerru
12:13	Neyðarlínan tilkynnir RNF með SMS
12:18	Fyrsti lögreglubíll á vettvang (skaðasvæði)
12:21	Slökkvibíll og sjúkrabíll úr bænum á vettvang (skaðasvæði)
12:22	Tveir sjúkrabílar á vettvang (skaðasvæði)
12:27	Lögreglubíll
12:33	Björgunarsveitarbílar
12:35	Rannsóknarmenn lögreglu á vettvang
16:00	Rannsókn á vettvangi lokið ( eingöngu helstu þættir skoðaðir)
17:00	Skráningu lokið

### 4. Hvernig þótti verkþáttur skráningar ganga á æfingunni almennt?

Vel að öðru leiti en því að það seinkaði ferlinu að við skráningu vantaði meiri upplýsingar á blöðin og tvö fórnarlömb voru tvískráð.

Skráningin gekk upp þar sem allir 61 skjólstæðingar í slysinu voru skráðir.

15 látnir, 25 sendir til Reykjavíkur með flugi, 14 á sjúkrahús í héraði og 7 fluttir á fjöldahjálparstöð RKÍ.

**5. Það sem vel tókst til við skráningu.**

- a) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:
- Starfsaðilar skiluðu vel sínum hlutverkum.
  - Allir skjólstæðingar skiluðu sér í skráningunni.

**6. Það sem betur mátti fara og tillögur til úrbóta.**

- a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:
- Þáttur sunnanmanna.
- Skráning skjólstæðinga í hópslysi er stór þáttur í úrvinnslu og samræming milli viðbragðsaðila lyklatríði til þess að hún gangi upp. Prenta þarf leiðbeiningar aftan á skráningarblöðin til þess að auðvelda skráningarfólki störf. Nýju áverkamatsspjöldin voru ekki komin í endanlega útgáfu en tryggja þarf að spjöldin verði númeruð við endanlegan frágang þar sem sama númer komi fram á lituðum hliðum spjaldsins til þess að auðvelda skráningarmanni starfið.
- Þáttur heimamanna.
- Skyggðir reitir á skráningarblaðinu koma illa fram þegar sent er á faxtæki.
  - Skráningarblöð bárust seint í fjöldahjálparstöð.  
Annað sem úrskaiðis fór í skráningu má segja að sé afleiðing af kerfi sem er ekki fullmótað.

Steinar Steinarsson flugstjóri  
Rannsóknarnefnd flugslysa  
Hópstjóri, Rannsókn / Skráning

# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Lögreglan á Ísafirði -  
rannsóknardeild**

**Hlynur Snorrason**

1. Hvað hóp viðkomandi stýrði / starfaði í við undirbúning æfingarinnar.

Stýrði rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði og var staðgengill yfirlögregluþjóns á lögreglustöðinni á Ísafirði í upphafi, meðan hann sjálfur starfaði með lögreglustjóra í almannavarnan. Ísafjarðar.

2. Hvar viðkomandi var staddur á meðan æfingunni stóð (með hvaða verkþáttum / svæðum var fylgst).

Var fyrstu mínúturnar á lögreglustöðinni, hljóp í skarðið fyrir yfirlögregluþjón, eins og áður sagði. Fór síðan á áfallasvæðið og stýrði rannsóknarvinnu rannsóknardeildar lögreglunnar á Ísafirði þar.

3. Fjalla stutt um það hvernig æfingin þótti til takast.

Æfingin tókst vel. Útkall lögreglumanna, bæði þeirra sem voru á bakvakt og ekki tókst mjög vel með aðstoð Neyðarlínunnar. Ágætlega tókst að koma reglu á hlutina á áfallasvæðinu, miðað við aðstæðurnar, mannfjölda og fl. Ýmisir hnökror komu fram á æfingunni sem vert er að skoða og laga. Til þess var “leikurinn” jú gerður.

4. Nefna nokkur atriði sem **vel fór**, tengd þeim verkþáttum / svæðum sem viðkomandi fylgdist með.

a. Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis.

- Tengt flugslyshópnum.

Boðunin, útkall lögreglumanna og annarra, tókst mjög vel. Sjálfboðaliðar, sem leikarar, stóðu sig vel, og undirbúningur þeirra virtist vera til fyrirmyndar. Námskeiðshald og undirbúningur þeirra sem stýrðu æfingunni, fyrir hópana var öflugt og ætti að vera tæmandi, enda löng reynsla komin á það sem þarf að tilheyra undirbúningi slíkrar æfingar.

- Tengt heimamönnum

Heimamenn, hvort heldur atvinnumenn eða áhugamenn s.s. björgunarsveitarmenn, virtust leggja sig mjög vel fram og tóku af einlægni þátt í æfingunni.

b. Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.

- Hlutverk starfsaðila

- Stjórnun (innan viðkomandi starfseiningar og sem hluti af heildarstjórn)

- Samstarf / samvinna starfseininga

- Innra starf starfseiningar / verkþáttar

- Úrlausn tæknilegra / faglegra atriði.

5. Nefna nokkur atriði sem **fór ekki vel**, tengd þeim verkþáttum / svæðum sem viðkomandi fylgdist með.

☞ Ef hægt er; álykta af hverju viðkomandi atriði fóru ekki vel og koma með tillögur til úrbóta

a. Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis.

- Tengt flugslyshópnum.

Það er mjög gott að hafa nokkra leikara sem ætlunin er að eigi að leika látna eða fólk sem deyr af völdum áverka í SSS, en þegar búið er að úrskurða viðkomandi látinn þá þurfa að vera dúkkur tilbúnar í staðinn, sem fluttar eru yfir í SSL. “Líkin lifandi” urðu leið á að bíða og urðu óróleg, þetta skapaði óþarfa truflun fyrir lögreglu og aðra. Líkin komu gangandi eftir langan tíma í SSL og báðu um að mega fara, í staðinn fyrir að liggja þar og bíða, eðlilega. Þetta þarf sannarlega að laga.

Þá fékk rannsóknarhópurinn, rannsóknard. lögr. og rannsóknarn. flugslysaneftndar ekki nægan tíma til að ljúka ákveðnum grunnþáttum sem ætlunin var að sinna á vettvangi. Hreinsun var hafin snemma

vegna komu áætlunarflugvélar á völinn. Þarna var ekki ætlunin að gera mjög mikið, en ljúka ákveðnum grunnþáttum, s.s. merkingu mikilvægra sönnunargagna á vettvangi, fara og fl.

- Tengt heimamönnum

Flöskuháls myndaðist í SSS gagnvart SSL. Þeir aðilar sem voru fluttir með áverka í SSS og voru síðan úrskurðaðir látnir þar voru færðir inn í rými inn af SSS. Þessi "lík" voru ekki færð í SSL heldur látin bíða í afryminu. Á meðan beið lögreglumaður með eitt lík (dúkku) í SSL. Skilst að þarna hafi verið um að kenna mannaflaskorti til aðstoðar læknum og hjúkrunarliði í SSS.

b. Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðilis.

- Hlutverk starfsaðila

- Stjórnun (innan viðkomandi starfseiningar og sem hluti af heildarstjórn)

Veit ekki hvort eftirfarandi athugasemd á við hér, en alvarleg mistök urðu hjá greiningarsveitinni á slysavettvangi, eða þeim sem sá um fluttning fólks af vettvangi í SSS eða SSL. En þannig var að a.m.k. 2 látnir voru fluttir með sjúkrabifreiðum af svæðinu án vitundar lögreglu eða rannsóknarn. flugslysa og það áður en nokkir aðrir slasaðir höfðu verið fluttir af áfallasvæðinu.

- Samstarf / samvinna starfseininga

- Innra starf starfseiningar / verkþáttar

- Úrlausn tæknilegra / faglegra atrið.

---

**Læt þetta gott heita að sinni.**

**Með bestu kveðjum,  
Hlynur Snorrason  
lögreglufulltrúi.**



## **KAFLI 6**

# **Samhæfingarstöð**



# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Samhæfingarstöð í Skógarhlíð**

**Gyða Árný Helgadóttir**

27. maí 2004

1. Hópstjóri samhæfingarstöðvar, Reykjavík

2. Stjórnandi í samhæfingarstöð almannavarnadeildar Skógarhlíð

3. Segja má að æfingin hafi tekist mjög vel. Samhæfingarstöðin tók fullan þátt í æfingunni en stór hluti æfingarinnar í samhæfingarstöð var skrifborðsæfing. Að þessu sinni reyndi mjög á einstakar starfsstöðvar í samhæfingarstöð en lögð var áhersla á að æfa loftbrú fyrir sjúkraflutninga, flutning sjúklinga í Reykjavík og skráningu fórnarlamba. Geta má að nýtt skipulag loftbrúar vegna sjúkraflutninga var æft í fyrsta sinn í þessari æfingu.

4. Þau atriði sem fóru sérstaklega vel í æfingunni:

a. Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis.

- Loftbrúin var skipulögð fyrir þessa æfingu. Það skipulag virkaði vel og sú vinna sem farin var út í, skilaði sér vel þó ýmislegt kom fram sem betur má fara (Sjá neðar)
- Fyrir æfinguna var haldinn fundur með hjálparliðum samhæfingarstöðvar þar sem farið var yfir hvað til stæði að æfa, skipulag loftbrúar, ásamt kynningu á því sem var æfingarlegs eðlis s.s. bakskipulag vegna loftbrúar og sjúkraflutninga. Þessi undirbúningur skilaði sér mjög vel í æfingunni og mun skila sér í þeim aðgerðum sem eiga eftir koma.

b. Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.

- Samvinna framkvæmda við AS í héraði var góð - AS vann mjög markvisst.

5. Þau atriði sem betur mátti fara í æfingunni.

a. Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis.

- Loftbrúin var leikin á skrifborði og hluti bakskipulags vegna þess var í höndum fulltrúa FMS í samhæfingarstöð. Þetta skapaði of mikið álag á þann aðila. Þegar æfa á loftbrú þarf að bæta bakskipulag vegna hennar, þ.e. að vélararnar séu leiknar, turn á brottfararstað og að upplýsingar sem þessir aðilar hafa séu raunhæfar hverju sinni.
- Þörf er á að hafa bakskipulag varðandi sjúkraflutninga á þeim stað sem tekið er við sjúklingum, (Reykjavík í þessari æfingu) þegar æft er flutningur sjúklinga alla leið eins og gert var að þessu sinni.
- Þörf er á fræðslu um SÁBF innan samhæfingarstöðvar m.t.t. sambandsleiðir / upplýsingastreymi.
- Auka þarf þjálfun og upplýsingar fyrir byrjendur.

b. Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.

- Eins og áður sagði virkaði skipulag loftbrúar mjög vel en gera verður ráð fyrir að flytja bjargir með loftbrú til áfallasvæðis. Því verður að setja það í skipulag loftbrúar að velja þær flugvélar sem eiga ekki að taka sætin úr fyrr en komið er á áfallasvæði
  - e) Í sumum vélum þarf mann með sérþekkingu til að taka sæti úr (flugvirki/hlaðmaður).
  - f) Gera þarf ráð fyrir fylgdarmönnum með sjúklingum í flugi.
  - g) Athuga þarf hvort heilbrigðisstarfsmaður þarf að fylgja með flugvél á slysstað. Kanna hvort bæta þurfi þessu atriði í áætlanir.
  - h) Þarf að bæta bakskipulag vegna loftbrúar.
- Mikil þörf er á að hafa utanumhald um loftbrú, bjargir, stöðu slasaðra og flutningur slasaðra í “aðgerðastjóranum”. Hér kom berlega í ljós hversu mikil þörfin er á að hafa aðgerðastjóran og 112 kerfið samtengt eða að setja aðgerðastjóran inn í 112 kerfið.
  - b) Mikilvægt að fá skráningarupplýsingar með sjúklingum á áfangastað.

- Nauðsynlegt er að hafa sjúkraflutningaskýrslur 112 er varða atburðinn aðgreindar frá þeim daglegu.
    - b) 112 getur stofnað flugflutning og skráð kennitölur allra sem eru um borð í flugvélinni.
  - Skráningamál.
    - a) Skoða þarf hvort til of mikils sé ætlað að fá skráningaupplýsingarnar með sjúklingum og aðrar upplýsingar um afdrif fórnarlamba u.þ.b. 2-3 klst. eftir að atburður hefur orðið. Skráningaupplýsingarnar bárust ekki fyrir en í lok æfingarinnar þ.e. löngu eftir að sjúklingarnir voru komnir á móttökusjúkrahús en loftbrúin er skrifuð miðað við það að fá umræddar upplýsingar í faxi þegar sjúklingur er fluttur úr héraði.
    - b) RKÍ hefur það hlutverk halda utan um skráningu, sjá um SSA og upplýsa aðstandendur um afdrif þeirra nánustu. Því er mikilvægt að upplýsingar berist þeim svo hratt og kostur er.
- Hugsanlegar úrbætur er að bæta fræðslu þeirra sem sinna skráningu í héraði og að allir sem koma að skráningu skilji heildarferlið.
- Faxið hjá AS blokkeraðist vegna sendingar á boðunarskýrslunni. Þörf er á að fá útprentunina frá 112 minna sundurliðaða, það nægir að fá útprentun á fjölda útboðaðra frá hverri einingu ekki þörf á upplýsingum um einstaklingana.
  - Þörf er á að skrifa fjarskipti milli umdæma inn í áætlanir.
  - Mistök voru gerð varðandi skipulag boðleiða frá prestum. Skrifað var kvöldið fyrir æfinguna, að prestur yrði í samhæfingarstöð sem svaraði beiðnum beint frá prestum á Ísafirði. Prestar eru ekki hluti af áhöfn samhæfingarstöðvar og var hlutverk presta því leikin á Ísafirði af aðila æfingarinnar.
    - a) Upplýsingar um þetta breytta skipulag, sem er algjörlega til hliðar við það skipulag sem unnið er eftir, barst til samhæfingarstöðvar 1 klst. fyrir æfingu. Breytingar á skipulagi þarf að fara í gegnum þá aðila sem sjá um að skrifa þá neyðaráætlun sem unnið er eftir og því eiga breytingar sem þessar ekki að fara í þennan farveg.
    - b) Í aðgerðum verða beiðnir heimamanna alltaf að fara í gegnum aðgerðarstjórn heimamanna og þaðan til samhæfingarstöðvar í Skógarhlíð.
    - c) Eftir að samhæfingarstöð var flutt í Skógarhlíð hefur orðið breyting varðandi presta. Útkallskerfi presta er ekki eins og annarra starfseininga, þ.e. að þeir hafa hlutverk á mörgum stöðum s.s. á sjúkrahúsum, í fjöldahjálparstöðvum og í skipulagi lögreglu. Eina beina aðkoma presta að skipulagi almannavarna er í stóruþkollum og æfingum þegar æfð eru viðbrögð í stjórnstöð landsskrifstofu RKÍ, en prestar eru hluti af stuðningsaðilum landsskrifstofunnar. Í þessum tilfellum eru héraðsprestar kallaðir til aðstoðar varðandi upplýsingagjöf til aðstandenda og samskipti við aðra presta. Mikilvægt er að ljúka vinnu við skipulag vinnu presta á landsvísu og aðlaga því skipulagi sem fyrir er og tryggja með því auðveldari samskipti og samvinnu við aðrar starfseiningar í aðgerðum. Þetta þarf að skoða undir stjórn almannavarnardeildar ríkislögreglustjórans. Það breytir því ekki að prestar geta eftir sem áður leitað faglegra ráða hver hjá öðrum á æfingum og í útköllum án þess að það fari í gegnum aðgerðarstjórn eða samhæfingarstöð svo framalega sem það varðar ekki stjórnun aðgerða. Mikilvægt er í framtíðinni að ræða æfingaplan við æfingastjórn tímanlega fyrir æfingu svo þetta gerist ekki aftur.

# **Viðaukar**



# Flugslysæfingin Ísafjörður 2004

**Fundargerð rýnifundar**

**Kristján Torfason**

**Árni Birgisson æfingastjóri FMS** setti fundinn og kynnti dagskrá fundarinn og sagði að tilgangur fundarinn væri að púsla saman heildarmyndinni og draga fram lærdóm af æfingunni.

**Sigurður Ó. Sigurðsson FMS** sýndi myndir frá æfingunni og undirbúningi hennar. Hann sagði að gestir sem komu og fylgdust með æfingunni hafi verið mjög ánægðir og þeir hafi séð atburðinn í nýju samhengi.

**Vigdís Agnarsdóttir RKÍ** sagði að um 70 leikarar hafi tekið þátt í æfingunni og væri það mjög gott. Hún sagði að mikill tími færi í svona æfingu hjá leikurum, bæði við undirbúning og á æfingunni sjálfri en þá þurftu leikarar að byrja milli kl. 7 og 8 um morguninn. Förðun leikara, sem var í höndum heimamanna var mjög góð. Leikarar tóku þátt í könnun varðandi meðferð þeirra og greiningu og var margt athyglisvert sem kom þar fram. Einnig komu fram margar gagnlegar ábendingar á viðrunarfundi eftir æfinguna. Undirbúningur heimamanna var mjög góður og þakkaði hún þeim Haraldi Júlíussyni og Önundi Jónssyni sérstaklega fyrir þeirra vinnuframlag við undirbúninginn.

**Rósamunda Baldursdóttir vettvangsstjóri** sagði að vel hafi gengið að tryggja vettvang þrátt fyrir að hann væri stór. Hún sagði að hún hafi farið fyrst á vettvang en síðan fært sig í aðstöðu í nýja flugturninum og sagði að það hafi verið góð staðsetning fyrir vettvangsstjóra. Vettvangsstjórn var kominn í samband við aðgerðarstjórn um kl. 12:50. Hún sagði að skipulag á björgun hefði getað gengið betur en þáttur sjóbjörgunar hafi bundið nokkuð af mannskap. Hún sagði að mikið kraðak hafi verið á fjarkiptarásinni og hefði hún átt að taka á því. Einnig hefði verið æskilegt að notast við headset í vettvangsstjórn. Sumun gekk illa að ná sambandi við vettvangsstjórn og voru t.d. öll samskipti við flugturninn á GSM. Upplýsingar bárust ekki nógu vel milli aðgerðarstjórnar og vettvangsstjórnar. Fjölmiðlaþátturinn gekk greiðlega og upplýsingaflæði milli vettvangsstjóra og verkþáttastjóra gekk vel. Hún sagði að á staðnum væri mikið af góðu fólki til að takast á við atburð sem þennan og þakkaði fyrir góða æfingu.

**Rannveig Björnsdóttir aðhlyningarstjóri** sagði að boð hafi borist um kl. 12:15 og fyrsti bíll frá sjúkrahúsinu hafi verið kominn á svæðið um kl. 12.30 með 5 manns og hafi 3 farið á vettvang en 2 inn á SSS til að undirbúa svæðið og hafi það verið tilbúið fljótlega. Alls hafi 4 bílar komið frá sjúkrahúsinu. Hún sagist fljótlega hafa óskað eftir fjarskiptamanni og einnig beðið um hjálparliða inn á SSS en þeir komu aldrei og hafi hún þá beðið um aðstoð frá sjúkrahúsinu og fékk 3 menn þaðan. Starfsfólk sjúkrahússins var að flytja sjúklinga til innan SSS og var það mjög slæmt. Slökkvilið Bolungarvíkur kom síðan á staðinn og bauð fram aðstoð og var hún vel þegin. Æskilegt er að flytja græna fljótar af SSS inn á sjúkrahús. Fjarskipti gengu erfiðlega t.d. vegna mikills álags á kerfinu. Samskipti við aðgerðarstjórn og hópslysastjórn sjúkrahússins voru með GSM.

**Önundur Jónsson gæslustjóri** sagði að erfitt hafi verið að hemja aðstandendur. Hann sagði að útkall lögreglu hafi verið leikið í rauntíma og hafi menn beðið í eðlilegann tíma áður en lagt var af stað í útkallið. Hann sagði að fleiri lögreglumenn hafi vantað og ekki hafi verið staðið alveg rétt að lokunum. Einnig var gæslustjóri staðsettur of langt frá vettvangi. Hann sagði að mikið af bílum hafi verið á vettvangi og hann skemmdur. Þó að björgun fórnarlamba væri alltaf í forgangi yrðu menn að hafa rannsóknarvinnuna í huga og reyna að hrófla ekki meira við vettvandi en nauðsynlegt væri. Formleg afhending á vettvangi til rannsóknar fór ekki fram. Hann sagði að þyrja Landhelgisgæslunnar hafi lennt og ekið innanum fólk og það væri ekki nógu gott. Hann þakkaði ráðgjafhópnum fyrir aðstoðina og sagðist vona að allir hafi lært eitthvað af æfingunni.

**Jóhann Hákonarson flutningsstjóri** sagði að flutningar hefðu gengið vel og ekki hafi verið mikið um bið. Innri lokun hefði mátt vera skýrari.

**Sigríður B. Guðjónsdóttir aðgerðarstjóri** sagði að í heildina hafi æfingin gengið mjög vel. Mjög vel hafi gengið að fá leikara til að taka þátt í æfingunni. Einhverjir hnökra hafi verið á fjarskiptum, skráningu og upplýsingastreymi. Hún þakkaði Guðbirni Charlessyni umdæmisstjóra FMS, Þorbirni Sveinssyni og björgunarfélagunum fyrir þeirra þátt í undirbúningi æfingarinnar.

**Þorsteinn Jóhannsson yfirlæknir** sagði að allur undirbúningur fyrir æfinguna hafi gengið mjög vel. Boðun gekk vel og komu 50 manns í hús en fyrir voru 12. Greiningasveit fór úr húsi eftir 18 mínútur og gat flutt allt sitt dót í eigin bílum. Hann sagði að öll aðstaða hjá FMS væri til fyrirmyndar. Hann sagði að skráning inn á svæðið hafi verið ábótavant og það vantaði illilega hjálparfólk en beiðni um það var ekki svarað. Þetta varð til þess að greiningarfólk varð sjálft að flytja til börur inni á SSS. Þeir sem voru merktir grænir áttu að flytjast á sjúkrahús mun fyrir og er hægt að flytja þá í venjulegum fólksbílum. Frá sjúkrahúsinu komu 24 manns inn á svæðið. Birgðir fóru í óreyðu og skortur var á súrefni. Lyfjalisti var ekki rétt uppfærður. Hann lýsti ánægju sinni með að heilbrigðisráðherra skildi koma á æfinguna og þakkaði kærlega fyrir og vonaði að allir hafi lært vel af æfingunni.

**Magnús Erlendsson prestur** sagði að áfallahjálparstjórnin hafi slysstað og héldi síðan áfram alla leið í gegnum ferlið. Hann sagði að það hafi vantað mannskap á svæðið og því hafi sjúklingar verið afskiptir. Á svæðinu var frönsk stúlka sem enginn hafi lagt í að tala við. Nauðsynlegt væri að senda einstaklinga inn á svæðið sem ætti auðvelt með að tala við fólk. Viss óþægindi stöfuðu af því að vera með SSA og fjöldahjálparina á sitt hvorum staðnum. Hann sagði að mikilvægt væri að vera með upplýsingar til aðstandenda sem fyrst og þær verði að vera réttar og alls ekki að liggja á þeim. Aðstandendum þarf að beina á einn stað en ekki vísa þeim annað eins og gerðist í einhverjum tilfellum. Hann þakkaði fyrir góða æfingu.

**Árni Traustason RKÍ** sá um fjöldahjálparstöðina. Þar störfuðu 15 manns frá Ísafirði, 2 frá Bolungarvík, 3 frá Súðavík, og 2 frá Reykjavík auk þess 3 prestar. Þangað voru fluttir 7 óslasaðir. Hann sagði að húsnæði SSA væri óhentugt en þangað komu 16 aðstandendur. Góð samvinna var innan fjöldahjálpar og við aðgerðarstjórn en taka þarf SÁBF kerfið betur í gagnið.

**Snorri Hermannsson almannavarnanefnd Ísafjarðar** talaði um skráningarmál og sagði að það vantaði betra skipulag og það væri hægt að endurbæta þessi mál mikið. Það þarf að læra vel af svona æfingu og sníða agnúana af. Fulltrúar Rauða krossins sátu nú í fyrsta skipti í aðgerðarstjórn og taldi hann það gott. Einnig voru fulltrúar svæðisstjórnar björgunarsveita í aðgerðarstjórn og væri það mjög gott þar sem þetta fólk þekkti mjög vel til við svona aðgerðir. Allir voru rólegir og yfirvegaðir í aðgerðarstjórn. Boð voru send til 405 aðila og staðfestu 365 boðin en 40 höfnuðu þeim. Hann þakkaði fyrir frábæra æfingu og sagði að fleyri æfingas sköpuðu meira öryggi.

**Eggert Stefánsson Björgunarfélagi Ísafjarðar** sá um fjarskiptamál og var í vettvangsstjórn. Einhverjir hnökror voru á fjarskiptum. T.d. var sambandsleysi var milli flugturns og slökkviliðs á leið á vettvang. Mikið kraðak var á rás 5 og átti vettvangsstjórn að grípa inni það. Þyrla LHG átti að vera á rás 5. Vettvangsstjórn var ekki nógu dugleg við að koma frá sér upplýsingum.

**Heimir Már Pétursson upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar** sagði að fjölmiðlar hafi leikið vel með. Upplýsingar voru komnar snemma í fjölmiðla. Hann sagði að tilkynningar sem væu sendar til fjölmiðla þyrftu einnig að fara í dreifingu til aðila sem væru að vinna við slysið.

**Víðir Reynisson Almannavarnadeild RLS** sagði þessa æfingu hafa verið kærkomið tækifæri til að láta reyna á samhæfingarstöðina í Skógarhlíð. Hún var virkjuð og fullmönnuð og var öll vinna þar mjög raunveruleg. Hann flutti góðar kveðjur frá öllum í samhæfingarstöðinni.

**Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur LHS** sagði að hugsanlega hafi fólki ekki verið kennt nógu vel á skráningarblöðin fyrir æfinguna.

**Kristján Torfason Flugmálastjórn** sagði að turnmaður hafi unnið sína vinnu af miklu öryggi og fagmennsku. Boðun gekk mjög vel bæði innan vallar og til Neyðarlínu. Fjarskipti á rás 5 gengu illa og þurfti að notast við GSM kerfið í samskiptum við vettvangsstjórn. Endurskoða þarf hvar biðsvæði bjarga er staðsett og hvar ökutækjum er lagt eftir að þau hafa lokið störfum á vettvangi. Þessum tækjum var lagt á flughlaðið og olli það töfum á ímynduðu sjúkraflugi og einnig getur þetta skapað hættu ef um raunverulega umferð flugvéla er að ræða eins og var á æfingunni þ.e. þyrla LHG, flugvél flugmálastjórnar og áætlunarvél FÍ. Reynt var að líkja eftir sjúkraflugi og tókst það mjög vel. Það getu þó boðið heim misskilningi þegar um ósýnilegar flugvélar er að ræða. Ekki var gert ráð fyrir því að fylgdarmenn væru í sjúkraflugvélum sem fluttu sjúklinga af svæðinu og þarf að athuga það.

**Rolf Tryggvason Slökkviliði Akureyrar** sagði að æfingin hafi gengið vel í heildina og lagði áherslu á að sjúkraflutningamenn fái aukna menntun.



**Jón Ólafur** sagði að mannekla væri sennilega afleiðing fyrri æfinga en oft kæmi það fyrir að björgunaraðilar sem koma á staðinn lendi bara í bið og fái engin verkefni. Skipuleggja þarf aðgerðir þannig að allir fái eitthvað að gera annars verða menn tregir til að taka þátt í svona æfingum. Fjarskipti þarf að laga m.a. með að fjölga sendum og rásam. Hann sagði einnig að “pappírsflug” hefði átt að notast við fleiri sendibíla til að komast hjá því að notast við ósýnilegar flugvélar. Einnig sagði hann að sjóþáttur verði að vera með þegar um flugvöll eins og Ísafjörð er að ræða sem er mikið umluktur sjó.

**Önundur Jónsson** sagði að fyrstu lögreglumenn sem komu á vettvang höfðu það mikið að gera að þeir gátu ekki haft hemil á fréttamönnum

**Haraldur Júlíusson** var í undirbúningi leikara og sagði að vel hafi tekist til en sagði að of fáir hafi tekið þátt. Hann sagði að Önundur hafi á heiðurinn af því að ná saman flestum leikurunum. Á æfingunni höfðu allir nóg að gera og lítil bið var á biðsvæði bjarga. Æskilegt væri að halda minni æfingar sem afmarkast við SSS. Æskileg hefði verið að koma óslösuðum strax í samband við aðstandendur, það hefði létt á sjúkrahúsinu

**Hlynur Snorrason** Rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði sagði að mikil vinna væri framundan við rannsókn eftir svona slys og björgunaraðila yrðu að hafa það í huga og passa sig á að spilla ekki vettvangi af óþörfu. Hann sagði að flutningar á látnum hafi hafist áður en allir slasaðir vou farnir af vettvangi. Alls ekki á að hreyfa við látnum. Æskilegt væri að merkja stað þar sem sjúklingar eru fjarlægðir. Skortur var á mannskap þegar þurfti að flytja látna. Ef sjúklingur deyr á SSS þá verður að skipta honum út fyrir brúðu.

**Jóhann Þór** sagði að skortur hafi verið á björgum og halda þyrfti slökkviliði uppteknu.

**Pálmi Stefánsson** sagði að um 30 mínútur hafi tekið að fynna farþega Cessnunar og eftir það hefði hann getað sett um 20 manns í land.

**Stefanía Gísladóttir** þakkaði fyrir að hafa fengið að taka þátt í æfingunni. Hún sagði að prestar hafi komið of seint inn í undirbúninginn. Hún sagði að prestar ynnu oft einir en uppúr stæði góð samvinna við ykkur hin.

**Sigrún María** lék gulann sjúkling en var greind græn. Hún taldi sig ekki hafa fengið góða þjónustu á SSS en mun betri eftir að hún kom á sjúkrahús. Hún þakkaði fyrir æfinguna og sagði að halda þyrfti fleiri æfingar.

**Hannes Óskarsson** lék sykursjúkann sjúkling. Hann sagði að sennilega hafi hann ofleikið og hefðu kanski mátt ruglast á því hvort hann væri að leika eða um raunveruleika væri að ræða.

**Árni Birgisson Flugmálastjórn** þakkaði öllum þátttakendum fyrir of sleit æfingunni.

Ísafirði 9. maí 2004

---

Kristján Torfason  
fundarritari

## Sambandslisti vegna flugslysæfingarinnar ÍSAFJÖRÐUR 2004

### Heimamenn

Starfseining (stofnun / samtök)	Nafn	Netfang	Vinnusími	Farsími	Hópur / stjórnandi
Bjsk. Gunnar Friðriksson	Guðmundur Þór Kristjánsson	stekkir@snerpa.is		894-9713	
Bjsv. ....	Eggert Stefánsson		456 4778	896 7717	3f
Bjsv. Björg Suðureyri	Hjálmar Þorvaldsson	bj.bjorg@isl.is		891-9253	
Bjsv. Dýri	Steinn Ólafsson	steini67@mi.is		868-4694	
Bjsv. Sæbjörg	Ívar Kristjánsson,*		456 7750		
Bjsv. Ernir Bolungarvík	Jón Sveinsson	js@mi.is		892-7469	
Bjsv. Kofri	Halldór Már Þórisson	boggaa@mi.is		893 7287	
Bjsv. Ernir	Bergur Karlsson		892 7469		
Bjsv. Tindar, Hnífsdal	Páll Hólm	palliogruna@simnet.is	hs:456 4108	891 7715	
Bjsv. Tindar, Hnífsdal	Magnús Helgason	magnus@tresmidi.is		893-1622	
Björgunarfélag Ísafjarðar	Jóhann Ólafsson	isinn@mmedia.is		863-1626	
Flugfélag Íslands	Arnór Jónatansson	arnorj@flugfelag.is	456-3000	895-7193	
FMS Ísafirði	Arnþrúður Aspelund	arnthrudur@caa.is	456-3450	895-7119	
FMS Ísafirði	Elvar Bæringsson	elvar@caa.is		845-7373	
FMS Ísafirði	Guðbjörn Charlesson	gudbjorn@caa.is		892-7842	
FMS Ísafirði	Hermann Halldórsson	hh@caa.is	456-3130	894-8286	1a og 3g
Ísafjarðarbær (bæjarstjóri)	Halldór				3e
Ísafjarðarbær (hafnarstjóri)	Guðmundur M Kristjánsson	hafnarstjori@isafjordur.is	456 3295	893 2988	
Lögreglan	Hlynur Snorrason				3d
Lögreglan	Jón Svanberg Hjartarson	vardstjori.isaf@tmd.is	456-4222	894-8836	
Lögreglan	Rósamunda Baldursdóttir	vardstjori.isaf@tmd.is	456-4222		2
Lögreglan	Þorkell				2c
Lögreglan	Önundur Jónsson	onundur@tmd.is	456-4100	899-4101	1b
Lögreglan (fulltrúi sýslumanns)	Ólafur Hallgrímsson	olih@tmd.is	450-3702	898-8646	
Lögreglustjóri	Sigríður Björk Guðjónsdóttir	sigridur.b@tmd.is	450-3700	863 3453	3 og 4
Rauði kross Íslands	Bryndís Friðgeirsdóttir	vestfirdir@redcross.is	456-3180	864-6754	
RKÍ Ísafirði-tengiliður	Árni Traustason	arni@vst.is arnitr@centrum.is	4563708	8649508	3c
Rauða kross deild Ísafjarðar	Bryndís Friðgeirsdóttir	vestfirdir@redkross.is	456 3180	864 6754	
Sjúkrahúsið	Ólafur Sigmundsson	olafur@fsi.is	456-4521	860-7459	
Sjúkrahúsið	Þorsteinn Jóhannsson	thorsteinn.johannesson@fsi.is thorsteinnjoh@simnet.is	456-4512		2b og 3a
Sjúkrahúsið og formaður RKÍ Ísafirði	Hörður Högnason	hordur@fsi.is	456-4500	894-0927	
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Hermann Hermannsson	vakt@isafjordur.is		862-6044	
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Kjartan Þórðarson				2a
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Kristján Finnbogason	vakt@isafjordur.is		892-9139	
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Sveinn H. Þorbjörnsson	xtc@simnet.is		896-2829	
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Þorbjörn J. Sveinsson	tobbi@isafjordur.is		893-0418	
Svæðisstjórn björgunarsveita	Eiríkur Jóhannsson	bbmbb@simnet.is		848-6025	

**Ráðgjafar / sunnan menn (SASON)**

Starfseining (stofnun / samtök)	Nafn	Netfang	Vinnu sími	Farsími	Hópar verkþættir
Biskupsstofa	Birgir Ásgeirsson				3b
Flugmálastjórn - fjölmiðlamál	Heimir M. Pétursson	heimirm@caa.is	569 4100	862-2868	3e
Flugmálastjórn - flugumferðastjórn	Bergþór N. Bergþórsson	bergthor@caa.is	569 4141	897-9522	3g
Flugmálastjórn - flugumferðastjórn	Kristján Torfason	kristjan@caa.is	569 4100	893-1165	1
Flugmálastjórn - flugvellir	Árni Birgisson	arnib@caa.is	569 7237	894-8272	1
Flugmálastjórn - flugvellir	Sigurður Ó. Sigurðsson	sigurduro@caa.is	569 4304	661 7161	1
Landsp. Fossv. / Landl.emb. - hjúkrunarfr.	Margrét Blöndal	marblond@landspitali.is	543 2095	824 5483	3b
Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Guðbjörg Pálsdóttir	guggap@landspitali.is	543 1000	824-5283	3a
Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Bára Benedikts	baraben@landspitali.is	543 1000	862-1780	2b
Landspítali Fossvogi - læknir	Jón Baldursson	jonbald@landspitali.is	543 1000	824-5282	3a
Lögreglan ?	?				2c
Rannsóknarnefnd flugslysa	Steinar Steinarrson	steinarst@islandia.is		660-0337	3d
Rauði kross Íslands	Herdís Sigurjónsdóttir	herdis@redcross.is	570 4048	899 2456	3c
Rauði kross Íslands - leikarar / förðun	Vigdís Agnarsdóttir	vigdis@redcross.is	570 4036	894 9483	1b
Rauði kross Íslands - sálræn skyndihj.	Jóhann Thorodsen ?	johann.thoroddsen@redcross.is	570 4037	860 4744	3b
Ríkislögreglustjórnin - almannavarnir, vettvangstj.	Víðir Reynisson	vidir@rls.is	568 6710	864 1759	2 og 3
Ríkislögreglustjórnin - fjarskiptamiðstöð	Jónína S. Sigurðardóttir	jonina.fml@rls.is	570 2600	897 6505	3f
Ríkislögreglustjórnin - kennslanefnd	Bjarni Bogason	bjb@rls.is	570 2530		3d
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Atli Már Markússon	atli@landsbjorg.is	570 5900	699-0610	2d
Slökkvilið Akureyrar - þjálfun á flugvöllum	Jóhann Þór Jónsson	johannj@akureyri.is	461 4200	899-1073	1a
Slökkvilið Akureyrar - þjálfun á flugvöllum	Ingimar Eydal	ingimareydal@akureyri.is	461 4202	862-2173	3g
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Jón F. Jóhannsson	jon.fridrik.johannsson@shs.is	570 2040	862-7272	2a
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Árni Ómar Árnason	arnioa@mmedia.is	570 2040	896 6177	2a

**Samhæfingarhópur (starfar fyrir sunnan)**

Starfseining (stofnun / samtök)	Nafn	Netfang	Vinnu sími
Ríkislögreglustjórnin - samhæfing	Gyða	gyda@rls.is	
Neyðarlína	Kristján Hoffmann	kristjan.hoffmann@112.is	570 2000